



Skýrsla Fjármálaskrifstofu

Við framlagningu nýu mánaða uppgjörs Reykjavíkurborgar 2015

Lagt fram í borgarráði

26. nóvember 2015

Borgarráð

Árshlutareikningur Reykjavíkurborgar fyrir 1. janúar – 30. september 2015 samanstendur af samstæðuuppgjöri, A og B hluta, og uppgjöri A hluta sem samanstendur af Aðalsjóði, Eignasjóði og Bílastæðasjóði. Rekstur innan A hluta er að hluta eða öllu leyti fjármagnaður með skatttekjum. Leiga fasteigna, gatna, áhalda, tækja og búnaðar er reiknuð í samræmi við reglur og leiðbeiningar um reikningsskil sveitarfélaga, þar sem eignir eru eignfærðar hjá Eignasjóði og leigðar til Aðalsjóðs. Til B hluta teljast eftirtalin fyrirtæki og rekstrareiningar sem eru að minnsta kosti í helmingseigu borgarinnar: Faxaflóahafnir sf., Félagsbústaðir hf., Íþróttta- og sýningahöllin hf., Malbikunarstöðin Höfði hf., Orkuveita Reykjavíkur, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs., Sorpa bs. og Strætó bs, auk Aflvaka hf og Jörundar ehf. Rekstur Slökkviliðs og Strætó er að mestu fjármagnaður með framlögum eignaraðila og eru framlögin gjaldfærð hjá Aðalsjóði. Hluti af tekjum Íþróttta- og sýningahallarinnar og Sorpu koma frá Aðalsjóði. Að öðru leyti eru fyrirtæki B hluta rekin á grundvelli almennra þjónustutekna.

Rekstrarniðurstaða samstæðu Reykjavíkurborgar, A og B hluta, var neikvæð um 2.426 mkr en áætlun gerði ráð fyrir að rekstur samstæðunnar yrði jákvæður um 6.297 mkr sem var 8.723 mkr eða 139% undir áætlun. Afkoma samstæðunnar er 13.511 mkr verri í ár heldur en hún var á sama tíma í fyrra.

Rekstrarniðurstaða A hluta var neikvæð um 8.493 mkr en áætlun gerði ráð fyrir að hún yrði jákvæð um 287 mkr. Niðurstaðan var því lakari en gert var ráð fyrir, sem nam 8.780 mkr. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði var neikvæð um 7.699 mkr en áætlun gerði ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu um 836 mkr. Niðurstaðan fyrir fjármagnsliði var því 8.536 mkr lakari en áætlun gerði ráð fyrir.

Rekstrarniðurstaða Aðalsjóðs var neikvæð um 11.352 mkr en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að niðurstaðan yrði neikvæð um 3.749 mkr og var niðurstaðan því um 7.603 mkr verri en áætlað var sem einkum má rekja til hækkunar lífeyrisskuldbindingar á tímabilinu.

Rekstrarniðurstaða Eignasjóðs var jákvæð um 2.259 mkr sem var 1.319 mkr lakara en áætlað var. Helstu skýringar þess má rekja til tekna af sölu fasteigna og byggingaréttar sem reyndust 515 mkr undir áætlun. Auk þess var nettó fjármagnskostnaður 378 mkr umfram áætlun.

Rekstrarniðurstaða Bílastæðasjóðs var jákvæð um 213 mkr en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að niðurstaðan yrði jákvæð um 80 mkr og var niðurstaðan því 133 mkr betri en áætlað var.

Skýrsla Fjármálaskrifstofu til borgarráðs við framlagningu árshlutareiknings Reykjavíkurborgar fyrir 1. janúar – 30. september 2015 er unnin með svipuðum hætti og fyrri skýrslur með ársreikningum og árshlutareikningum. Tilgangurinn með skýrslunni er að gefa borgarráði glögga mynd af meginniðurstöðum uppgjorsins vegna stefnumótunar og eftirlitshlutverks borgarfulltrúa.

Birgir Björn Sigurjónsson,
fjármálastjóri

1. Samandregnar niðurstöður og helstu ábendingar	1
2. Samstæðan	3
3. A hluti	5
3.1 Fjármagnsliðir A hluta	8
3.1.1 Skulda- og áhættustýring	9
3.2 Aðalsjóður	11
3.3 Eignasjóður	13
3.3.1 Fjárfestingar Eignasjóðs	13
3.4 Bílastæðasjóður	15
3.5 Greining innkaupa A hluta	16
3.6 Fjármögnun verkefna sem unnin eru fyrir ríkið	19
3.7 Lykiltölur mannauðs	20
3.8 Kynjuð fjárhags- og starfsáætlun	23
4. Nánar um A hluta	25
4.1 Aðalsjóður	25
4.1.1 Íþróttá- og tómstundasvið	25
4.1.2 Menningar- og ferðamálasvið	27
4.1.3 Skóla- og frístundasvið	29
4.1.4 Umhverfis- og skipulagssvið	35
4.1.5 Velferðarsvið	37
4.1.6 Miðlæg stjórnsýsla	42
4.1.7 Sameiginlegur kostnaður	43
4.1.8 Framlög til B hluta fyrirtækja	44
4.2 Eignasjóður	45
4.2.1 Skrifstofa eigna- og atvinnuþróunar (SEA)	45
4.2.2 Umhverfis- og skipulagssvið (ES)	46
5. Nánar um B hluta	47
5.1 Faxaflóahafnir	47
5.2 Félagsbústaðir	47
5.3 Orkuveita Reykjavíkur	49
5.4 Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs	51
5.5 SORPA bs	53
5.6 Strætó bs	54
Viðauki 1: Kennitölur	56
Viðauki 2: Um B hluta fyrirtæki	59
Viðauki 3: Árshlutauppgjör Aðalsjóðs	60
Viðauki 4: Árshlutauppgjör Eignasjóðs	64
Viðauki 5: Árshlutauppgjör Bílastæðasjóðs	68
Viðauki 6: Innheimtuárangur	72

1. Samandregnar niðurstöður og helstu ábendingar

Samstæðan

Rekstrarniðurstaða var neikvæð um 2,4 mkr. Áætlun gerði ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu upp á 6,3 mkr. Rekstrarniðurstaða sama tímabils 2014 var jákvæð um 11,1 mkr. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði var jákvæð um 6 mkr eða rúmum 7,7 mkr undir áætlun.

Skatttekjur voru 51,2 mkr eða rúmum 0,7 mkr yfir áætlun.

Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga voru 4,1 mkr eða rúmum 0,3 mkr undir áætlun.

Aðrar tekjur voru 50 mkr eða um 1 mkr undir áætlun.

Launakostnaður var 42,3 mkr eða á pari við áætlun.

Hækkun lífeyrisskuldbindingar var 10,1 mkr eða 8,3 yfir áætlun.

Annar rekstrarkostnaður nam 35,5 mkr og var um 1,4 mkr undir áætlun.

Afskriftir námu 11,3 mkr en áætlun gerði ráð fyrir 11,1 mkr. Afskriftir sama tímabils 2014 voru 10,4 mkr.

Fjármagnsgjöld samstæðunnar að frádregnum fjármunatekjum námu 10,6 mkr. Fjármagnsgjöld samstæðunnar á sama tímabili 2014 námu 3,6 mkr. Viðsnúning á milli ára má að mestu rekja til áhrifa fjármagnsgjalda hjá OR sem námu 8 mkr og hækkuðu um 6,9 mkr frá sama tíma 2014. Það má einkum rekja til 6,8 mkr gjaldfærslu vegna gangvirðisbreytinga innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum vegna lækkandi álverðs.

Matsbreyting fjárfestingaeigna Félagsbústaða nam um 2,9 mkr sem rekja má til hækkunar á gangvirði fasteigna félagsins.

Heildareignir voru 514,8 mkr í lok tímabils en námu í ársbyrjun 504,4 mkr og hækkuðu um 10,4 mkr.

Eigið fé samstæðunnar nam 216,1 mkr í lok tímabils en í byrjun árs var eigið fé samstæðunnar 217,3 mkr. Þýðingarmunur¹ Orkuveitu Reykjavíkur hækkaði eigið fé samstæðunnar um 0,1 mkr og sérstakt endurmat fastafjármuna hækkaði eigið fé um 0,3 mkr.




Skuldbindingar samstæðunnar námu 28,7 mkr í lok tímabils en voru í byrjun árs 18,9 mkr. Lífeyrisskuldbindingin hækkaði um 8,8 mkr og tekjuskattskuldbinding hækkaði um tæpan 1 mkr.

Langtímaskuldir samstæðunnar lækkuðu frá áramótum um 0,1 mkr og stóðu í 226,2 mkr í lok tímabils en voru 226,3 mkr í ársbyrjun. Greidd voru upp langtímalán og leiguskuldir að fjárhæð 12,2 mkr sem var nokkru lægra en áætlað var en áætlun reiknaði með að greiðslur af langtímalánum og leiguskuldum næmu um 15,7 mkr. Lántaka var nokkuð undir áætlun en tekin voru ný lán fyrir 3 mkr en áætlaðar lántökur námu 10,9 mkr. Afborganir langtímalána og leiguskulda sem gjaldfalla á næstu 12 mánuðum nema 17,4 mkr.

Skammtímaskuldir samstæðunnar námu 43,8 mkr en veltufjármunir námu 42 mkr og veltufé á móti skammtímaskuldum var 0,96.

Fjárfestingar samstæðunnar í varanlegum rekstrarfjármunum námu 15,4 mkr en áætlað var að fjárfesta fyrir 18,5 mkr á tímabilinu.

Handbært fé samstæðunnar nam 22 mkr í lok tímabils og var 2 mkr hærra en áætlun gerði ráð fyrir.



¹ Þýðingarmunur vegna dótturfélags sem gerir upp í erlendri mynt. Þýðingarmunurinn myndast þar sem fjárhæðum í rekstrarreikningi félagsins er breytt í íslenskar krónur miðað við meðalgengi tímabilsins en fjárhæðum í efnahagsreikningi félagsins er breytt í íslenskar krónur miðað við dagslokagengi 30.09.2015

A hluti

Rekstrarniðurstaða A hluta var neikvæð um tæpa 8,5 mkr. Áætlun gerði ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu um 0,3 mkr.

Skatttekjur A hluta voru 51,5 mkr eða 0,5 mkr yfir áætlun.

Aðrar tekjur voru 11,1 mkr eða 0,3 mkr yfir áætlun.

Launakostnaður var 35 mkr og 0,4 mkr yfir áætlun.

Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar var 10 mkr og var 8,3 mkr yfir áætlun.



Annar rekstrarkostnaður nam 26,2 mkr og var 0,2 mkr yfir áætlun.

Fjárfestingar voru 0,7 mkr undir áætlun. Tekjur af gatnagerðargjöldum og sala byggingaréttar voru um 0,4 mkr undir áætlun.




Helstu ábendingar

- Gjaldfærsla vegna breytingar á lífeyrisskuldbindingu var 10 mkr eða 8,3 mkr yfir áætlun. Í greinargerð með frumvarpi að fjárhagsáætlun borgarinnar fyrir árið 2016 var birt uppfært mat á gjaldfærslu lífeyrisskuldbindingar fyrir árið 2015. Þar er gert ráð fyrir að gjaldfærsla vegna launa-, verðlags- og vaxtaþátta verði um 8 mkr en þar að auki er gert ráð fyrir að við uppgjör lífeyrissjóða fyrir árið 2015 verði notaðar breyttar forsendur um lífslíkur sem leiði til aukinnar gjaldfærslu sem nemi um 6 mkr. Því er gert ráð fyrir heildargjaldfærslu árið 2015 sem nemur u.þ.b. 14 mkr í uppgjörinu nú eru færðir til gjalda 10 mkr með hliðsjón af þeirri áætlun.
- Heildarárangur Plansins hjá OR frá árinu 2011 til þriðja ársfjórðungs 2015 er 7,2 mkr yfir markmiðum tímabilsins. Heildarárangurinn er nú orðinn 53,2 mkr og þar með hefur 51,3 mkr heildarmarkmiði aðgerðaáætlunar fyrir árin 2011-2016 verið náð. Sem áður er eignasala eini þáttur Plansins sem ekki hefur þróast umfram markmið, en hún hefur til og með þriðja ársfjórðungi 2015 numið 9,0 mkr og er 1,0 mkr undir markmiði.
- Þróun álverðs hefur töluvert neikvæð áhrif á uppgjörinu að þessu sinni. Hagnaður eftir fjármagnsliði lækkar um rúm 60% milli ára og arðsemi eigin fjár lækkar úr 13,0% í 4,2%. Minni hagnað má að miklu leyti rekja til tæplega 6,8 mkr gjaldfærslu vegna gangvirðisbreytinga innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum (reiknaður liður). Útlit er fyrir að þróunin verði enn óhagstæðari í ársuppgjöri fyrirtækisins vegna enn frekari lækkunar álverðs frá lokum uppgjörstímabilsins. Skv. ársreikningi fyrirtækisins fyrir árið 2014 var næmni innbyggðra afleiða gagnvart 10% lækkun álverðs tæpir 5,0 mkr í árslok 2014.
- Vaxtaþekja Félagsbústaða (1,53) og skuldaþekja (0,99) eru yfir lágmarkum (1,4 og 0,9), en þessi lágmark voru skilyrði borgarsjóðs fyrir veitingu veðheimildar vegna endurfjármögnunar á FEL97 skuldabréfaflokknum hjá Lánasjóði sveitarfélaga árið 2013.
- Mikil óvissa einkenni rekstrarumhverfi Félagsbústaða um þessar mundir hvað varðar kostnað við viðhald og framkvæmdir og fyrirkomulag og kjör fjármögnunar. Allir þættir geta haft mikil áhrif á útgjöld félagsins. Fylgjast þarf náið með þróun næstu mánaða og tryggja að tekjur félagsins séu ávallt nægar til að standa undir útgjöldum. Almennu telur fjármálaskrifstofa mikilvægt að rekstur Félagsbústaða til lengri tíma verði rýndur frekar þegar línur fara að skýrast og að skilgreind séu í eigendastefnu fjárhagsleg markmið sem tryggja sjálfbærni grunnrekstrar til lengri tíma litið.



2. Samstæðan



Rekstrarniðurstaða samstæðu Reykjavíkurborgar, A og B hluta, var neikvæð um 2.426 mkr en áætlun gerði ráð fyrir að rekstur samstæðunnar yrði jákvæður um 6.297 mkr sem var 8.723 mkr eða 139% undir áætlun. Afkoma samstæðunnar er 13.511 mkr verri í ár heldur en hún var á sama tíma í fyrra.

Ef horft er framhjá matsbreytingum fjárfestingareigna var afkoma samstæðunnar neikvæð um 5.282 mkr.

Rekstrartekjur námu 105.132 mkr og voru 597 mkr lægri en áætlað var eða -0,6%. Rekstrartekjur hækkuðu um 7.205 mkr frá sama tíma í fyrra eða um 7,4%.

Rekstrargjöld námu 99.173 mkr og voru 7.106 mkr yfir áætlun eða 7,7%. Þar vegur þyngst hækkun nettó lífeyrisskuldbindingar en hún var 8.267 mkr yfir áætlun. Rekstrargjöld hækkuðu um 14.506 mkr milli ára eða 17,1%.

Fjármagnsgjöld samstæðunnar námu 10.628 mkr og voru 2.525 mkr yfir áætlun eða 31%. Fjármagnsgjöld hækkuðu um 7.026 mkr milli ára eða 195%. Viðsnúning á milli ára má að mestu rekja til áhrifa fjármagnsgjalda hjá OR sem námu 7.972 mkr og hækkuðu um 6.850 mkr frá sama tíma 2014. Það má einkum rekja til 6,8 mkr gjaldfærslu vegna gangvirðisbreytinga innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum vegna lækkandi álverðs.

Samstæða (mkr)	Raun 2015	Áætlun 2015	Frávik	%
Tekjur	105.132	105.729	-597	-0,6%
Laun og launat..gj.	42.329	42.315	14	0,0%
Hækkun nettó lífeyrisskuldb.	10.066	1.799	8.267	459,4%
Annar rekstrark.	35.470	36.836	-1.366	-3,7%
Afskriftir	11.308	11.117	191	1,7%
Fjármagns.l.	-10.628	-8.103	-2.525	31,2%
Tekjuskattur	-11	-1.153	1.142	-99,1%
Matsbr. fjárf.eigna	2.856	1.891	965	51,0%
Hludt. í afk. tengdra f.	-602	0	-602	
Rekstrarniðurstaða	-2.426	6.297	-8.723	-138,5%

Heildareignir voru 514.757 mkr, þar af í fastafjármunum 472.736 mkr og í veltufjármunum 42.021 mkr.


Heildarskuldir voru 298.686 mkr og eigið fé 216.071 mkr. Vakin er athygli á því að fastafjármunir eru metnir í samstæðuuppgjöri Reykjavíkurborgar skv. kostnaðarverðisreglu með þeirri undantekningu að Orkuveita Reykjavíkur og Félagsbústaðir hf. nota gangvirðisreglu skv. alþjóðlegum reikningsskilastaðli IFRS². Árið 2013 var fyrsta árið sem Félagsbústaðir voru gerðir upp samkvæmt gangvirðisreglu í samstæðuuppgjöri Reykjavíkurborgar.

Veltufé frá rekstri nam 22.269 mkr samanborið við 21.939 mkr skv. fjárhagsáætlun. Handbært fé frá rekstri nam 24.348 mkr en áætlun gerði ráð fyrir 18.317 mkr. Framlag vegna lífeyrisgreiðslna nam 1.287 mkr en áætlaðar lífeyrisgreiðslur námu 1.313 mkr.

Fjárfestingahreyfingar voru neikvæðar í heildina um 11.753 mkr. Fjárfestingar í fastafjármunum voru 15.450 mkr en áætlun gerði ráð fyrir að fjárfestingar í fastafjármunum næmu 18.461 mkr. Tekjur af gatnagerðargjöldum og sölu byggingarréttar námu 2.256 mkr, en áætlun gerði ráð fyrir 2.455 mkr.

Fjármögnunarhreyfingar voru neikvæðar um 10.352 mkr, þar af voru ný langtímalán 3.002 mkr en áætlun gerði ráð fyrir að lántökur næmu 10.866 mkr, afborganir langtímalána voru 12.240 mkr en áætlaðar afborganir námu 15.713 mkr.

Eftirfarandi **kennitölur** lýsa fjárhagslegri stöðu samstæðu Reykjavíkurborgar miðað við 9 mánaða uppgjör síðastliðin 5 ár³.









² International Financial Reporting Standards.


³ Sjá lýsingar á kennitölum í viðauka 1.

Samstæða	2011	2012	2013	2014	2015
Eiginfjárlutfall	31,0%	32,1%	36,2%	41,8%	42,0%
Arðsemi eigin fjár	-3,1%	1,5%	4,9%	5,8%	-1,1%
Veltufjárlutfall	0,93	0,83	1,05	1,14	0,96
Langtímaskuldir/eigið fé	188,5%	174,0%	143,5%	111,8%	104,7%
Uppgreiðslutími	11	10	9	10	8

Aðrir áhugaverðir mælikvarðar samstæðu



3. A hluti



A hluti (mkr)	Raun 2015	Áætlun 2015	Frávik	%
Tekjur	66.722	66.232	490	0,7%
Laun og launat.gj	35.064	34.684	380	1,1%
Breyt. lífeyrissk.b.	10.010	1.733	8.276	477,5%
Annar rekstrark.	26.240	25.903	336	1,3%
Afskriftir	3.107	3.075	33	1,1%
Fjármagnsliðir	-794	-549	-244	44,5%
Rekstrarniðurstaða	-8.493	287	-8.780	-3060,2%

Árshlutareikningur A hluta er samantekinn reikningur Aðalsjóðs (AS), Eignasjóðs (ES) og Bílastæðasjóðs (BS).

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri A hluta á fyrstu níu mánuðum ársins 2015 í samanburði við fjárheimildir. Prósentuhlutföll lýsa frávikni raunniðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða A hluta var neikvæð um 8.493 mkr en áætlun gerði ráð fyrir að hún yrði jákvæð um 287 mkr. Niðurstaðan var því lakari en gert var ráð fyrir, sem nam 8.780 mkr. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði var neikvæð um 7.699 mkr en áætlun gerði ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu um 836 mkr. Niðurstaðan fyrir fjármagnsliði var því 8.536 mkr lakari en áætlun gerði ráð fyrir.

Ósamþykktir og ógjaldfærðir reikningar Aðasjóðs og Eignasjóðs námu 126,4 mkr.

Rekstrarniðurstaða A hluta án Bílastæðasjóðs var neikvæð um 8.722 mkr.

Rekstrartekjur voru 66.722 mkr eða 490 mkr yfir áætlun. Útsvar var 434 mkr yfir áætlun, framlög Jöfnunarsjóðs voru 340 mkr undir áætlun, tekjur af sölu fasteigna og byggingaréttar voru 515 mkr undir áætlun.

Skatttekjur Skatttekjur námu 51.489 mkr og voru

500 mkr yfir áætlun. Útsvarstekjur nettó voru 41.437 mkr eða 434 mkr yfir áætlun eða 1,1%.


Fasteignaskattar voru 10.051 mkr nettó eða 66 mkr yfir áætlun.

Framlög Jöfnunarsjóðs voru 4.145 mkr eða 340 mkr undir áætlun, þar af var 226 mkr frávik vegna áætlaðra tekna af bankaskatti sem hefur ekki skilað sér. Einnig að framlög til málefna faltaðra voru 44 mkr undir áætlun þar sem hlutur Reykjavíkurborgar í heildarframlögum Jöfnunarsjóðs fer lækandi og var lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Hækkandi útsvarsstofn virðist ekki vega þetta upp.

Aðrar tekjur voru 11.088 mkr og voru 329 mkr yfir áætlun. Aðrar tekjur Aðalsjóðs voru 551 mkr yfir áætlun og tekjur Eignasjóðs voru 336 mkr undir áætlun og tekjur Bílastæðasjóðs voru 121 mkr yfir áætlun⁴.

Eftirfarandi tafla sýnir sundurliðun tekna A hluta:

Tekjur (mkr)	Raun 2015	Áætlun 2015	Frávik	%
Útsvar, brúttó	45.580	44.915	666	1,5%
Framlag í Jöfnunarsjóð	-5.738	-5.444	-294	5,4%
Skattbreytingar og eftirá álagt útsvar	2.075	1.533	542	35,4%
Breyting á niðurfærslu og afskriftir	-479	0	-479	
Útsvar, netto	41.437	41.003	434	1,1%
Fasteignaskattur	9.197	9.167	30	0,3%
Lóðaleiga	855	819	36	4,4%
Afskrifaðir fasteignaskattar	-1	0	-1	
Fasteignaskattur, nettó	10.051	9.986	66	0,7%
Samtals skatttekjur	51.489	50.989	500	1,0%



⁴ Sjá nánar umfjöllun um Aðalsjóð í kafla 3.2, Eignasjóð í kafla 3.3 og Bílastæðasjóð í kafla 3.4.

Framlag v. þjónustu við fatlað fólk	3.080	3.124	-44	-1,4%
Jöfnunarsjóður sveitarf., önnur framlög	1.065	1.361	-296	-21,7%
Framlag jöfnunarsjóðs samtals	4.145	4.485	-340	-7,6%
Þjónustutekjur	6.067	5.196	871	16,8%
Eignatekjur	13.058	13.268	-210	-1,6%
Endurgreiðslur annarra	3.139	2.936	203	6,9%
Aðrar tekjur	4.603	5.863	-1.260	-21,5%
Söluhagnaður (tap) eigna	731	0	731	
Milliviðskipti tekin út	-16.511	-16.504	-6	0,0%
Samtals aðrar tekjur	11.088	10.759	329	3,1%
Tekjur alls	66.722	66.232	490	0,7%

Eftirfarandi tafla sýnir sundurliðun á greiðslum Reykjavíkurborgar til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og greiðslur Jöfnunarsjóðs til Reykjavíkurborgar á móti. Þar sem fram kemur að Reykjavíkurborg fær 491 mkr minna en áætlað var en greiðir 294 mkr meira en áætlað var inn í sjóðinn⁵:

Greiðslur í Jöfnunarsjóð	Raun 2015	Áætlun 2015	Frávik	%
Hlutd. Jöfnunarsj. í staðgreiðslu vegna grunnskóla	2.631	2.382	249	10,4%
Hlutdeild Jöfnunarsjóðs í staðgr. v málefna fatlaðra	3.108	3.062	45	1,5%
Samtals greiðslur í Jöfnunarsjóð	5.738	5.444	294	5,4%

Greiðslur frá Jöfnunarsjóði	Raun 2015	Áætlun 2015	Frávik	%
Framlag vegna málefna fatlaðs fólks	3.080	3.124	-44	-1,4%
Framlag vegna sérskóla	802	814	-12	-1,4%
Framlag vegna tónlistarskóla	245	262	-17	-6,4%
Hlutdeild í bankaskatti	0	226	-226	-100,0%
Annað	18	59	-41	-69,8%
Samtals greiðslur frá Jöfnunarsjóði	4.145	4.485	-340	-7,6%

Aðrar greiðslur frá Jöfnunarsjóði	Raun 2015	Áætlun 2015	Frávik	%
Almennar húsaleigubætur - hlutur ríkisins	818	956	-138	-14,5%
Sérstakar húsaleigubætur - hlutur ríkisins	286	298	-13	-4,3%
Samtals aðrar greiðslur frá Jöfnunarsjóði	1.104	1.255	-151	-12,0%

Heildargreiðslur frá Jöfnunarsjóði	Raun 2015	Áætlun 2015	Frávik	%
	5.249	5.740	-491	-8,6%

Rekstrargjöld voru 74.421 mkr eða um 9.025 mkr yfir fjárhagsáætlun. Helstu frávik frá rekstrargjöldum í A hluta má rekja til jafndreifingar á áætlaðri hækkun lífeyrisskuldbindinga (8.276 mkr), sérkennslu í leikskólum (155 mkr yfir), fjárhagsaðstoðar (270 mkr undir), brúttó húsaleigubóta (228 undir) og reksturs gatna (317 mkr yfir).

Launakostnaður nam 35.064 mkr og var 380 mkr yfir fjárheimildum eða 1,1%. Frávik voru mest á Skóla- og frístundasviði og Velferðarsviði.

Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar nam 10 mkr og var 8,3 mkr yfir fjárheimildum. Gjaldfært er með hliðsjón af uppfærðri áætlun um gjaldfærslu ársins 2015 sem birt var í frumvarpi að fjárhagsáætlun borgarinnar fyrir árið 2016.

Annar rekstrarkostnaður nam 26.240 mkr og var 336 mkr yfir áætlun.


Afskriftir námu 3.107 mkr og voru 33 mkr yfir áætlun.

Nettó fjármagnsgjöld voru 794 mkr eða 244 mkr hærri en áætlun gerði ráð fyrir. Fjármunatekjur Aðalsjóðs voru 134 mkr yfir áætlun. Einkum þar sem ávöxtun skuldabréfasafnsins var betri á tímabilinu en áætlanir gerðu ráð fyrir en vaxtatekjur og verðbætur voru 242 yfir áætlun. Fjármagnsgjöld í Eignasjóði voru 378 mkr hærri en áætlað var og helgast að stærstum hluta af verðlagsbreytingum umfram það sem áætlað var eða sem nemur 281 mkr, aðallega vegna hækkunar á byggingarvísitölu umfram áætlun. Að auki var lántaka ársins nokkru fyrr á árinu en áætlað var.⁶

Heildareignir voru 157.291 mkr, þar af voru fastafjármunir 135.485 mkr og veltufjármunir 21.806 mkr. Skuldir og skuldbindingar voru 78.140 mkr og eigið fé 79.151 mkr.

Veltufé frá rekstri nam 4.921 mkr samanborið við áætlað 5.317 mkr. Handbært fé frá rekstri nam 4.006 mkr en áætlun gerði ráð fyrir 3.626 mkr. Framlag vegna lífeyrisgreiðslna nam 1.271 mkr en áætlaðar lífeyrisgreiðslur námu 1.313 mkr.

Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum námu 6.847 mkr. **Fjármögnunarahreyfingar** námu 1.615 mkr innstreymi,



⁵ Greiðslur Jöfnunarsjóðs vegna kostnaðarhlutdeilda ríkisins í húsaleigubótum færast undir aðrar tekjur.

⁶ Nánar er fjallað um fjármagnslið A hluta í kafla 3.1.

þar af voru tekin ný langtímalán 2.803 mkr en afborganir langtímalána námu 1.200 mkr. Aukning á handbæru fé nam 749 mkr en áætlun gerði ráð fyrir 1.149 mkr lækkun. **Handbært fé** í lok tímabils var 8.754 mkr.

Eftirfarandi kennitölur lýsa fjárhagslegri stöðu A hluta miðað við 9 mánaða uppgjör síðastliðin 2 ár en Bílastæðasjóður var færður undir A hluta í ársbyrjun 2014.⁷

A hluti	2014	2015
Eiginfjárlutfall	57,7%	50,3%
Arðsemi eigin fjár	-0,4%	-9,7%
Veltufjárlutfall	1,40	1,34
Langtímaskuldir/eigið fé	42,1%	50,1%
Uppgreiðslutími	6	6

Árshlutareikningur Reykjavíkurborgar sýnir fjárhagslegan styrk samanber 50% eiginfjárlutfall og veltufjárlutfall er gott eða 1,3. Hins vegar dró úr arðsemi A hluta milli ára og langtímaskuldir jukust.

Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Fyrir liggur að Jörundur ehf. hefur selt fasteignir sínar að Lækjargötu og Austurstræti fyrir 1.362 mkr sem gerir félaginu kleift að gera upp skuldir sínar við alla helstu lánardrottna, þar á meðal Aðalsjóð en skuldin við sjóðinn nam 1.194 mkr. Við þessa sölu liggur jafnframt fyrir að niðurfæra þarf hlutabréfaeign Aðalsjóðs í Jörundi ehf. Þess vegna hefur hlutafé Aðalsjóðs í Jörundi verið fært niður sem nam 232 mkr en ekki var áætlað fyrir því.
- Kostnaður við fjárhagsaðstoð var 270 mkr undir áætlun og þróun síðustu mánaða heldur áfram þar sem notendum þjónustunnar fækkar frá sama tímabili og árið áður. Heildarkostnaður við fjárhagsaðstoð var 2.225 mkr janúar - september 2015 en var 2.262 mkr á sama tímabili í fyrra eða 37 mkr lægri í ár. Notendum fækkaði um 285 milli ára.

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar nam 10 mkr og var 8,3 mkr yfir fjárheimildum. Í greinargerð með frumvarpi að fjárhagsáætlun borgarinnar fyrir árið 2016 var birt uppfært mat á gjaldfærslu lífeyrisskuldbindingar fyrir árið 2015. Þar er gert ráð fyrir að gjaldfærsla vegna launa-, verðlags- og vaxtaþátta verði um 8 mkr en þar að auki er gert ráð fyrir að við uppgjör lífeyrissjóða fyrir árið 2015 verði notaðar breyttar forsendur um lífslíkur sem leiði til aukinnar gjaldfærslu sem nemi um 6 mkr. Því er gert ráð fyrir heildargjaldfærslu árið 2015 sem nemur u.þ.b. 14 mkr. Í uppgjörinu nú eru færðir til gjalda 10 mkr með hliðsjón af þeirri áætlun.
- Tekjur frá Jöfnunarsjóði voru 340 mkr undir áætlun, þar af var 226 mkr frávik vegna áætlaðra tekna af bankaskatti. Alþingi er að fjalla um frumvarp til laga um ráðstöfun bankaskattsins.
- Vakin er athygli á því að halli á rekstri málaflokks vegna fatlaðs fólks nam 1.038 mkr eftir fyrstu níu mánuði ársins eða 26% af tekjum vegna málaflokksins. Er þá samantekin þjónusta Velferðarsviðs við fatlaða á grundvelli yfirfærslunnar, þjónusta Velferðarsviðs vegna notendastýrðar persónulegrar aðstoðar, þjónusta Skóla- og frístundasviðs vegna lengdrar viðveru fatlaðra barna og þjónusta Íþróttá- og tómsundasviðs við fötluð ungmenni á vegum Hins hússins. Uppsafnaður halli Reykjavíkurborgar á rekstri málaflokki fatlaðs fólks frá flutningi árið 2011 er á þeim forsendum metinn um 2,9 mkr. Mikilvægt er að hraða endurskoðun á fjármögnun málaflokksins í viðræðum við ríkið.
- Rekstrarniðurstaða Velferðarsviðs án bundinna liða var 207 mkr yfir fjárheimildum eða 1,8%. Mikilvægt er að sviðið haldi rekstrinum innan fjárheimilda ársins.
- Rekstrarniðurstaða Skóla- og frístundasviðs var í jafnvægi á tímabilinu. Þó er vakin athygli á því að innri leiga var 150 mkr undir fjárheimildum vegna lægri verðbólgu sem þýðir að önnur útgjöld voru yfir fjárheimildum á móti. Leikskólahluti sviðsins var 245 mkr yfir fjárheimildum, þar af 155 mkr vegna sérkennslu. Yfirstjórn sviðsins hefur vakið athygli á að í raun í sé halli sviðsins meiri en uppgjörið gefur til kynna. Mikilvægt er að sviðið leiti leiða til þess að rekstur sviðsins verði innan fjárheimilda á árinu.
- Fyrir liggur tryggingafræðileg úttekt tryggingastærðfræðings Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga (LSS) vegna ársins 2012 sem sýnir að mótframlag þarf að hækka um 4,3 prósentustig til að standa undir lífeyrisskuldbindingum. Þeim mun lengur sem dregið er að hækka mótframlagið þeim mun meira þarf að hækka mótframlagið að öðru óbreyttu.

⁷ Sjá lýsingar á kennitölum í viðauka 1.

3.1 Fjármagnsliðir A hluta


Fjármagnsliðir jan - sept	Raun	Áætlun	Frávik	%
Aðalsjóður	3.912.815	3.779.245	133.570	3,53%
Eignasjóður	-4.706.580	-4.328.667	-377.913	8,73%
Bílastæðasjóður	62		62	
Fjármagnsliðir nettó	-793.703	-549.422	-244.281	

Fjármagnsliður A hluta samanstendur af fjármagnslið Aðalsjóðs, Eignasjóðs og Bílastæðasjóðs.

Fjármagnsliðir í A hluta voru á tímabilinu neikvæðir um 794 mkr en áætlun gerði ráð fyrir


að þeir yrðu neikvæðir um 549 mkr. Fjármagnsliðir í A hluta voru því 244 mkr lakari en áætlanir gerðu ráð fyrir. **Fjármagnstekjur** voru aðeins hærrí en áætlun gerði ráð fyrir. Ávöxtun skuldabréfasafns var yfir áætlun þar sem ávöxtun var betri á skuldabréfamarkaði en áætlanir gerðu ráð fyrir. Tekjur af ábyrgðargjaldi voru einnig yfir áætlun en á móti vó að fjármagnstekjuskattur var hærrí en áætlun gerði ráð fyrir og einnig var arður undir áætlun. **Fjármagnsgjöld** voru einnig hærrí en áætlun sem skýrist af hærrí vaxtakostnaði þar sem að lántaka var fyrr á árinu en áætlun gerði ráð fyrir. Hækkun verðbóta á fyrstu 9 mánuði ársins var hærrí en áætlun gerði ráð fyrir sem skýrist einkum af hækkun byggingarvísitölu umfram áætlun. Lántökukostnaður var yfir áætlun vegna útgáfu nýs skuldabréfaflokks en ekki hafði verið gert ráð fyrir nýrri útgáfu í áætlun.

Meðfylgjandi mynd sýnir þróun neysluverðs- og byggingarvísitölu á móti áætlaðri verðbólgu fyrstu 9 mánuði ársins. Áætlun Reykjavíkurborgar gerir ráð fyrir jafnri verðbólgu í hverjum mánuði. Í ár hefur neysluverðsvísitala verið í samræmi við áætlun borgarinnar en gera má ráð fyrir að verðbólga í árslok verði undir áætlun.



Lausafjárstaða (mkr)	30.9.2015	Meðaláv. á ársgrv.
Innlán í bönkum	2.980	4,45%
Skuldabréf	5.496	7,78%
Innlán í erl. mynt	278	0,10%
Samtals	8.754	

Lausafjárstýring Handbært fé A hluta í lok tímabils var 8,8 mkr. Gert var ráð fyrir lækkun á handbæru fé á tímabilinu janúar – september 2015 skv. fjárhagsáætlun ársins en þar sem áætluð skuldabréfaútgáfa fór öll fram á fyrstu þremur mánuðum ársins þá var staða handbærs fjár betri en gert var ráð fyrir.



Skuldabréfasafn Reykjavíkurborgar er í umsjón Íslenskra verðbréfa hf.

Myndin hér til hliðar sýnir 12 mánaða ávöxtun verðbréfasafna borgarsjóðs og vexti á viðskiptareikningi borgarinnar.


Heildarfjármunir í skuldabréfasafni borgarinnar hjá Íslenskum verðbréfum þann 30.09.2015 námu 5.496 mkr og nam ávöxtun frá áramótum 282 mkr eða 6,28% (9 mán ávöxtun). Ávöxtun viðmiðunarvísitölu safnsins fyrir sama tímabil nam 7,71%. Talsvert flökt getur verið í ávöxtun á milli einstakra mánaða og missera. Ársávöxtun

skuldabréfasafnsins í lok tímabilsins var jákvæð um 8,60%. Nafnvextir á bankainnlánum voru 4,95% - 5,25% í september m.v. ársvexti. Meðalávöxtun bankareikninga hefur verið 4,23% sl. 12 mánuði.

Taflan hér fyrir neðan sýnir ávöxtun skuldabréfasafnsins fyrir hvern mánuð borið saman við viðmiðunarvísitölu.

Mánuður	janúar	febrúar	mars	apríl	maí	júní	júlí	ágúst	september	Ávöxtun tímabilsins
Veltusafn	0,58%	1,14%	0,68%	-0,35%	-0,03%	1,26%	1,91%	0,78%	0,17%	6,28%
Viðmið	0,74%	1,81%	0,77%	-0,53%	-0,41%	1,74%	2,30%	0,90%	0,18%	7,71%

Heildarávöxtun **lausafjár** var betri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Vaxtatekjur og gengismunur skuldabréfasafns voru áætluð 226 mkr en voru 336 mkr. Til viðbótar á eftir að bóka vexti vegna veltureiknings sem eru greiddir í lok árs. Helstu skýringar á frávikum eru að skuldabréf hafa á tímabilinu gefið hærrí ávöxtun en áætlun gerði ráð fyrir, þar sem ávöxtunarkrafan á skuldabréfamarkaði fór lækkandi. Vextir á bankareikningum hafa einnig verið heldur hærrí en áætlanir gerðu ráð fyrir enda hefur Seðlabanki Íslands hækkað vexti á tímabilinu. Á móti var tekið heldur meira af yfirdráttarlánum en gert var ráð fyrir í upphaflegum áætlunum og því voru greidd hærrí vaxtagjöld vegna þeirra eða um 6 mkr.



Í kafla 2 í greinargerðinni með fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2015 var sett fram markmið um að ávöxtun á handbæru fé skyldi vera 350 mkr á árinu 2015. Myndin hér til hliðar sýnir ávöxtun á handbæru fé (að frádrögnum kostnaði) í samanburði við markmið ársins. Markmiði um ávöxtun er skipt jafnt niður á hvern mánuð ársins. Ávöxtun er talsvert yfir markmiði eða 74 mkr. Í byrjun nóvember hefur ávöxtun skuldabréfasafns lækkað vegna hækkunar á ávöxtunarkröfu á markaði.

Lán til B hluta fyrirtækja Reykjavíkurborg hefur á undanförunum árum lánað B hluta fyrirtækjum umtalsverða fjármuni eins og meðfylgjandi tafla sýnir. Þessi lán bera vexti og eru verðtryggð.

Staða á kröfum gagnvart B hluta (mkr)	30.9.2015	Vextir
Eigendalán til OR 2011	8.902	4,25%
Eigendalán til OR 2013	4.011	3,05%
Jörundur	1.194	4,00%
Samtals	14.107	

Stærstu lánin eru eigendalán til Orkuveitu Reykjavíkur sem eru frá 2011 og fyrri hluta árs 2013. Þá lánaði borgarsjóður Jörundi ehf. vegna endurbyggingar húsanna á horni Lækjargötu og Austurstrætis. Búið er að ganga frá sölu fasteigna Jörundar og til stendur að greiða upp skuldabréfið við Aðalsjóð innan árs.

Lánastýring Reykjavíkurborg getur gefið út skuldabréf í skuldabréfaflokkunum RVK 53 1 og RVKN 35 1 og eru þeir skráðir í kauphöll. Viðskiptavakt á eftirmarkaði er á RVK 53 1 auk skuldabréfaflokksins RVK 19 1 (flokkurinn er lokaður) og annast fjórar fjármálastofnanir þá vakt. Engin viðskiptavakt er með RVKN 35 1 en stefnt er að því að vakt verði með bréfin í framtíðinni. Við sameiningu MP banka og Straums fjárfestingarbanka í Kviku banka hefur viðskiptavökum fækkað um einn og verða fjórir eins og áður sagði.

Staða innlendra lána var 29.263 mkr í lok september en var 27.144 í upphafi árs. Í töflunni hér til hliðar má sjá stöðu á einstökum lánunum.

Staða innlendra lána (mkr)	30.9.2015	31.12.2014
Skuldabréf útgefin 1996 - RVK 96	1.506	1.714
Skuldabréf útgefin 2009 - RVK 53 1	23.528	22.554
Skuldabréf útgefin 2012 - RVK 19 1	1.801	1.963
Skuldabréf útgefin 2015 - RVKN 35 1	1.658	0
Lán frá Lánasjóði sveitarfélaga	516	629
Annað	254	283
Samtals	29.263	27.144

Í janúar var skuldabréfaflokkurinn RVK 53 1 stækkaður um 350 mkr að nafnvirði eða um 490 mkr að söluvirði. Í mars var stofnaður nýr óverðtryggður skuldabréfaflokkur, RVKN 35 1 og 1.700 mkr að nafnvirði (og söluvirði) seldar í lokuðu útboði. Skuldabréfaflokkurinn RVKN 35 1 er óverðtryggður, með jöfnum afborgunum tvisvar á ári til ársins 2035. Flokkurinn ber 6,72% vexti.

Með þessum tveimur útboðum að söluvirði 2.190 mkr var lántökuáætlun vegna fjárfestinga ársins uppfyllt.

Auk skuldabréfaflokka borgarinnar RVK 53 1 og RVKN 35 1, er Reykjavíkurborg með tvo skuldabréfaflokka skráða í kauphöll. Þetta er skuldabréfaflokkarnir RVK 19 1 og skuldabréfaflokkur sem gefinn var út á árinu 1996. Önnur lán nema óverulegri fjárhæð.

Erlend lántaka borgarsjóðs Staða erlends láns A hluta nam 88 mkr þann 30.09.2015 en í ársbyrjun var staða þess 88 mkr. Lánið er í japönskum jenum, en lokagjaldagi þess er í desember 2015. Vextir lánsins eru 0,10%.

Gjaldeyriseign í lok tímabilsins nemur 278 mkr eða um þreföldum höfuðstól JPY lánsins í íslenskum krónum miðað við gengi þann 30.09.2015. Gjaldeyriseign er því talsvert umfram skuldir í erlendum gjaldeyri.

3.1.1 Skulda- og áhættustýring

Stærsta áhættan sem snýr að fjármagnslið A hluta er **verðbólguáhætta**. Skuldir borgarinnar eru að mestu leyti verðtryggðar og hækka samhliða aukinni verðbólgu. Reykjavíkurborg á einnig verðtryggðar eignir, stærst er eigendalán til Orkuveitunnar frá árunum 2011 og 2013. Skuldabréfasafn borgarinnar sem er í vörslu Íslenskra verðbréfa er um 56% verðtryggt. Lausafé á bankareikningum er óverðtryggt. Verðtryggðar skuldir eru hærri en verðtryggðar eignir og því ber Reykjavíkurborg kostnað vegna aukinnar verðbólgu. Það hefur verið metið um 270 mkr fyrir hvert prósentustig sem verðbólga fer umfram áætlaða verðbólgu í fjárhagsáætlun.

Erlend lán hafa minnkað mikið og er áhætta vegna þeirra hverfandi.

Markmið fjárstýringar er að tryggja virka lánastýringu sem miðast við að lágmarka fjármagnskostnað og virka lausafjárstýringu sem miðar að því að tryggja hámarksávöxtun lausafjár og að Reykjavíkurborg eigi ávallt nægjanlegt laust fé til að standa við skuldbindingar sínar.


Reglulega er skoðað hvort greiða eigi upp eldri skuldir borgarsjóðs og við útgáfu nýrra skuldabréfaflokka er ávallt gætt að því að greiðsluflæði falli sem best að áætluðu framtíðartekjuflæði.

Heimildir fjárstýringar varðandi vörslu á lausu fé takmarkast við fjárfestingar í innlánsreikningum, peningamarkaðsinnlánnum, víxlum og sértryggðum skuldabréfum fjármálastofnana eða sambærilegum afurðum þeirra auk fjárfestinga í skuldabréfum gefnum út af ríkinu eða með ríkisábyrgð. Leitast er við að vera ekki með laust fé allt í sömu bankastofnun auk þess sem laust fé, sem ekki þarf að nýta til skamms tíma, er sett á bundna innlánsreikninga með hærri ávöxtun en lausir reikningar. Skuldabréfaeign borgarinnar er vel dreifð í verðtryggðum og óverðtryggðum bréfum til mislangs tíma.

Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Reykjavíkurborg gaf út nýjan óverðtryggðan skuldabréfaflokk RVKN 35 1 á tímabilinu. Kostir útgáfunnar voru einkum þekkt greiðsluflæði, hagstæð vaxtakjör ásamt því að borgin hefur nú tvo flokka til að bjóða út í.

3.2 Aðalsjóður



Aðalsjóður (mkr)	Raun 2015	Áætlun 2015	Frávik	%
Tekjur	67.428	66.693	735	1,1%
Laun og launat.gj.	33.740	33.350	390	1,2%
Hækkun lífeyrissk.b	10.000	1.725	8.275	479,7%
Annar rekstrark.	38.952	39.146	-194	-0,5%
Fjármagnsliðir	3.913	3.779	134	3,5%
Rekstrarniðurstaða	-11.352	-3.749	-7.603	202,8%

Rekstrarniðurstaða Aðalsjóðs var neikvæð um 11.352 mkr en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að niðurstaðan yrði neikvæð um 3.749 mkr og var niðurstaðan því um 7.603 mkr lakari en áætlað var sem einkum má rekja til hækkunar lífeyrisskuldbindingar á tímabilinu.

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri Aðalsjóðs á fyrstu níu mánuðum ársins 2015 í samanburði við fjárheimildir. Prósentuhlutföll lýsa frávikum raunniðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.

Rekstrartekjur voru 67.428 mkr eða 735 mkr yfir áætlun.

Skatttekjur voru 52.647 mkr eða 524 mkr yfir áætlun og tekjur frá Jöfnunarsjóði voru 4.145 mkr eða 340 mkr undir áætlun.⁸

Þjónustutekjur og aðrar tekjur voru 10.636 mkr og voru 551 mkr yfir áætlun. Mestu frávikin má finna á Skóla- og frístundasviði sem var 281 mkr yfir áætlun í tekjum og Íþrótt- og tólmundastöðum sem var 166 mkr yfir áætlun. Önnur frávik voru minni. Nánari umfjöllun um frávik tekna er að finna í umfjöllun um hvert svið hér á eftir.


Rekstrargjöld voru 82.692 mkr eða 8.472 mkr yfir fjárheimildum. Launakostnaður var 33.740 mkr eða 390 mkr yfir fjárheimildum eða 1,2%. Það má einkum

rekja frávik í launakostnaði Skóla- og frístundasviðs 259 mkr yfir fjárheimildum, einkum vegna sérkennslu í leikskólum og Velferðarsviðs 122 mkr yfir fjárheimildum. Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar nam 10 mkr og var 8,3 mkr yfir fjárheimildum. Gjaldfært er með hliðsjón af uppfærðri áætlun um gjaldfærslu ársins 2015 sem birt var í frumvarpi að fjárhagsáætlun borgarinnar fyrir árið 2016. Annar rekstrarkostnaður var 38.952 mkr eða 194 mkr undir fjárheimildum⁹. Ósamþykktir og ógjaldfærðir reikningar hjá Aðalsjóði námu 113,7 mkr.

Nettó fjármunatekjur voru 3.913 mkr eða 134 mkr yfir áætlun. Vaxtatekjur og verðbætur voru 242 mkr yfir áætlun m.a. vegna þess að ávöxtun skuldabréfasafnsins var betri á tímabilinu en áætlunir gerðu ráð fyrir. Arður af eignahlutum var 54 mkr undir áætlun og tekjur af ábyrgðargjaldi voru 42 mkr yfir áætlun en á móti vó að greiddur fjármagnstekjuskattur var 76 mkr hærri en áætlað var.

Heildareignir voru 78.795 mkr, þar af fastafjármunir 57.139 mkr og veltufjármunir 21.656 mkr. **Skuldir og skuldbindingar** voru 34.412 mkr og eigið fé 44.383 mkr. **Eigið fé** lækkar úr 51.735 mkr í ársbyrjun í 44.383 mkr í lok tímabils. Þessi hækkun skýrist af rekstrarniðurstöðu tímabilsins.

Veltufé frá rekstri var neikvætt um 2.506 mkr. Handbært fé í lok tímabils var 8.353 mkr.



Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Fyrirliggur að Jörundur ehf. hefur selt fasteignir sínar að Lækjargötu og Austurstræti fyrir 1.362 mkr sem gerir félaginu kleift að gera upp skuldir sínar við alla helstu lánardrottna, þar á meðal Aðalsjóð en skuldin við sjóðinn nam 1.194 mkr. Við þessa sölu liggur jafnframt fyrir að niðurfæra þarf hlutabréfaeign Aðalsjóðs í Jörundi ehf. Þess vegna hefur hlutafé Aðalsjóðs í Jörundi verið fært niður sem nam 232 mkr en ekki var áætlað fyrir því.

⁸ Sjá umfjöllun frammar í kafla 3 um A hluta.


⁹ Sjá nánar umfjöllun á hverju sviði fyrir sig.

- Athygli er vakin á að innri leiga var um 150 mkr eða 2% undir fjárheimildum vegna lægri verðbólgu á fyrri hluta tímabilsins en áætlað var sem þýðir að aðkeyptur annar rekstrarkostnaður var 44 mkr undir fjárheimildum.

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Gjaldfærsla vegna lífeyrisskuldbindingar nam 10 mkr og var 8,3 mkr yfir fjárheimildum. Í greinargerð með frumvarpi að fjárhagsáætlun borgarinnar fyrir árið 2016 var birt uppfært mat á gjaldfærslu lífeyrisskuldbindingar fyrir árið 2015. Þar er gert ráð fyrir að gjaldfærsla vegna launa-, verðlags- og vaxtaþátta verði um 8 mkr en þar að auki er gert ráð fyrir að við uppgjör lífeyrissjóða fyrir árið 2015 verði notaðar breyttar forsendur um lífslíkur sem leiði til aukinnar gjaldfærslu sem nemi um 6 mkr. Því er gert ráð fyrir heildargjaldfærslu árið 2015 sem nemur u.þ.b. 14 mkr. Í uppgjörinu nú eru færðir til gjalda 10 mkr með hliðsjón af þeirri áætlun.
- Tekjur frá Jöfnunarsjóði voru 340 mkr undir áætlun, þar af var 226 mkr frávik vegna áætlaðra tekna af bankaskatti sem hefur ekki skilað sér. Mikilvægt er að fá svör ríkisins við því hvernig sveitarfélögunum verður bættur sá tekjumissir sem bankaskattinum var ætlað að jafna.

3.3 Eignasjóður



Eignasjóður (mkr)	Raun 2015	Áætlun 2015	Frávik	%
Tekjur	16.204	16.539	-336	-2,0%
Laun og launat.gj.	1.177	1.172	5	0,5%
Annar rekstrark.	5.010	4.452	558	12,5%
Afskriftir	3.051	3.010	41	1,4%
Fjármagnsliðir	-4.707	-4.329	-378	8,7%
Rekstrarniðurstaða	2.259	3.578	-1.319	-36,9%

Rekstrarniðurstaða Eignasjóðs reyndist jákvæð um 2.259 mkr sem var 1.319 mkr lakara en áætlað var. Helstu skýringar þess má rekja til tekna af sölu fasteigna og byggingaréttar sem reyndust 515 mkr undir áætlun. Auk þess var nettó fjármagnskostnaður 378 mkr umfram áætlun.

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri Eignasjóðs í samanburði við fjárheimildir á fyrstu níu mánuðum ársins 2015. Prósentuhlutföll lýsa frávikum raunniðurstaðna m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.

Rekstrartekjur voru 16.204 mkr eða 336 mkr undir áætlun.

Leigutekjur voru 12.716 mkr eða 185 mkr undir áætlun, þar af voru leigutekjur af gatnakerfi 40 mkr umfram áætlun og innri leiga fasteigna 230 mkr undir áætlun.

Aðrar tekjur voru 3.488 mkr og voru 151 mkr undir áætlun sem skýrist að mestu af því að tekjur af sölu fasteigna og byggingaréttar voru 515 mkr undir áætlun. Á móti kom að tekjur vegna reksturs gatna voru 331 mkr yfir áætlun þá einkum vegna vetrarþjónustu.

Rekstrargjöld voru 9.238 mkr eða 605 mkr yfir fjárheimildum.

Launakostnaður var 1.177 mkr eða 5 mkr umfram fjárheimildir sem skiptist þannig að Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar var tæplega 4 mkr yfir fjárheimildum og Umhverfis- og skipulagssvið tæplega 2 mkr yfir fjárheimildum.

Annar rekstrarkostnaður var 5.010 mkr sem var 558 mkr yfir fjárheimildum. Þar af var Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar 104 mkr yfir fjárheimildum og Umhverfis- og skipulagssvið 454 mkr yfir fjárheimildum¹⁰. Ósamþykktir og ógjaldfærðir reikningar hjá Eignasjóði námu 61,3 mkr, þar af voru 48,6 mkr vegna fjárfestingar.

Nettó fjármagnsgjöld voru 4.707 mkr eða 378 mkr umfram fjárheimildir og helgast að stærstum hluta af verðlagsbreytingum umfram það sem áætlað var eða sem nemur 281 mkr, aðallega vegna hækkunar á byggingarvísitölu umfram áætlun. Að auki var lántaka ársins nokkru fyrr á árinu en áætlað var.

Heildareignir námu 122.002 mkr, þar af námu fastafjármunir 113.995 mkr og veltufjármunir 8.007 mkr.¹¹

Heildarskuldir voru 84.605 mkr. Langtímaskuldir námu 76.498 mkr og skammtímaskuldir voru 8.107 mkr í lok tímabilsins.

Eigið fé hækkar úr 35.138 mkr í ársbyrjun í 37.397 mkr í lok tímabils. Þessi hækkun skýrist af rekstrarniðurstöðu tímabilsins.

Veltufé frá rekstri nam 6.761 mkr í lok tímabilsins og handbært fé var 399 mkr.

3.3.1 Fjárfestingar Eignasjóðs

Fjárfestingar námu alls 6.216 mkr sem var 88% af framkvæmdáætlun fyrir fyrstu níu mánuði ársins. Gert var ráð fyrir framkvæmdum að fjárhæð 7.048 mkr og voru framkvæmdir því 833 mkr lægri en áætlun tímabilsins gerði ráð fyrir.

Nettó fjárfesting tímabilsins að teknu tilliti til tekna af gatnagerðargjöldum og án leigueigna nam 4.902 mkr.

¹⁰ Sjá nánar umfjöllun um hvorn rekstrarhluta fyrir sig.

¹¹ Um breytingar á fastafjármunum er fjallað nánar um í kafla 3.3.1 um fjárfestingar hér að neðan

Fjárfestingar Eignasjóðs (mkr)	Raun 2015	Áætlun 2015	Frávik	%
Fasteignir og stofnbúnaður	2.192	2.200	-8	-0,4%
Samgöngumannvirki	1.845	2.628	-783	-29,8%
Annað	2.179	2.220	-42	-1,9%
Samtals fjárfesting - brúttó	6.216	7.048	-833	-11,8%
Leigugeignir	610	0	610	
Fjárfesting sbr. sjóðstreymi	6.826	7.048	-223	-3,2%
Gatnagerðargjöld	-1.314	-1.425	111	-7,8%
Samtals fjárfesting - nettó	5.512	5.623	-111	-2,0%

Fasteignir og stofnbúnaður Kostnaður við byggingaframkvæmdir nam 2.192 mkr sem var um 8 mkr undir áætlun tímabilsins.

Samgöngumannvirki Kostnaður við gatnaframkvæmdir nam 1.845 mkr sem var um 70% af áætlun tímabilsins. Tekjur af gatnagerðargjöldum námu 1.314 mkr eða 8% undir áætlun tímabilsins.

Áhöld, tæki og nýr hugbúnaður Fjárfestingar námu 737 mkr sem er 7% umfram áætlun tímabilsins.


Lóðir, lönd og skipulagseignir Kostnaður nam 802 mkr sem er um 8% umfram áætlun tímabilsins.

Endurbætur, meiriháttar viðhald og sérstök átaksverkefni Fjárfestingar námu 640 mkr sem er um 18% undir áætlun tímabilsins.

Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Athygli er vakin á að leigutekjur voru um 185 mkr eða 1,4% undir áætlun vegna lægri verðbólgu á fyrri hluta tímabilsins
- Áhætta vegna lána Eignasjóðs tengist fyrst og fremst innlendu verðlagi.

3.4 Bílastæðasjóður



Bílastæðasjóður (mkr)	Raun 2015	Áætlun 2015	Frávik	%
Tekjur	759	638	121	18,9%
Laun og launat.gj.	146	163	-16	-10,0%
Hækkun lífeyrisk.b	10	8	2	18,2%
Annar rekstrark.	334	322	12	3,7%
Afskriftir	56	65	-9	-13,6%
Fjármagnsliðir	1	0	1	0,0%
Rekstrarniðurstaða	213	80	133	166,8%

m.a. skýra með erfiðu starfsumhverfi og lágum launum.

Fjármagnsliðir voru jákvæðir um 62 þúsund kr.

Heildareignir námu 2.289 mkr, hækkuðu um 9% frá áramótum. Fastafjármunir námu 1.490 mkr og veltufjármunir námu 799 mkr.

Heildarskuldir námu 268 mkr. Engar **langtímaskuldir** voru til staðar og skiptast skuldirnar í lífeyrisskuldbindingar að fjárhæð 216 mkr og skammtímaskuldir að fjárhæð 52 mkr. **Skuldbindingar og ábyrgðir utan efnahags** námu 844 mkr vegna byggingar bílajakjallara í Hörpu.

Eigið fé hækkar úr 1.808 mkr í ársbyrjun í 2.020 mkr í lok tímabils. Þessi hækkun skýrist af rekstrarniðurstöðu tímabilsins.

Veltufé frá rekstri var jákvætt um 279 mkr. Handbært fé í lok tímabils var 1,4 mkr.

Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Rekstrarniðurstaða tímabilsins er 167% hærri en áætlun gerði ráð fyrir.
- Vakin er athygli á skuldbindingum Bílastæðasjóðs utan efnahags vegna bílajakjallara Hörpunnar um 844 mkr.


Rekstrarniðurstaða Bílastæðasjóðs var jákvæð um 213 mkr en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að niðurstaðan yrði jákvæð um 80 mkr og var niðurstaðan því 133 mkr betri en áætlað var.

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri Bílastæðasjóðs á fyrstu níu mánuðum ársins 2015 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun). Prósentuhlutföll lýsa frávikum raunniðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.

Rekstrartekjur voru 759 mkr eða 121 mkr yfir áætlun eða 19%. Rekstrartekjur jukust um 18% frá sama tímabili í fyrra. Tekjur vegna stöðu- og miðamæla jukust um 11,6% á milli ára og tekjur í bílastæðahúsum jukust um 41,5% sem má skýra með aukinni notkun skammtímagesta sem og gjaldskrárhækkunar 1. apríl síðast liðinn, en gjaldskráin var síðast hækkuð árið 2000. Tekjur vegna aukastöðugjalda hækkuðu um 8,3% og stöðubrotagjalda um 58,3%.

Rekstrargjöld voru 547 mkr en áætlun gerði ráð fyrir 558 mkr. Rekstrargjöld fyrir sama tímabil árið 2014 voru 480 mkr. Launakostnaður var 16 mkr undir áætlun og hefur undanfarin ár verið talsvert undir áætlun. Það má skýra með viðvarandi starfsmannaveltu sem hefur leitt til þess að ekki hefur tekist að fjölga starfsmönnum jafnhliða útvíkkun starfssvæða sjóðsins. Ástæða starfsmannaveltu má

3.5 Greining innkaupa A hluta



Innkaupagreining Innkaup á vörum og þjónustu A hluta samanstendur af Aðalsjóði, Eignasjóði og Bílastæðasjóði.

Innkaupagreiningu er ætlað að veita yfirsýn á einfaldan hátt hvernig innkaupum borgarinnar á vörum og þjónustu er háttað og sjá þróun innkaupa hjá í þessum flokkum hjá borginni á milli ára. Innkaupagreining varpar ljósi á þau tækifæri sem liggja í miðlægum innkaupum auk þess að meta áhrif af miðlægum innkaupasamningum. Þá er hægt að sjá hversu mikið af **rekstrarfé** borgarinnar fer í aðföng og þjónustu. Vísitala neysluverðs hækkaði úr 422,8 stigum í 429,3 stig eða um 1,9% á tímabilinu september 2014 til september 2015. Allar tölur í innkaupagreiningunni eru sett fram á **verðlagi hvers árs** í mkr.

Myndin sýnir heildarveltu sjóðanna sem standa fyrir A hluta og þá flokka sem vega mest í skoðun á heildarinnkaupum A hluta. Kostnaður við innkaup á matvælum hefur hækkað um tæp 10%, innkaup á sérfræðiþjónustu hafa hækkað um rúm 11% og innkaup á tölvum og fjarskiptaþjónustu hafa hækkað um 11%.

Innkaup Reykjavíkurborgar á **matvælum** árið 2014 voru um 1,7 milljarður þar af voru innkaup skóla og frístundasviðs (SFS) rúmir 1,2 milljarðar. Frá árinu 2008 hefur hlutfall SFS í innkaupum á matvælum verið um 75% af heildarinnkaupum vöruflokksins.

Innkaupadeild hefur gert **rammasamninga** um alla helstu vöruflokka sem tengjast almennum innkaupum á vörum og þjónustu þvert á svið. Vöruverð í rammamningum á að gefa heildinni kost á góðum kjörum hvort sem eining er lítil eða stór. Að ákveðnum forsendum uppfylltum er heimilt að beita svokölluðum örútböðum innan rammamninga en þeirri aðferð hefur verið beitt við innkaup á matvælum og vörum tengdum upplýsingatækni. Öll örútböðin hafa skilað umtalsvert betri kjörum heldur en lægstbjóðandi bauð í sjálfu rammamningsútböðinu. Helstu ástæður þess er skipulagning innkaupa, stærðarhagkvæmni og lækkun viðskiptakostnaðar.

Á töflunum hér til hliðar má sjá **heildarumfang** innkaupanna brotið niður á hvern sjóð fyrir sig. Heildarhækkun innkaupakostnaðar í **Aðalsjóði** hefur hækkað um 8% milli tímabila. Í Aðalsjóði hefur skrifstofu- og stjórnunarkostnaður hækkað mest eða um 12% á milli tímabila en þar vegur þyngst innkaup á sérfræðiþjónustu tölvubúnaðar, sá kostnaður hækkar um 110% milli ára.

Innkaupakostnaður **Eignasjóðs** hækkar um 4% á milli tímabila.

Kostnaður **Bílastæðasjóðs** hækkar um 15% milli tímabila.

A hluti	2015	2014	Breyting
Þjónustukostnaður	7.238	6.717	8%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	2.243	2.152	4%
Húsnæðiskostnaður	117	102	15%
A hluti samtals	9.598	8.971	7%

Aðalsjóður	2015	2014	Breyting
Þjónustukostnaður	2.327	2.249	4%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	3.458	3.085	12%
Húsnæðiskostnaður	1.453	1.384	5%
Aðalsjóður samtals	7.238	6.717	8%

Eignasjóður	2015	2014	Breyting
Þjónustukostnaður	290	260	12%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	1.268	1.164	9%
Húsnæðiskostnaður	685	728	-6%
Eignasjóður samtals	2.243	2.152	4%

Bílastæðasjóður	2015	2014	Breyting
Þjónustukostnaður	12	9	36%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	68	60	13%
Húsnæðiskostnaður	37	33	12%
Bílastæðasjóður samtals	117	102	15%

Þjónustukostnaður (kjarnastarfsemi)		
Undirflokkur	2015	2014
Bækur, kennsluefni og leikföng	163	160
Matvæli	1.421	1.296
Vörukaup	153	177
Önnur innkaup	53	66
Akstur og vélaleiga	712	696
Ferðir og viðburðir	70	70
Tryggingar og bætur	57	52
Samtals	2.629	2.517

Á meðfylgjandi töflu má sjá **þjónustukostnað** (kjarnastarfsemi) A hluta brotinn niður svo hægt sé að gera sér grein fyrir breytingum á milli tímabila. Undir flokknum þjónustukostnaður falla þættir sem búið er að flokka sem beinan kostnað við veitingu þjónustu borgarinnar. Samanlögð heildarhækkun á flokknum þjónustukostnaður er 4%.

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		
Undirflokkur	2015	2014
Rekstur skrifstofu	659	616
Banka og fjármálaþjónusta	308	295
Auglýsingar og kynningar	149	141
Prentun	76	69
Sérfræðiþjónusta	1.749	1.570
Tölvur og fjárskipti	1.275	1.149
Ferðakostnaður	87	55
Starfsmannakostnaður	266	232
Risna, gjafir, verðlaun ofl.	19	20
Annar kostnaður	206	162
Samtals	4.794	4.309

Í töflu **skrifstofu- og stjórnunarkostnaðar** er A hlutinn brotinn niður til að hægt sé að gera sér grein fyrir breytingum á milli tímabila. Flokkurinn dregur saman þá þætti sem tengjast upplýsingatækni, stoðþjónustu kynningu og rekstri. Heildarhækkun nemur 11%.

Húsnæðiskostnaður		
Undirflokkur	2015	2014
Leiga	31	27
Viðhald og framkvæmdir	402	434
Rekstur húsnæðis	962	970
Ræsting og sorp	781	713
Samtals	2.175	2.144

Taflan hér að ofan sýnir kostnað A hluta sem fellur til vegna reksturs **húsnæðis** en þar nemur heildarhækkun 1%.

Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Innkaup eru á ábyrgð hvers sviðs fyrir sig og ákvörðunarvald um samræmingu innkaupa er hjá sviðsstjórum. Hlutverk innkaupadeildar fjármálaskrifstofu er að finna tækifærin og kynna möguleikana.
- Innkaup hafa veruleg áhrif á skilvirkni í rekstri og fjárhagslega afkomu og samræmd innkaup geta aukið skilvirkni í innkaupum.

Framgangur aðgerðaáætlunar innkaupadeildar:

Bætt skipulag innkaupa og samræming þeirra

Innkaupadeild áformar að kalla saman samráðshóp með fulltrúum frá öllum sviðum í framhaldi af samþykkt fjárhagsáætlunar fyrir árið 2016 eins og gert er ráð fyrir í aðgerðaáætlun innkaupadeildar með það að markmiði að samræma gögn og framsetningu innkaupaáætlana vegna áformaðra vöru og þjónustukaupa. Samkvæmt reglum um gerð fjárhagsáætlunar skal sviðsstjóri „... leggja fram innkaupaáætlun með fjárhagsáætlun vegna vöru- og þjónustukaupa og leita ráðgjafar hjá innkaupadeild um hagkvæmustu framkvæmd.“ Þetta verkefni verður unnið með áætlunar- og greiningardeild fjármálaskrifstofu.

Bætt upplýsingagjöf til stjórnenda

Innkaupadeild er að vinna að endurbótum á rekstrarskýrslum stjórnenda með það fyrir augum að auðvelda innkaupagreiningar þannig að unnt sé að bera saman útgjöld við áætlanir. Þetta er unnið með bókhaldsdeild fjármálaskrifstofu.

Aukin nýting upplýsingatækni

Innkaupadeild hefur lagt áherslu á verkefni í flokknum „*aukin nýting upplýsingatækni*“ og hefur Innkaupadeild nú fjárfest í hugbúnaðarleyfum til tveggja ára á algengasta útboðskerfi sem notað er í Evrópu. Innkaupadeild hefur unnið að staðfærslu og þýðingu kerfisins að hluta frá miðju sumri og mun sú vinna halda áfram út þetta ár. Fyrirhugað er að framkvæma fyrstu örútboð og verðfyrirspurnir í útboðskerfinu í desember 2015 og að fyrstu útboð á EES hefjist á næsta ári. Í gegnum útboðskerfið munu væntanlegir bjóðendur geta nálgast gögn og sent inn tilboð með rafrænum og löglegum hætti.

Mikil vinna hefur farið fram við að bæta framsetningu á efni fyrir vefsíðu innkaupa sem ætlað er að einfalda og auka aðgengi fyrir notendur þess.

Sameiginlegur auglýsingavefur opinberra aðila er kominn í loftið (utbodsvefur.is) en fyrsta útgáfa vefsins miðar að því að áhugasamir geti nálgast upplýsingar um öll opinber útboð á einum stað. Frekari útfærsla á vefnum hefur ekki verið unnin.

Innkaupadeild hefur sett upp verkbeiðna- og verkefnastjórnunarkerfi sem eykur yfirsýn á verkefni deildarinnar. Vinnuhópur hefur skoðað kosti þess að Reykjavíkurborg taki upp innkaupakerfi Agresso og var niðurstaða hópsins sú að innkaupakerfi Agresso, sem fullbúið kerfi, stendur jafnfætis öðrum sambærilegum kerfum.

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Til að eftirsóknarvert sé fyrir seljendur að taka þátt í örútböðum þarf umfang innkaupanna að vera áhugavert og dreifing vöru að vera fyrirfram skilgreind. Þannig getur Reykjavíkurborg lækkað viðskiptakostnað bæði hjá sér og þeim sem selja borginni vöru og þjónustu.

3.6 Fjármögnun verkefna sem unnin eru fyrir ríkið

Málefni fatlaðs fólks Heildarkostnaður vegna málefna fatlaðs fólks að meðtalinni lengdri viðveru fatlaðra barna nam 5.084 mkr og tekjur sem komu á móti voru 4.046 mkr rekstrarniðurstaða var neikvæð um 1.038 mkr eða 101 mkr umfram fjárheimildir.

Málefni fatlaðs fólks janúar - september 2015			
Tekjur:	í mkr	Rauntölur	Áætlun
Framlag frá Jöfnunarsjóði		3.073	3.124
Framlag frá Jöfnunarsjóði v. NPA þjónustu		0	0
Framlag frá Jöfnunarsjóði v. lengdrar viðveru		0	29
Útsvarstekjur 0,25% RVK		782	773
Þjónustutekjur		51	53
Útsvarstekjur 0,25% Seltjarnarnes		33	34
Dagþjónusta við önnur sveitarfélög		108	75
Tekjur alls		4.046	4.088
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld		3.160	3.163
Húsaleiga		244	195
Annar rekstrarkostnaður		306	405
Þjónustugjöld (samningar)		1.106	985
Þjónustugjöld (Seltjarnarnes)		19	13
Stjórnunarkostnaður		39	38
Lengd viðvera ÍTR		51	39
Lengd viðvera SFS		160	185
Gjöld alls		5.084	5.025
Niðurstaða		-1.038	-937

Hjúkrunarheimili Hallarekstur hjúkrunarheimila hefur verið mikill síðustu ár. Þegar Reykjavíkurborg tók að sér að annast rekstur hjúkrunarheimila fyrir hönd ríkissjóðs var gert ráð fyrir að rekstur hjúkrunarheimilanna yrði að fullu fjármagnaður með framlögum úr ríkissjóði. Á fyrstu 9 mánuðum ársins 2015 voru hjúkrunarheimilin rekin með 151 mkr halla. Meðfylgjandi mynd sýnir uppsafnaðan halla hjúkrunarheimilanna á árunum 2008 til septemberloka 2015.

Hjúkrunarheimili Reykjavíkurborgar			
Hallarekstur 01.01.2008-30.09.2015 (í mkr á verðlagi hvers árs)			
Ár	Droplaugarstaðir	Seljahlíð	Samtals
2008	157	57	214
2009	200	74	274
2010	166	68	234
2011	84	70	154
2012	135	80	215
2013	137	103	240
2014	156	113	270
2015	78	73	151
Samtals	1.113	638	1.752

Tónlistarskólar Útgjöld vegna einkarekinna tónlistarskóla í Reykjavík námu 827 mkr fyrstu 9 mánuði ársins. Af því voru greiðslur Jöfnunarsjóðs til tónlistarskólanna sem Reykjavíkurborg hefur milligöngu um 245 mkr.

3.7. Lykiltölur mannaúðs

Hér að neðan má sjá lykiltölur mannaúðs skipt eftir sviðum. Tölur sem birtar eru snúa að fjölda stöðugilda, fjölda yfirvinnustunda, fjölda vinnustunda með vaktaálagi og ekinna kílómetra. Í þetta sinn eru birtar tölur fyrir fyrstu 3 ársfjórðunga árana 2014 og 2015 ásamt breytingu á milli ára.

Við útreikning stöðugilda er miðað við greidd stöðugildi í útborgun á tímabilinu 1. janúar til 1. október árin 2014 og 2015 með atvinnuáttaksverkefnum. Undanskilin eru fyrirframgreidd laun í útborgun 1. október og stöðugildi starfsmanna í fæðingarorlofi þar sem ekki fellur til kostnaður vegna þeirra.

A hluti

Lykiltölur um mannaúð - A hluti	1. 2. og 3. ársfj. 2014			1. 2. og 3. ársfj. 2015			Munur frá fyrra ári
	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	
Fjöldi stöðug. jan-sept (meðaltal)	1.733	5.144	6.877	1.710	5.203	6.913	→ 1%
Fjöldi yfirvinnustunda jan-sept	323.963	603.920	927.883	329.040	599.746	928.786	→ 0,10%
Fjöldi vinnust. m. vaktaálagi jan-sept	310.892	599.307	910.199	320.939	607.365	928.304	→ 2%
Eknir kílómetrar (samn. og dagb.)	816.706	1.305.644	2.122.350	492.669	941.154	1.433.823	↓ -32%

Fjöldi stöðugilda hjá A hluta jókst um 36 frá sama tímabili í fyrra. Fjöldi stöðugilda aðalsjóðs jókst um 38, stöðugildum eignasjóðs fækkaði um tvö en stöðugildi bílastæðasjóðs voru óbreytt milli ára. Í heild fjölgaði yfirvinnustundum A hluta um rúmar 9 hundruð stundir milli ára. Fjölgun hjá aðalsjóði var tæpar 7 hundruð stundir, fjölgun hjá eignasjóði var rúmar 5 hundruð stundir en yfirvinnustundum bílastæðasjóðs fækkaði um rúmlega 3 hundruð. Fjöldi yfirvinnustunda með vaktaálagi jókst um rúmar 18 þúsund stundir. Auking var hjá aðalstjóði um 18 þúsund stundir, auking hjá eignasjóði um 5 hundruð stundir en fækkun var hjá bílastæðasjóði um 5 hundruð stundir. Eknum kílómetrum hjá A hluta fækkaði um 689 þúsund milli ára. Fækkun var hjá aðalsjóði um 595 þús km, 90 þús km fækkun var hjá eignasjóði og 4 þús km fækkun var hjá bílastæðasjóði.

Aðalsjóður

Lykiltölur um mannaúð - Aðalsjóður	1. 2. og 3. ársfj. 2014			1. 2. og 3. ársfj. 2015			Munur frá fyrra ári
	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	
Fjöldi stöðug. jan-sept (meðaltal)	1.509	5.086	6.595	1.491	5.142	6.633	→ 1%
Fjöldi yfirvinnustunda jan-sept	272.019	594.477	866.496	277.063	590.124	867.187	→ 0%
Fjöldi vinnust. m. vaktaálagi jan-sept	296.459	597.654	894.113	305.927	606.598	912.525	→ 2%
Eknir kílómetrar (samn. og dagb.)	662.761	1.264.816	1.927.577	406.577	926.432	1.333.009	↓ -31%

Heildarfjöldi stöðugilda hjá aðalsjóði jókst um 38 frá sama tímabili í fyrra. Mesta aukning var hjá skóla- og frístundasviði en þar fjölgaði stöðugildum um 38. Mesta fækkun í stöðugildum var hjá miðlægri stjórnsýslu eða um 13 stöðugildi. Yfirvinnustundum fjölgaði um tæpar 7 hundruð stundir milli ára. Mesta aukning í yfirvinnustundum var hjá velferðarsviði en þar fjölgaði yfirvinnustundum um rúmar 17 þúsund stundir sem að mestu má rekja til vaktaálags og veikinda hjá starfsfólki. Mesta fækkun í yfirvinnustundum var hjá skóla- og frístundasviði eða um 26 þúsund stundir. Fjöldi vinnustunda með vaktaálagi jókst um rúmar 18 þúsund stundir samanborið við fyrstu 9 mánuði síðasta árs, mest aukning var hjá velferðarsviði eða tæpar 19 þúsund stundir. Mesta fækkun vinnustunda með vaktaálagi var hjá íþrótt- og tómsundasviði eða um 12 hundruð stundir. Eknum kílómetrum fækkaði hjá öllum sviðum en föstum aksturssamningum starfsmanna var sagt upp frá og með 1. apríl 2015.

Lykiltölur um mannaúð - ÍTR	1. 2. og 3. ársfj. 2014			1. 2. og 3. ársfj. 2015			Munur frá fyrra ári
	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	
Fjöldi stöðug. jan-sept (meðaltal)	139	130	269	141	126	267	→ -1%
Fjöldi yfirvinnustunda jan-sept	50.439	36.658	87.097	53.009	38.712	91.721	→ 5%
Fjöldi vinnust. m. vaktaálagi jan-sept	48.200	47.221	95.421	47.052	47.131	94.183	→ -1%
Eknir kílómetrar (samn. og dagb.)	62.262	25.934	88.196	43.099	16.633	59.732	↓ -32%

Stöðugildum íþrótt- og tómsundasviðs fækkaði um tvö á milli ára. Fjöldi yfirvinnustunda jókst miðað við sama tímabil í fyrra sem skýrist helst af aukningu hjá sundlaugum en vaktálag lækkaði á móti. Eknum kílómetrum fækkaði vegna uppsagnar á aksturssamningum en á móti keypti sviðið bíl og fleiri starfsmenn nýttu bílaleigubíla og leigubíla.

	1. 2. og 3. ársfj. 2014			1. 2. og 3. ársfj. 2015			
Lykiltölur um mannauð - MOF	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	Munur frá fyrra ári
Fjöldi stöðug. jan-sept (meðaltal)	43	118	161	40	122	162	→ 1%
Fjöldi yfirvinnustunda jan-sept	6.911	14.982	21.893	7.381	16.568	23.949	↗ 9%
Fjöldi vinnust. m. vaktálagi jan-sept	3.554	9.126	12.680	3.700	9.169	12.869	→ 1%
Eknir kílómetrar (samn. og dagb.)	24.004	36.246	60.250	16.563	24.849	41.412	↓ -31%

Stöðugildum menningar- og ferðamálasviðs fjölgaði um eitt milli ára. Fjölgun var um mitt ár 2014 þegar rekstur Sjóminjasafns Reykjavíkur var yfirtekin af borginni og safnið sameinað Borgarsögusafni. Fjölgun yfirvinnustunda má að mestu rekja til yfirtöku Sjóminjasafnsins og aukins opnunartíma á Landnámssýningu sem nú er opin alla daga frá kl. 09-20. Fækkun á eignum kílómetrum var vegna uppsagnar á föstum akstursamningum starfsmanna. Hlutfallslega voru slíkir samningar fáir á sviðinu, en leiða má að því líkur að þeir sem voru með slíka samninga hafi ekki sinnt því nægilega vel að skila inn akstursskýrslum.

	1. 2. og 3. ársfj. 2014			1. 2. og 3. ársfj. 2015			
Lykiltölur um mannauð - SFS	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	Munur frá fyrra ári
Fjöldi stöðug. jan-sept (meðaltal)	733	3.334	4.067	717	3.388	4.105	→ 1%
Fjöldi yfirvinnustunda jan-sept	78.797	258.513	337.310	71.912	238.999	310.911	↘ -8%
Fjöldi vinnust. m. vaktálagi jan-sept	23.555	33.613	57.168	24.660	33.595	58.255	→ 2%
Eknir kílómetrar (samn. og dagb.)	90.230	158.155	248.385	66.501	130.741	197.242	↓ -21%

Stöðugildum skóla- og frístundasviðs fjölgaði um 38 frá sama tímabili árið 2014 og er það í samræmi við fjölgun barngilda í leikskólum og frístundaheimilum. Fækkun yfirvinnustunda má rekja til minni kaupa starfsstöðva á yfirvinnu í hagræðingarskyni til þess að komast hjá fækkun stöðugilda. Fækkun ekinna kílómetra má rekja til uppsagnar á akstursamningum starfsmanna fyrr á árinu.

	1. 2. og 3. ársfj. 2014			1. 2. og 3. ársfj. 2015			
Lykiltölur um mannauð - USKRK	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	Munur frá fyrra ári
Fjöldi stöðug. jan-sept (meðaltal)	150	84	234	147	82	229	→ -2%
Fjöldi yfirvinnustunda jan-sept	35.167	14.402	49.569	38.720	14.242	52.963	↗ 7%
Fjöldi vinnust. m. vaktálagi jan-sept	1.162	984	2.146	1.141	917	2.058	→ -4%
Eknir kílómetrar (samn. og dagb.)	173.021	84.800	257.821	83.646	31.073	114.719	↓ -56%

Stöðugildum umhverfis- og skipulagssviðs fækkaði um 5 á milli ára vegna hagræðingar. Aukið magn yfirvinnu má einkum rekja til aukinnar vinnu starfsmanna í sorphirðu og vegna veðurfars og erfiðra aðstæðna síðastliðinn vetur. Fækkun ekinna kílómetra skv. samningum og dagbókum var vegna uppsagnar á akstursamningum en á móti jókst kostnaður vegna leigubíla og bílaleigubíla.

	1. 2. og 3. ársfj. 2014			1. 2. og 3. ársfj. 2015			
Lykiltölur um mannauð - VEL	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	Munur frá fyrra ári
Fjöldi stöðug. jan-sept (meðaltal)	318	1.254	1.572	325	1.266	1.590	→ 1%
Fjöldi yfirvinnustunda jan-sept	72.927	239.518	312.445	77.481	252.139	329.620	↗ 5%
Fjöldi vinnust. m. vaktálagi jan-sept	207.448	506.566	714.014	217.115	515.642	732.757	→ 3%
Eknir kílómetrar (samn. og dagb.)	161.250	860.493	1.021.743	111.077	687.867	798.944	↓ -22%

Stöðugildum á velferðarsviði fjölgaði um tæp 18 milli ára. Fjölgunin skýrist meðal annars af nýjum búsetuúrræðum fyrir fatlaða og fjölgun stöðugilda á þjónustumiðstöðvum vegna einstaklingsráðgjafar fyrir fatlaða. Fjölgun yfirvinnustunda með vaktálagi hélst í hendur við fjölgun stöðugilda en fjölgun yfirvinnustunda skýrist meðal annars af vaktálagi og veikindum hjá starfsfólki. Fækkun ekinna kílómetra skv. samningum og dagbókum var vegna uppsagnar á akstursamningum en á móti jókst akstur með leigubílum.

	1. 2. og 3. ársfj. 2014			1. 2. og 3. ársfj. 2015			
Lykiltölur um mannauð - RHS	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	Munur frá fyrra ári
Fjöldi stöðug. jan-sept (meðaltal)	126	166	292	120	159	279	→ -4%
Fjöldi yfirvinnustunda jan-sept	27.778	30.404	58.182	28.559	29.464	58.023	→ 0%
Fjöldi vinnust. m. vaktálagi jan-sept	12.540	144	12.684	12.259	144	12.403	→ -2%
Eknir kílómetrar (samn. og dagb.)	151.994	99.188	251.182	85.691	35.269	120.960	↓ -52%

Stöðugildum í miðlægri stjórnsýslu fækkaði um 13 frá sama tímabili árið 2014. Meginhluta fækkunar má rekja til þess að færri voru í atvinnuáttakverkefnum en áður, ætla má að framsett hagræðingarkrafa komi fram af meiri þunga seinnihluta árs. Heilt yfir voru litlar breytingar á yfirvinnu á milli ára og fækkun ekinna kílómetra kom til vegna uppsagnar á akstursamningum starfsmanna.

Eignasjóður

Lykiltölur um mannauð - ES	1. 2. og 3. ársfj. 2014			1. 2. og 3. ársfj. 2015			Munur frá fyrra ári
	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	
Fjöldi stöðug. jan-sept (meðaltal)	201	50	251	198	51	249	→ -1%
Fjöldi yfirvinnustunda jan-sept	46.151	7.481	53.632	46.704	7.445	54.149	→ 1%
Fjöldi vinnust. m. vaktaálagi jan-sept	14.433	703	15.136	13.532	767	14.299	→ -6%
Eknir kílómetrar (samn. og dagb.)	153.945	34.828	188.773	86.092	12.722	98.814	↓ -48%

Stöðugildum hjá eignasjóði fækkaði um tvö milli ára sem skýrist af fækkun hjá umhverfis- og skipulagssviði vegna hagræðingar. Fjöldi yfirvinnustunda jókst um rúmar 500 stundir, mest hjá umhverfis- og skipulagssviði vegna aukinnar vetrarþjónustu. Fækkun ekinna kílómetra milli ára um tæplega 50% skýrist af uppsögn á akstursamningum starfsmanna.

Lykiltölur um mannauð - SEA	1. 2. og 3. ársfj. 2014			1. 2. og 3. ársfj. 2015			Munur frá fyrra ári
	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	
Fjöldi stöðug. jan-sept (meðaltal)	8	5	13	8	5	13	→ 0%
Fjöldi yfirvinnustunda jan-sept	2.041	1.339	3.380	2.115	1.428	3.543	→ 5%
Fjöldi vinnust. m. vaktaálagi jan-sept	0	0	0	0	0	0	→ 0%
Eknir kílómetrar (samn. og dagb.)	21.900	11.325	33.225	9.892	3.775	13.667	↓ -59%

Stöðugildi hjá skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar voru óbreytt milli ára en eitt stöðugildi var tímabundin ráðning vegna aukinna verkefna hjá sviðinu. Uppsögn á akstursamningum starfsmanna skýrir fækkun ekinna km um 59% milli ára.

Lykiltölur um mannauð - USKES	1. 2. og 3. ársfj. 2014			1. 2. og 3. ársfj. 2015			Munur frá fyrra ári
	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	
Fjöldi stöðug. jan-sept (meðaltal)	193	45	238	190	46	236	→ -1%
Fjöldi yfirvinnustunda jan-sept	44.110	6.142	50.252	44.589	6.017	50.606	→ 1%
Fjöldi vinnust. m. vaktaálagi jan-sept	14.433	703	15.136	13.532	767	14.299	→ -6%
Eknir kílómetrar (samn. og dagb.)	132.045	23.503	155.548	76.200	8.947	85.147	↓ -45%

Stöðugildum hjá umhverfis- og skipulagssviði í eignasjóði fækkaði um tvö milli ára vegna hagræðingar. Aukið magn yfirvinnu má einkum rekja til mikillar aukningar í vetrarþjónustu vegna árferðis sl. vetur. Lækkun á vaktaálagi kom á móti aukinni yfirvinnu hjá starfsfólki í vetrarþjónustu. Fækkun ekinna kílómetra skv. samningum og dagbókum kom til vegna uppsagnar á akstursamningum en á móti jókst kostnaður vegna leigubíla og bílaleigubíla.

Bílastæðasjóður

Lykiltölur um mannauð - BS	1. 2. og 3. ársfj. 2014			1. 2. og 3. ársfj. 2015			Munur frá fyrra ári
	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	
Fjöldi stöðug. jan-sept (meðaltal)	23	8	31	21	10	31	→ 0%
Fjöldi yfirvinnustunda jan-sept	5.793	1.962	7.755	5.274	2.177	7.451	→ -4%
Fjöldi vinnust. m. vaktaálagi jan-sept		950	950	1.480	0	1.480	↑ 56%
Eknir kílómetrar (samn. og dagb.)		6.000	6.000	0	2.000	2.000	↓ -67%

Fjöldi stöðugilda hjá bílastæðasjóði var óbreyttur á milli ára, stöðugildi voru um 31 en æskilegur fjöldi er um 35 stöðugildi. Töliverð starfsmannavelta hefur verið viðvarandi, sérstaklega í útideild þar sem erfitt hefur verið að manna stöðugildi til fulls aðallega vegna launakjara. Störf í útideild eru erfið störf sem sinna þarf í öllum veðrum og taka á bæði líkamlega og andlega. Konum er enn að fjölga og nú eru 5 konur starfandi sem stöðuverðir í útideild og er það jákvæð þróun sem vonandi heldur áfram. Boðið er upp á hlutastörf og hafa konur nýtt sér það og eru nú tvær konur í 50% og 80% starfi. Fjöldi yfirvinnustunda er unnin alla jafna enda eftirlit útideildar alla virka daga til kl. 18 og sex tíma á laugardögum auk annars eftirlits á kvöldin og um helgar. Á móti kostnaði við yfirvinnu og vinnustundir með vaktalagi koma auknar tekjur við eftirlit. Eknum kílómetrum fækkaði milli ára vegna uppsagnar á aksturssamningum starfsmanna.

3.8 Kynjuð fjárhags- og starfsáætlun

Í reglum um gerð fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar er kveðið á um að fjárhagsáætlunargerð skuli byggjast á aðferðafræði kynjaðrar fjárhagsáætlunargerðar. Markmiðið er í raun að samþætta fjármála- og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Stefnt er að réttlátri dreifingu gæða og fjármuna með tilliti til stöðu borgarbúa í anda mannréttindastefnunnar. Til þess að ná þeim markmiðum er markvisst unnið að innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar (KFS) og er búið að skipta innleiðingarferlinu í fjóra áfanga sem ná yfir tímabilið 2011-2018. Miðað við þá skiptingu er borgin komin í lokaáfanga innleiðingarinnar sem snýr að áframhaldandi greiningu á þjónustupáttum borgarinnar sem leiða munu til bættra verkferla og ráðstöfunar fjármuna.

Verkefni ársins 2015

Í janúar 2015 samþykkti borgarráð breytingar á reglum um gerð fjárhagsáætlunar til að tryggja enn frekari framgang kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar en í þeim breytingum felst að framkvæma jafnréttismat á öllum breytingartillögum við samþykktu fjárhagsáætlun og vegna nýrra verkefna á áætlun komandi árs eins og að framan greinir. Borgarráði hafa þegar borist tillögur sem búið er að framkvæma jafnréttismat á ásamt umsögn fjármálaskrifstofu. Öllu jafnréttismati er skilað til fjármálaskrifstofu (FMS) sem yfirfer matið og gefur út umsögn í samráði við sviðin sem fylgir tillögunni til borgarráðs.

Á árunum 2014-2015 hefur starfshópur FMS unnið að því að efla skráningu og innköllun kyngreindra gagna í samráði við stýrihóp KFS og fagsvið borgarinnar. Stefnt er að því að birta slík gögn undir Árbók Reykjavíkurborgar. Nú stendur til að setja saman miðlægan starfshóp sem tryggir söfnun gagna og birtingu þeirra sem mun leiða til þess að gagnagrunnurinn verði betri og aðgengilegri almenningi.

Samstarf er hafið við Háskóla Íslands. Fulltrúar stýrihóps KFS hafa unnið að kynningum innan Háskólans og lagt til verkefni sem nemendur geta unnið að.

Stýrihópurinn vinnur nú að því að þróa leið til þess að innleiða aðferðafræði KFS inn í stofnanir borgarinnar til aukinnar sjálfsbærni í innleiðingakerfi KFS. Verið er að stilla upp Jafnréttisskrefum í anda Grænna skrefa þar sem sjónarmiðum KFS er haldið á lofti. Stefnt er að því að því að kynna það verkfæri snemma á næsta ári.

Verkefni fagsviða

Á öllum fagsviðum borgarinnar og miðlægum skrifstofum er nú unnið markvisst að innleiðingu á KFS til þess að markmiðum KFS verði náð fyrir árið 2018. Öll svið hafa frá árinu 2012 unnið að greiningu á þjónustupáttum borgarinnar. Jafnréttismat hefur sömuleiðis spilað stórt hlutverk á árinu og mun gera áfram. Markvisst er unnið að því að bæta gagnagrunn og verklag varðandi innköllun kyngreindra tölfræðigagna og aðgengi að gögnum.

Hér að neðan verður farið yfir síðustu verkefni fagsviða og þeirra verkefna sem verið er að vinna að í dag.

Íþrótt- og tómstundasvið

Á íþrótt- og tómstundasviði (ÍTR) hefur verið unnið að greiningu á styrkjum og íþróttaiðkun barna og ungmenna en það verkefni er ennþá í vinnslu þar sem þörf var á að dýpka greiningu gagnanna enn fremur. Í dag vinnur starfshópur að því að greina sumarstörf ÍTR og stuðla að jöfnum möguleikum kynjanna innan ÍTR og hjá félögum í hverfum borgarinnar. Í dag eru um 400 skólanemendur ráðnir til starfa hjá ÍTR, þar af eru um 100 sem starfa hjá íþróttafélögum borgarinnar á vegum sumarnámskeiða fyrir börn og unglínga. Verkefnið byggist á því að greina þá einstaklinga sem hafa verið ráðnir í sumarstörf síðastliðin ár hjá starfsstöðum ÍTR og íþróttafélögum sem ÍTR styrkir.

Skóla- og frístundasvið

Árið 2014 voru starfandi tveir starfshópar undir formerkjum KFS á sviðinu. Annars vegar starfshópur sem vann greiningu á almennri sérkennsluúthlutun til borgarrekinnar grunnskóla og hins vegar starfshópur sem vann greiningu á þátttöku 10-12 ára barna í félagsmiðstöðvarstarfi og hafa þeir báðir skilað inn niðurstöðum. Í dag hafa verið starfræktir þrjú starfshópar undir formerkjum KFS. Unnið er að greiningu á stöðu barna í sumarfrístund, þátttöku barna í skólahljómsveitum og styrkveitingum sviðsins. Áætlað er að starfshóparnir þrjú skili inn niðurstöðum í lok árs 2015.

Menningar- og ferðamálasvið

Árið 2014 skilaði starfshópur menningar- og ferðamálasviðs (MOF) niðurstöðum úr könnun á þátttöku barna og unglínga í skipulögðum viðburðum menningarstofnana Reykjavíkurborgar. Unnið hefur verið markvisst með þær niðurstöður á árunum 2014- 2015. Um mitt árið 2014 var síðan skipaður starfshópur menningar- og ferðamálasviðs sem vann úttekt á skráningu kyngreindra gagna varðandi þjónustu við gesti innan stofnana sviðsins og skilaði hann inn niðurstöðum í upphafi árs 2015. Áfram verður unnið með niðurstöður þeirrar greiningar á árinu 2015 þar sem lögð verður fram aðgerðaráætlun út frá þeim gögnum sem nú liggja fyrir.

Umhverfis- og skipulagssvið

Á umhverfis- og skipulagssviði hefur verið unnið að greiningu og eftirfylgni varðandi skipulagsmál borgarinnar. Gerð var greining á aðkomu kynjanna að skipulagsmálum og greining á deiliskipulagi borgarinnar. Í dag er unnið að greiningu á hjólréiðaaætlun borgarinnar. Til greiningar eru fjárfestingar USK í hjólastígum og mannvirkjum vegna hjólréiða. Vorið 2015 var að auki mótaður verkferill vegna skráningar og innköllun kyngreindra tölfræðigagna. Hann kemur til framkvæmda haustið 2015.

Velferðarsvið

Á velferðarsviði hefur verið unnið að greiningu á fjárhagsaðstoð. Fjárhagsaðstoð má greina í framfærslustyrk og heimildagreiðslur. Niðurstöður úr greiningu á framfærslustyrk voru tilbúnar í apríl 2014 og í dag er unnið að greiningu á heimildagreiðslum. Á árinu 2015 verður stuðningsþjónustan skoðuð með sérstakri áherslu á þjónustu við börn. Þá verða biðlistar einnig skoðaðar með tilliti til aldurs og kyns.


Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Kyngreind gögn: Fyrir liggur erindisbréf um skipun starfshóps yfir tölfræðigögnum, bæði varðandi gagnasöfnun og birtingu gagna.
- Þjónustuþættir: Tryggja þarf að vinna sviða og skrifstofa með aðferðafræði Kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar sé að skila sér í bættum verkferlum og ráðstöfum fjármuna.
- Jafnréttismat: Tryggja þarf að jafnréttismat sé unnið á öllum breytingartillögum á samþyktri fjárhagsáætlunar, auk nýrra verkefna á komandi áætlun, sem talin eru hafa áhrif á fólk. Færð skulu rök fyrir því ef tillaga er ekki talin þurfa slíkt mat.

4. Nánar um A hluta

4.1 Aðalsjóður

4.1.1 Íþróttta- og tómstundasvið



Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri íþróttta- og tómstundasviðs í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun) á fyrstu níu mánuðum ársins 2015.. Prósentuhlutföll lýsa frávikni raunniðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða sviðsins var 4.929 mkr sem var 77 mkr eða 1,5% undir fjárheimildum.

Tekjur voru 1.237 mkr sem gerir 166 mkr eða 15,5% yfir áætlun. Tekjur af **skíðasvæðunum** voru 37 mkr hærri en áætlun gerði ráð fyrir sem rekja má til fleiri opnunardaga en áætlun gerði ráð fyrir. Tekjur **sundlauga** voru 66 mkr yfir áætlun. Tekjur af **Fjölskyldu- og húsdýragarði** voru 24 mkr yfir áætlun sem skýrist af hluta til af minjagripasölu sem ekki var gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun.

Laun og launatengd gjöld voru um 1.356 mkr, sem var 31,5 mkr eða 2,4% yfir fjárheimildum. Launakostnaður **skíðasvæðanna** var 13,8 mkr yfir fjárheimildum og launakostnaður í **sundlaugunum** var 1,6 mkr yfir fjárheimildum. Þá var launakostnaður vegna **frístundarstarfs fatlaðra** hjá Hinu Húsinu 5,8 mkr yfir fjárheimildum. Launakostnaður hjá **Fjölskyldu- og húsdýragarðinum** var 6,7 mkr eða 3,8% yfir fjárheimildum.

Annar rekstrarkostnaður var um 4.810 mkr, sem reynist 58 mkr eða 1,2% yfir fjárheimildum. Skýrist það helst af öðrum rekstrarkostnaði **skíðasvæðanna** sem var 54,5 mkr

yfir fjárheimildum. Ástæður þess má rekja til hliðrunar á gjaldfærslum auk fleiri opnunardaga en áætlað var. Annar rekstrarkostnaður **sundlaugganna** var 13,4 mkr yfir fjárheimildum og kostnaður vegna **gervigrasvalla** var 12,9 mkr yfir fjárheimildum.

Húsaleigu- og æfingastyrkir: Rekstrarniðurstaða vegna húsaleigu- og æfingastyrkja var 1.620 mkr sem var 47 mkr eða 2,8% undir fjárheimildum, skýrist það af hliðrun í greiðslum milli tímabila.

Sundlaugar: Rekstrarniðurstaða sundlauga telur 860,5 mkr sem var 50,5 mkr eða 5,65 % undir fjárheimildum. Tekjur sundlauga voru 66 mkr hærri en áætlun gerði ráð fyrir eða 11,6% yfir áætlun. Skýrist það helst af meiri aðsókn og aukinni sölu. Annar rekstrarkostnaður nam 13,4 mkr eða 1,5% yfir fjárheimildum.

Skíðasvæðin á höfuðborgarsvæðinu: Rekstrarniðurstaða skíðasvæðanna var jákvæð um 10,4 mkr sem var 31,4 mkr lakari niðurstaða en áætlað var eða 75,2%. Ástæðu þess má helst finna í hliðrun á kostnaði og fleiri opnunardögum en áætlað var.

Frístundakort: Kostnaður vegna frístundakorta var 449,6 mkr sem var 13,5 mkr eða 3,1 % undir fjárheimildum.

Fjölskyldu- og húsdýragarður: Rekstrarniðurstaða vegna Fjölskyldu- og húsdýragarðsins var 129 mkr sem var 5 mkr undir áætlun eða 3,7%. Tekjurnar voru 24 mkr yfir áætlun sem rekja má að hluta til minjagripasölu sem ekki var gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Launakostnaður var 6,7 mkr undir fjárheimildum og annar kostnaður í garðinum var 12,2 mkr yfir fjárheimildum sem var að mestu tilkominn vegna aukins kostnaðar á vörum til endursölu.

Hitt húsið: Rekstrarniðurstaða var 231 mkr sem var 9 mkr undir fjárheimildum eða 3,7%. Skýrist það af því að tekjur voru 15,3 mkr yfir áætlun. Þá var launakostnaður 3,8 mkr yfir fjárheimildum en annar rekstrarkostnaður 2,6 mkr undir fjárheimildum. Þar af er frístund fatlaðra framhaldskólanema 2,5 mkr undir áætlun.

Hátíðahöldin 17. júní Kostnaður nam 19 mkr sem var 4,2 mkr yfir fjárheimildum eða 29,1%.

Ylströndin: Rekstrarniðurstaða var 44 mkr sem var 0,9 mkr yfir fjárheimildum eða 2%. Tekjur voru 4 mkr yfir áætlun. Launakostnaður var 1,7 mkr yfir fjárheimildum og annar kostnaður var um 3,2 mkr yfir fjárheimildum sem rekja má til aukinnar orkunotkunar og aukins kostnaðar við aðföng í veitingasölu.


Síglunes: Rekstrarniðurstaða var 22 mkr sem var 4,3 mkr yfir fjárheimildum eða 23,6%. Tekjur voru 0,2 mkr yfir áætlun, launakostnaður var 4,2 mkr yfir fjárheimildum, skýrist það að hluta af tekjum af atvinnuátaksverkefni sem eftir er að færa á móti kostnaði. Annar kostnaður var 0,3 mkr yfir fjárheimildum.

Þjónusta við félög: Rekstrarniðurstaða var 49 mkr sem var 1,9 mkr eða 4,1% yfir fjárheimildum sem skýrist af því að kostnaður vegna aðkeyptar vinnu var undir áætlun en kostnaður vegna rekstur valla mun að mestu falla til á seinnihluta ársins.

Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Rekstur sviðsins var 77 mkr undir fjárheimildum eða 1,5% á tímabilinu. Mestu frávik voru í rekstri sundlauga sem voru 50,5 mkr innan fjárheimilda þar sem aðsókn var meiri en áætlað var. Húsaleigu og æfingarstyrkir greiddust seinna út áætlað var og voru 47 undir áætlun. Hagnaður af rekstri skíðasvæðanna var minni en gert var ráð fyrir sem nam 31 mkr þar sem opnunardagar í vetur voru fleiri en áætlun gerði ráð fyrir.

4.1.2 Menningar- og ferðamálasvið



Rekstur MOF (mkr)	Raun 2015	Áætlun 2015	Frávik	%
Tekjur	304	253	50	19,9%
Laun og launat. gj.	823	818	5	0,6%
Annar rekstark.	2.443	2.405	39	1,6%
Rekstrarniðurstaða	2.963	2.969	-6	-0,2%

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri Menningar- og ferðamálasviðs fyrir fyrstu 9 mánuði ársins 2015 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun) tímabilsins. Prósentuhlutföll lýsa frávikni raunniðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða sviðsins var 2.963 mkr sem var 6 mkr eða 0,2% undir fjárheimildum tímabilsins.

Tekjur tímabilsins voru um 304 mkr eða 50 mkr og 19,9% yfir áætlun tímabilsins. Helstu frávik voru vegna **aðgangseyris** sem var umfram áætlun á flestum söfnum sem innheimta aðgangseyri. Skýrist það helst af fjölgun erlendra ferðamanna og nýrri Landnámssýningu, sér sýningu, sem ekki var gert ráð fyrir í áætlun ársins. Á móti voru tekjur hjá **Borgarbókasafni**, vegna sekta, skirteinasölu, safnbúða og af salarleigu í Gerðubergi, aðeins undir áætlun.

Laun og launatengd gjöld voru 823 mkr sem var 5 mkr eða 0,6% umfram fjárheimildir. Lokið er mati á kostnaðaráhrifum vegna endurskoðunar starfsmats og var fjárheimildum breytt og um leið gerð hagræðingarkrafa á launaútgjöld sviðsins.

Annar rekstarkostnaður var 2.443 mkr, sem var 39 mkr eða 1,6% yfir fjárheimildum tímabilsins. Helstu frávik voru vegna styrkja sem greiddust hraðar út en áætlun gerði ráð fyrir auk þess sem kostnaður vegna vöktunar á sérsýningu á handritunum á **Landnámssýningu**, bókakaup

Borgarbókasafnsins og kostnaður vegna **menningarnætur** og markaðsverkefna á **Höfuðborgarstofu** var hærrí en áætlun tímabilsins gerði ráð fyrir. Á móti kom að framlag tengt **Hörpu** og styrkur til **Leikfélags Reykjavíkur** voru lægri en áætlun gerði ráð fyrir þar sem vísitalan var lægri en forsendur fjárhagsáætlunar gerðu ráð fyrir.

Styrkir og samstarfssamningar: Kostnaður sviðsins vegna þessa liðar nam ríflega 966 mkr og var 0,5% yfir fjárheimildum tímabilsins eða ríflega 4,6 mkr. Styrkir **fagráðisins** greiddust hraðar út en rekstaráætlun gerði ráð fyrir (14,8 mkr). Á móti kom að þar sem verðbólga var lægri en forsendur fjárhagsáætlunar gerðu ráð fyrir var bæði styrkur til Leikfélags Reykjavíkur og innri leiga lægri en fjárheimildir tímabilsins. Styrkur til **Leikfélagsins** skiptist þannig að 281 mkr voru vegna innri leigu og 410 mkr vegna rekstrarframlags. Rekstrarframlagið er skv. samningi verðbætt árlega miðað við vísitölur janúarmánaðar, að hálfu miðað við vísitölu launa og að hálfu miðað við vísitölu neysluverðs.

Framlög: Framlag Reykjavíkurborgar til **Hörpu** – tónlistar- og ráðstefnuhússins var um 426 mkr en það var 13,7 mkr eða 3,1% undir fjárheimildum. Framlag til **Sinfóníuhljómsveitar Íslands** var 149,6 mkr eða um 14,5 mkr yfir fjárheimildum tímabilsins þar sem framlag október mánaðar var gjaldfært á september.

Borgarbókarsafn: Kostnaður vegna reksturs safnsins var 593,5 mkr, sem var 6,7 mkr eða 1,1% undir fjárheimildum tímabilsins. Tekjur voru undir áætlun tímabilsins um ríflega 1,8 mkr eða 4,8%. Helstu skýringar voru að tekjur af sektargreiðslum og skirteinasölu ásamt tekjum af salarleigu í Gerðubergi og af safnbúðum voru lægri en áætlun. Laun og launatengd gjöld voru innan fjárheimilda sem nam 12,8 mkr sem skýrist af því að ekki var ráðið strax í stað þeirra sem fóru í launalaust leyfi og/eða létu af störfum. Á móti kom að liðurinn bókakaup var yfir fjárheimildum tímabilsins um 3,6 mkr.

Gestir Borgarbókasafnsins voru 513 þúsund fyrstu 9 mánuði ársins og fjölgaði þeim hlutfallslega mest í nýju menningarhúsi í Spönginni eða um 35% milli ára. **Útlán** voru tæplega 626 þúsund eða 2% lægri en á sama tímabili í fyrra.

Um sl. áramót var rekstur Borgarbókasafnsins og Menningarmiðstöðvarinnar Gerðubergs sameinaður með það að markmiðið að efla enn frekar menningarstarfsemi út í hverfum borgarinnar og þróa starfsemi Borgarbókasafns í átt að víðtækara menningarstarfi í samræmi við það sem hefur gerst í sambærilegri starfsemi í nágrennalöndunum.

Listasafn Reykjavíkur: Kostnaður vegna reksturs Listasafnsins var tæplega 292 mkr eða um 7,3 mkr og 2,6% yfir fjárheimildum tímabilsins. Tekjur af aðgangseyri voru hærrí en áætlað hafði verið sem nam 6,6 mkr eða ríflega 21,5%. Jafnframt voru tekjur af safnbúðum 18% eða 3 mkr hærrí en áætlun tímabilsins gerði ráð fyrir, en á móti kom að húsaleigutekjur voru lægri en áætlað var sem nam um 1 mkr. Laun og launatengd gjöld voru 5% eða um 6 mkr umfram

fjárheimildir tímabilsins sem skýrist að stærstum hluta vegna orlofsuppgjörs starfsmanna sem hættu á árinu. Þá var kostnaður sýningardeildar hærri en fjárheimildir tímabilsins gerðu ráð fyrir þar sem nokkur sýningarverkefni voru umfangsmeiri en áætlað hafði verið. Listaverkakaup voru yfir fjárheimildum tímabilsins sem nam 1,6 mkr eða 14%. Gestum safnsins fjölgaði um 13% fyrstu 9 mánuði ársins samanborið við sama tímabil 2014.

Borgarsögusafn Reykjavíkur: Tók til starfa fyrir rúmu ári eða þann 1. júní 2014 þegar Árbæjarsafn, Landnámssýningin, Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Sjóminjasafn Reykjavíkur og Viðey voru sameinuð. Kostnaður vegna reksturs Borgarsögusafns Reykjavíkur og þeirra eininga sem undir safnið heyrna nam ríflega 293 mkr sem var 2% eða 6 mkr undir fjárheimildum tímabilsins. Helstu frávik voru í tekjum af aðgangseyri sem voru töluvert umfram áætlun eða 25 mkr, þar af ríflega 7,3 mkr vegna sérsýningar á handritunum sem opnuð var á Landnámssýningunni í lok mars sl. og sundurliðun fjárhagsáætlunar tekur ekki tillit til. Laun og launatengd gjöld voru 10% yfir fjárheimildum var sem má að hluta rekja til lengri opnunartíma og aukinnar mönnunar vegna fjölgunar gesta á Landnámssýningunni. Þann kostnaðarauka var unnt að fjármagna með auknum tekjum af aðgangseyri og um leið var komið til móts við þarfir ferðamanna sem hefur fjölgað til muna í borginni. Gestum Landnámssýningar fjölgaði um 26%, um 13% á Árbæjarsafni og 17% í Viðey, en gestum Ljósmyndasafns fækkaði um 12% samanborið við sama tímabil í fyrra. Frá sameiningu hefur verið unnið markvisst að því að straumlínulaga rekstur Borgarsögusafns og koma honum í jafnvægi auk þess að skýra og fínstillta verkferla, sú vinna hefur gengið vel og ráðgert er að hinu eiginlega sameiningarferli sé um það bil að ljúka.

Höfuðborgarstofa: Kostnaður vegna reksturs Höfuðborgarstofu nam tæpum 125 mkr og var því 2,2 mkr eða 1,8% yfir fjárheimildum tímabilsins. Helstu skýringar á frávikum voru að tekjur voru 1,7 mkr undir áætlun og kostnaður vegna menningarnætur og markaðsverkefna féll til fyrr á árinu en rekstraráætlun gerði ráði fyrir. Launakostnaður var hins vegar vel innan fjárheimilda, þar sem dregið var að ráða í stöður sem losnuðu. Gert er ráð fyrir að rekstur Höfuðborgarstofu verði innan fjárheimilda í lok árs.

Gestum **Upplýsingamiðstöðvar ferðamanna** fjölgaði um ríflega 5% samanborið við sama tímabil síðasta árs og voru tæplega 298 þúsund. Fyrirhugað er að auglýsa sölustarfssemi Upplýsingarmiðstöðvarinnar fyrir lok árs en þá mun samningur við núverandi rekstraraðila renna út. Unnið hefur verið að endurskoðun á aðgerðaráætlun ferðamálastefnunnar og hefur hún þegar verið kynnt í menningar- og ferðamálaráði og í borgarráði.


Yfirstjórn: Kostnaður vegna yfirstjórnar nam tæplega 64,8 mkr sem var um 3,5 mkr eða 5,2% undir fjárheimildum tímabilsins. Frávikin voru að stærstum hluta tilkomin vegna þess að launakostnaður var lægri en áætlað var þar sem dregið var í nokkra mánuði að ráða í lausa stöðu.

Annað: Helsta sérverkefni sviðsins á árinu var **Bókmenntaborg UNESCO**. Reykjavík fékk titilinn á árinu 2011 og hefur unnið markvisst að bókmenntatengdum verkefnum, kynningarstarfi og alþjóðlegum tengslum í netverki skapandi borga UNESCO. Verkefnið var rekið innan fjárheimilda. Á fyrri hluta ársins hefur jafnframt verið unnið að fjölbreyttum verkefnum á sviði barnamenningar s.s. **Meningarfánanum**, sem er samstarfsverkefni MOF og SFS, auk þess sem markvisst er unnið að því að efla Gestakort Reykjavíkur, Menningarkort Reykjavíkur og safnbúðirnar með það að markmiði að efla sértekjuþátt safnanna og hefur sú vinna þegar skilað sýnilegum árangri og eru verkefnið rekin innan fjárheimilda tímabilsins.

Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Sviðið var 6 mkr undir áætlun en sé litið til þess að framlög októbermánaðar til Sinfóníuhljómsveitar Íslands voru gjaldfærð í september þá var sviðið í raun um 20 mkr undir fjárheimildum.

4.1.3 Skóla- og frístundasvið



Rekstur SFS (mkr)	Raun 2015	Áætlun 2015	Frávik	%
Tekjur	2.691	2.410	281	11,7%
Laun og launat. gj.	19.421	19.162	259	1,4%
Annar rekstark.	12.257	12.230	28	0,2%
Rekstrarniðurstaða	28.988	28.982	6	0,0%

eða 2,3%. Annar kostnaður frístundahluta var um 21 mkr undir fjárheimildum eða 4%. Annar kostnaður hjá yfirstjórn/miðlægum liðum var um 25 mkr undir fjárheimildum eða 10,2%. Annar kostnaður listmála og námsflokka var 24 mkr undir fjárheimildum eða 2,5%.

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri skóla- og frístundasviðs á fyrstu 9 mánuðum ársins 2015 í samanburði við endurskoðaða áætlun tímabilsins. Prósentuhlutföll lýsa frávikum raunniðurstöðu m.v. áætlun. Allar fjárhæðir eru í milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða sviðsins var 28.988 mkr sem var 6 mkr yfir fjárheimildum tímabilsins.

Tekjur voru 2.691 mkr sem var um 281 mkr yfir áætlun eða 11,7%. Þar af voru tekjur grunnskólahluta 172 mkr yfir áætlun eða 19,3%. Hjá leikskólahluta voru tekjur um 29 mkr yfir áætlun eða 2,6%. Tekjur frístundahluta voru 63 mkr yfir áætlun eða 16,3%. Tekjur listmála og námsflokka voru um 1 mkr yfir áætlun eða 3,4%.

Laun og launatengd gjöld voru 19.421 mkr sem var um 259 mkr yfir fjárheimildum eða 1,4%. Þar af voru laun grunnskólahluta um 4 mkr undir fjárheimildum eða á pari. Hjá leikskólahluta var launakostnaður 197 mkr yfir fjárheimildum eða 3,2%. Launakostnaður frístundahluta var 60 mkr yfir fjárheimildum eða 3,6%. Launakostnaður yfirstjórnar/miðlægra liða var um 4 mkr yfir fjárheimildum eða 0,9%. Launakostnaður listmála og námsflokka var 2 mkr yfir fjárheimildum eða 1,4%.

Annar rekstarkostnaður var 12.257 mkr sem var 28 mkr yfir fjárheimildum eða 0,2%. Þar af var annar kostnaður grunnskólahluta 20 mkr yfir fjárheimildum eða 0,3%. Hjá leikskólahluta var annar kostnaður 77 mkr yfir fjárheimildum eða 2,3%. Annar kostnaður frístundahluta var um 21 mkr undir fjárheimildum eða 4%. Annar kostnaður hjá yfirstjórn/miðlægum liðum var um 25 mkr undir fjárheimildum eða 10,2%. Annar kostnaður listmála og námsflokka var 24 mkr undir fjárheimildum eða 2,5%.

Grunnskólahluti

Grunnsk.hluti (mkr)	Raun 2015	Áætlun 2015	Frávik	%
Tekjur	1.061	889	172	19,4%
Laun og launat. gj.	10.610	10.615	-4	0,0%
Annar rekstark.	7.196	7.176	20	0,3%
Rekstrarniðurstaða	16.745	16.901	-156	-0,9%

Grunnskólahluti SFS var 0,9% undir fjárheimildum tímabilsins eða 156 mkr.

Tekjur grunnskólahluta voru 1.061 mkr sem var um 172 mkr eða 19,4% yfir áætlun. Helstu frávik voru að tekjur vegna sölu á máltíðum í grunnskólum voru 6 mkr lægri en áætlað var og tekjur vegna uppgjörs sveitarfélaga vegna skólakostnaðar nemenda sem sækja skóla utan síns lögheimilissveitarfélags voru 67 mkr hærri en áætlun. Einnig voru tekjur bókaðar í september sem áætlun gerðu ráð fyrir að bærust í október. Húsaleiga, leiga af íþróttamannvirkjum og aðrar sértekjur voru 9 mkr yfir áætlun.

Frávik annarra tekjuliða grunnskólahluta skýrast af framlögum og styrkjum sem skólarnir sækja um en ekki var áætlað fyrir, til dæmis framlög vegna námsleyfa kennara 72 mkr og aðrir styrkir 26 mkr. Kostnaður bókast á móti styrkjum, ýmist á laun eða annan rekstarkostnað.


Launakostnaður grunnskólahluta var 10.610 mkr sem var um 4,1 mkr eða 0,04% undir áætlun. Á launakostnað var áætlað fyrir kostnaðarliðum sem skólastjórnendur hafa val um að ýmist ráða starfsfólk í eða kaupa frá þriðja aðila, til dæmis ræstingar.

Annar rekstarkostnaður var 7.196 mkr sem var um 20 mkr eða 0,1% yfir áætlun. Innri leiga var 103 mkr undir fjárheimildum og því var annar rekstarkostnaður 123 mkr yfir fjárheimildum.

Borgarreknir grunnskólar og tengdir liðir

Kostnaður vegna reksturs borgarrekinna grunnskóla og tengdra liða (að meðtöldum sér- og sameinuðum skólum) var 16.224 mkr. Fjárheimildir námu 16.366 mkr fyrir grunnskóla og tengda liði og var kostnaður því 142 mkr undir fjárheimildum eða 0,9%. Úthlutunarpottar grunnskóla voru samanlagt með afgang á fjárheimildum á tímabilinu 364 mkr sem koma á móti halla grunnskólanna.


Grunnskólar með 4% halla eða meiri á fyrstu 9 mánuðum 2015




Borgarreknir grunnskólar: Á tímabilinu voru 25 grunnskólar af 36 (með sér- og sameinuðum skólum) með hallarekstur en 11 með afgang. Samanlagður halli grunnskólanna 21 var 344,6 mkr. Fimm grunnskólar voru 4% eða meira yfir áætlun. Samanlagður afgangur grunnskólanna 11 var 66,9 mkr. Réttarholtsskóli var með mestan afgang í prósentum 3,9% eða 13,8 mkr.

Stofnun	Halli í %	Halli í mkr	Frávik í tekjum	Frávik í launakostnaði	Frávik í öðrum rekstrarkostnaði
Hlíðaskóli	6,6%	35.817	-2.810	31.882	6.745
Ingunnarskóli	6,1%	26.263	-1.553	19.103	8.713
Háteigsskóli	4,9%	18.963	1.112	12.197	5.654
Hagaskóli	4,7%	20.821	-553	17.521	3.853
Árbæjarskóli	4,0%	23.839	-8.119	26.767	5.191
Samtals grunnskólar með 4% halla eða meiri		125.703	-11.923	107.469	30.156

Grunnskólar með 0-3,9% halla á fyrstu 9 mánuðum 2015



Grunnskólar með afgang á fyrstu 9 mánuðum 2015



Sameiginlegir liðir tengdir grunnskólum

Langtímaveikindapottur útgjöld voru 152 mkr og var afgangur 9 mkr.

Sérkennslupottur ráðstafað hefur verið 688 mkr og var afgangur 110 mkr í lok tímabils. Enn er eftir að úthluta úr pottinum til skólanna vegna sérkennslu tímabilið janúar – september.

Endurúthlutunarpottur óráðstafað var 133 mkr miðað við stöðu níu mánaða uppgjörs.

Nýbúakennslupottur útgjöld voru 52 mkr og var afgangur 30,7 mkr í lok tímabils.

Skólaakstur útgjöld voru 118 mkr og var afgangur 51 mkr eða 30%, skýringin er að uppgjör á akstri vegna september hefur skilað sér mjög seint frá akstursaðilum og áætlun er skipt jafnt niður á mánuði. Kostnaður vegna júlí, ágúst og september var mjög lítill.

Sjálfstætt starfandi grunnskólar útgjöld voru 520mkr sem er 3% undir fjárheimildum eða 14 mkr sem skýrist af því að fjöldi nemenda var lægri en gert var ráð fyrir. Hins vegar hefur gjald sem greitt er til sjálfstætt starfandi grunnskóla hækkað og er því afgangur minni en ella.

Leikskólahluti

Leikskólahluti (mkr)	Raun 2015	Áætlun 2015	Frávik	%
Tekjur	1.123	1.094	29	2,6%
Laun og launat. gj.	6.425	6.228	197	3,2%
Annar rekstark.	3.385	3.308	78	2,3%
Rekstrarniðurstaða	8.687	8.442	245	2,9%

Leikskólahluti SFS var 2,9% yfir áætlun tímabilsins eða 245 mkr.

Tekjur leikskólahluta voru um 29 mkr yfir áætlun eða 2,9% sem skýrist að stærstum hluta vegna þess að meðalgreiðsla fyrir hvern barn var hærri en áætlað var.

Launakostnaður leikskólahluta var 197 mkr yfir áætlun eða 3,2%. Sérkennslan var 133 mkr yfir fjárheimildum (sjá kafla vegna sérkennslu), launakostnaður borgarrekinnna leikskóla og endurúthlutunarpottur var 60 mkr yfir fjárheimildum og langtímaveikindi voru 4 mkr yfir fjárheimildum (sjá skýringar að neðan).

Annar rekstrarkostnaður leikskólahluta var tæplega 78 mkr yfir fjárheimildum. Annar rekstrarkostnaður borgarrekinnna leikskóla utan innri leigu var 108 mkr yfir fjárheimildum, sérkennsla sjálfstætt leikskóla var 23,4 mkr yfir fjárheimildum en innri leiga var 28 mkr undir fjárheimildum. Dagforeldrar voru hins vegar 28 mkr undir fjárheimildum.

Magntölutafla

Janúar - september 2015 (meðaltal)	Raunfjöldi barna	Áætlaður fjöldi barna	Mismunur	Raunfjöldi dvalargilda	Áætlaður fj. dvalargilda*	Mismunur
Borgarrekinn leikskólar	5.894	5.896	-2	58.550	59.852	-1.302
Samrekinn leik- og grunnskólar	137	134	3	1.337	1.290	47
Sjálfstætt starfandi leikskólar	1.094	1.083	11			
Dagforeldrar	845	937	-92			

* dvalargildi = dvalarstundir x barngildisstuðull


Borgarrekinn leikskólar og tengdir liðir:

Kostnaður vegna borgarrekinnna leikskóla og tengdra liða var 7.218 mkr, fjárheimildir námu 6.946 mkr og liðurinn var því 272 mkr yfir fjárheimildum.

Launakostnaður borgarrekinnna leikskóla og tengdra liða var rúmlega 197 mkr yfir fjárheimildum, þar af vegna sérkennslu 132,6 mkr.



Annar rekstrarkostnaður borgarrekinnna leikskóla var 108 mkr yfir fjárheimildum. Þar af er endurnýjun og viðhald á áhöldum, búnaði og skrifstofuvélum um 47 mkr yfir fjárheimildum, fæði 18 mkr yfir fjárheimildum, ritföng, pappír og kostnaður vegna ljósritunar er um 11 mkr yfir fjárheimildum og kennslugögn um 8 mkr yfir fjárheimildum.

Leikskólar með 4% eða meiri halla á fyrstu 9 mánuðum 2015



Talsverð breidd var í rekstrarniðurstöðum einstakra leikskóla, frá 6% afgangi í 9% hallarekstur. Af 62 borgarreknum leikskólum voru 41 reknir með halla, þar af 11 með halla yfir 4%. Samtals voru þessir 41 leikskólar með halla að fjárhæð 139 mkr. Leikskólinn Ösp var með mestan rekstrarhalla í prósentum, 8,8% eða 6,4 mkr.

Stofnun	Halli í %	Halli í mkr	Frávik í tekjum	Frávik í launakostnaði	Frávik í öðrum rekstrarkostnaði
Ösp	9,0%	6.377	-4.854	3.695	7.536
Hagaborg	8,1%	9.011	-300	7.452	1.859
Hulduheimar	6,8%	6.150	-12	4.130	2.033
Klambrar	6,7%	6.587	-75	5.637	1.025
Hamrar	6,2%	6.460	0	6.244	216
Drafnarsteinn	5,9%	7.805	-765	9.337	-767
Vesturborg	5,4%	4.337	-87	3.687	737
Hlíð	5,0%	7.671	0	6.252	1.419
Miðborg	4,6%	8.577	-15	4.770	3.821
Sunnúás	4,3%	7.902	0	7.551	351
Rauðaborg	4,1%	2.641	0	1.954	687
Tjörn	4,0%	4.743	0	3.733	1.010
Samtals leikskólar með 4% halla eða meiri		78.261	-6.108	64.442	19.926



Alls voru 24 leikskólar með rekstrarafgang, samtals að fjárhæð 56 mkr. Leikskólinn Brekkuborg var með mestan rekstrarafgang í prósentum, 6,1% eða 5,3 mkr. **Nettó rekstrarhalli** borgarrekinnna leikskóla var því 90 mkr. Þess ber að geta að ekkert var úthlutað til leikskólanna vegna sérkennslu eða langtímaveikinda í september sem skýrir aukinn halla á leikskólunum. Fjárhæðin vegna sérkennslu sem ekki var úthlutað til leikskóla var 65 mkr og vegna langtímaveikinda 10 mkr.

Úthlutunarpottar leikskólahluta vour samanlagt 169 mkr yfir fjárheimildum í lok september.

Sérkennsla útgjöld námu 751 mkr eða rúmlega 155 mkr yfir fjárheimildum. Þess ber þó að geta að ekkert var úthlutað úr sérkennslupottinum í september til borgarrekinnna leikskóla þar sem fjárheimildir voru uppnar. Halli borgarrekinnna leikskóla vegna sérkennslu í september var samtals 65 mkr.

Ljóst er að þörfin er talsvert meiri en áætlað var. Þá hefur orðið talsverð aukning frá ári til árs. Búið er við að sérkennslukostnaður fari um 270 mkr yfir fjárheimildir í árslok. Þess má geta að búið er að fækka úthlutunarfundum úr 11 niður í 4 á ári og verið er að leita fleiri leiða til að minnka kostnað við sérkennslu.

Börn af erlendum uppruna útgjöld námu 27 mkr sem eða á pari við fjárheimildir.

Langtímaveikindi útgjöld námu 120 mkr eða rúmlega 4 mkr yfir fjárheimildum. Þess ber þó að geta að ekkert var úthlutað úr langtímaveikindapottinum í september til borgarekinnna leikskóla þar fjárheimildir voru uppnar. Halli borgarrekinnna leikskóla vegna langtímaveikinda í september var samtals 10 mkr.

Endurúthlutun var rúmlega 14 mkr yfir fjárheimildum. Skýrist það af ýmsum liðum sem leikskólar fá bættu, á borð við greiðslur vegna starfsmanna sem eiga sumarfrí umfram hefðbundna sumarlokun leikskólanna sem og bætingar vegna dvalargilda umfram áætlun. Að sama skapi er fjármagn leikskólanna skert ef þeir eru ekki fullnýttir og er fjármagnið millifært á endurúthlutunarpott. Þess má geta að leikskólum er heimilt að vista börn til viðbótar í júní ef húsrými leyfir og fá greitt fyrir það. Það ætti hinsvegar að jafna sig út í árslok sérstaklega þar sem börnin eldast um einn árgang 1. júlí.

Sjálfstætt starfandi leikskólar útgjöld voru 1.105 mkr sem er á pari við fjárheimildir.

Dagforeldrar útgjöld voru 365 mkr sem var tæplega 28 mkr undir áætlun og stafar af því að færri börn voru í vistun en áætlað var.

Frístundahluti


Frístundahluti (mkr)	Raun 2015	Áætlun 2015	Frávik	%
Tekjur	449	386	63	16,3%
Laun og launat. gj.	1.733	1.673	60	3,6%
Annar rekstark.	499	520	-21	-4,0%
Rekstrarniðurstaða	1.783	1.807	-24	-1,3%

Frístundahluti SFS var 1,3% undir fjárheimildum tímabilsins, eða 24 mkr.

Tekjur voru 449 mkr sem var um 62,8 mkr eða 16% yfir áætlun. Tekjur vegna vistunargjalda voru lægri en gert var ráð fyrir en á móti komu tekjur vegna aðgangseyris, styrkja og annarra sértekna sem voru hærri en áætlun gerði ráð fyrir.

Laun og launatengd gjöld voru 1.733 mkr sem var 60 mkr yfir fjárheimildum eða 3,6%. Aðalástæðan var að útgjöld vegna frístundastarfs fatlaðra barna í Klettaskóla hefur vaxið mikið, bæði þjónustuþyngd og þátttaka aukist. Einnig er ólokið bætingu á launum vegna endurskoðunar á starfsmati.


Frístundaheimili með meira en 4% halla á fyrstu 9 mánuðum 2015



Frístundaklúbbar og frístund Klettaskóla útgjöld voru 283 mkr og því 52 mkr eða 22% yfir fjárheimildum. Meginskýringin liggur í því að útgjöld vegna frístundastarfs fatlaðra barna í Klettaskóla hefur vaxið mikið, bæði þjónustuþyngd og þátttaka aukist, þ.e. að 5 daga vistun fór úr 85% eins og áætlun gerir ráð fyrir í 98%. Tekjur voru 87 mkr yfir áætlun eða 39 mkr yfir áætlun. Það voru aðallega tekjur frá öðrum sveitafélögum sem voru umfram áætlun. Launakostnaður var um 26% yfir fjárheimildum eða 74 mkr. Annar rekstrarkostnaður var 35% yfir fjárheimildum eða 17 mkr.

Frístundamiðstöðvar með félagsmiðstöðvum útgjöld voru 678 mkr og því 34,5 mkr eða 5% yfir áætlun. Tekjur voru 34 mkr yfir fjárheimildum eða 389%.


Frístundamiðstöðvar með meira en 2% halla á fyrstu 9 mánuðum 2015



Launakostnaður var 50 mkr yfir fjárheimildum eða 11% og annar rekstrarkostnaður var 8,8% yfir fjárheimildum eða 18 mkr. Umframtekjur tímabilsins voru til komnar vegna starfs í félagsmiðstöðvum, m.a. vegna skíðaferðar og annarra styttri ferða, en á móti bókaðist hærri rekstrarkostnaður vegna ferðanna. Þess ber að geta að magnbreytingar í þjónustu hafa ekki áhrif á þessa kostnaðarstaði. Einnig er ólukið bætingu á launum vegna endurskoðunar á starfsmati.

Miðlægir liðir útgjöld voru 19,7 mkr eða 35 mkr undir áætlun eða 64%, þar af voru langtímaforföll um 8,6 mkr. Flestir liðir voru undir áætlun en kostnaður mun falla til síðar á árinu.

Frístundaklúbbar og frístund Klettaskóla með meira en 4% halla á fyrstu 9 mánuðum 2015



Yfirstjórn og miðlægir liðir

Yfirstjórn SFS og miðlægir liðir útgjöld voru 675 mkr eða rúmlega 36 mkr undir fjárheimildum eða 5% á tímabilinu.

Ráð og yfirstjórn útgjöld voru 598 mkr eða um 4 mkr yfir fjárheimildum eða 1%. Meginskýringin liggur í launakostnaði vegna launahækkana og leiðréttingum á launum aftur í tímann.

Miðlægir liðir/styrkir SFS útgjöld voru 78 mkr eða um 40 mkr undir fjárheimildum eða 34%. Skýringin liggur í námsstyrkjum sem eftir á að greiða út ásamt öðrum styrkjum.

Listaskólar, fullorðinsfræðsla og framhaldsskólar

Listaskólar, fullorðinsfræðsla og framhaldsskólar Útgjöld voru samtals 1.097 mkr, 23 mkr undir fjárheimildum eða 3% á tímabilinu sem skiptist þannig :


Listaskólar og skólahljómsveitir útgjöld voru 996 mkr, 19 mkr eða 2% undir fjárheimildum.

Fullorðinsfræðsla og framhaldsskólar útgjöld voru 100,8 mkr, 4,3 mkr undir heimildum eða 2%. Námsflokkar Reykjavíkur voru 2,8 mkr undir fjárheimildum en framlög til framhaldsskóla voru 1,5 mkr undir fjárheimildum.

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Rekstrarniðurstaða sviðsins var í jafnvægi á tímabilinu. Þó er vakin athygli á því að innri leiga var 150 mkr undir fjárheimildum vegna lægri verðbólgu sem þýðir að önnur útgjöld voru yfir fjárheimildum á móti. Leikskólahluti sviðsins var 245 mkr yfir fjárheimildum, þar af 155 mkr vegna sérkennslu. Yfirstjórn sviðsins hefur vakið athygli á að í raun í sé halli sviðsins meiri en uppgjörið gefur til kynna. Mikilvægt er að sviðið leiti leiða til þess að rekstur sviðsins verði innan fjárheimilda á árinu.
- Á tímabilinu voru 41 borgarrekinn leikskóli með samtals 139 mkr halla saman borið við sama tímabili í fyrra en þá voru 15 leikskólar með 40 mkr halla. Í ár voru 24 leikskóli með 56 mkr rekstrarafgang en í fyrra voru þeir 47 með 145 mkr afgang. Mikilvægt er að sviðið rýni ástæður vaxandi hallareksturs og eftir atvikum endurskoði úthlutunarlíkan.

4.1.4 Umhverfis- og skipulagssvið



Rekstur USK (mkr)	Raun 2015	Áætlun 2015	Frávik	%
Tekjur	1.448	1.463	-16	-1,1%
Laun og launat. gj.	1.367	1.390	-23	-1,7%
Annar rekstark.	5.045	4.893	152	3,1%
Rekstrarniðurstaða	4.965	4.820	145	3,0%

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri Umhverfis- og skipulagssviðs á fyrstu 9 mánuðum ársins 2015 í samanburði við fjárheimildir ársins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávikum frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða sviðsins var 4.965 mkr eða 145 mkr fjárheimildum einkum vegna vetrarþjónustu en á móti voru aðrir þættir lægri en áætlun gerði ráð fyrir.

Tekjur voru 1.448 mkr sem var 16 mkr undir áætlun eða um 1,06%. Tekjur frá **Bílastæðasjóði** voru áætlaðar um 37,5 mkr á tímabilinu, en þær hafa verið færðar í Eignasjóð samkvæmt samningi. Tekjur vegna **sorphirðu** voru um 19 mkr undir áætlun og tekjur **skipulagsfulltrúa** voru 5 mkr undir áætlun. Tekjur **heilbrigðiseftirlitsins** voru 7 mkr undir áætlun. Þá voru tekjur **sviðstjóra** 7 mkr yfir áætlun og tekjur **byggingarfulltrúa** 45 mkr yfir áætlun á tímabilinu.

Laun og launatengd gjöld námu 1.367 mkr sem var 23 mkr undir fjárheimildum tímabilsins eða um 1,65%, sem var einkum vegna **skipulagsfulltrúa** 7 mkr undir fjárheimildum, **Vinnuskólans** 11 mkr undir fjárheimildum og **sorphirðu** 4 mkr undir fjárheimildum á tímabilinu. Á móti voru **meindýravarnir** 4 mkr og **ræktunarstöðin** 5 mkr yfir fjárheimildum tímabilsins.

Annar rekstarkostnaður nam 5.045 mkr sem var 152 mkr yfir fjárheimildum eða um 3,11%. Helstu frávikin voru vegna **reksturs gatna og opinna svæða** sem var 317 mkr yfir fjárheimildum, sem skýrist einkum af vetrarþjónustu sem var 301 mkr yfir áætlun tímabilsins. **Viðhald gatna** var 37 mkr undir fjárheimildum tímabilsins og **leiga gatna** var 37 mkr undir fjárheimildum. **Skrifstofa sviðstjóra** var 15 mkr undir fjárheimildum, **skipulagsfulltrúi** 38 mkr undir fjárheimildum, **stefnumótun og greining** 11 mkr og **landupplýsingar** 7 mkr undir fjárheimildum. **Umhverfi og útivist** var 6 mkr undir fjárheimildum og **sorphirðan** var 16 mkr yfir fjárheimildum tímabilsins.

Skrifstofa sviðstjóra og miðlæg þjónusta Rekstarkostnaður nam 629 mkr. Tekjur voru 228 mkr, þannig að **rekstrarniðurstaða tímabilsins var 402 mkr, sem er 53 mkr lægri en fjárheimildir gerðu ráð fyrir**. Rekstur skrifstofu sviðsins var 19 mkr undir fjárheimildum, einkum vegna lægri sérfræðiþjónustu og auglýsingakostnaðar. Þá var kostnaður skrifstofu sviðstjóra 24 mkr undir fjárheimildum, einkum vegna stefnumótunar og greiningar og Landupplýsingadeildar.

Skipulag byggingar og borgarhönnun Rekstarkostnaður nam 404 mkr. Tekjur voru 149 mkr, þannig að **rekstrarniðurstaða tímabilsins var 255 mkr, sem er 97 mkr lægri en fjárheimildir gerðu ráð fyrir**. Rekstur skrifstofu skipulags, byggingar og borgarhönnunar var 8 mkr undir fjárheimildum, einkum vegna lægri launakostnaðar 5 mkr og lægri útgreiðslu hljóðvistar- og húsvendunarstyrkja 3 mkr. Rekstur skipulagsfulltrúa var 40 mkr undir fjárheimildum, einkum vegna lægri sérfræðiþjónustu 40 mkr, aðallega vegna hverfaskipulags. Rekstur byggingarfulltrúa var 49 mkr undir fjárheimildum, einkum vegna hærri tekna að upphæð 45 mkr.

Umhverfisgæði Rekstarkostnaður nam 1.517 mkr. Tekjur voru 1.047 mkr, þannig að **rekstrarniðurstaða tímabilsins var 470 mkr, sem var 8 mkr hærri en fjárheimildir gerðu ráð fyrir**. Tekjur matvælaeftirlits og umhverfiseftirlits voru samtals 3 mkr undir áætlun og tekjur vegna sorphirðugjalda voru 23 mkr undir áætlun tímabilsins. Launakostnaður sorphirðunnar var 4 mkr undir fjárheimildum og annar rekstrar kostnaður var 22 mkr undir áætlun, einkum vegna leigu sorpbifreiða. Rekstur endurvinnslustöðva var 26 mkr yfir fjárheimildum og móttökugjöld til Sorpu voru 14 mkr yfir fjárheimildum. Vinnuskólinn var 10 mkr undir fjárheimildum, aðallega vegna launakostnaðar nemenda var lægri en áætlun gerði ráð fyrir.

Framkvæmdir og viðhald mannvirkja Rekstarkostnaður við viðhald gatna og opinna svæða nam 613 mkr. **Rekstrarniðurstaða tímabilsins var 37 mkr lægri en fjárheimildir tímabilsins gerðu ráð fyrir**.

Rekstur og umhirða borgarlands Rekstarkostnaður nam 3.250 mkr. Tekjur voru 24 mkr, þannig að **rekstrarniðurstaða tímabilsins var 3.225 mkr, sem var 324 mkr hærri en fjárheimildir gerðu ráð fyrir**. Stærsta fráviknið var vegna reksturs gatna 317 mkr yfir fjárheimildum, sem var einkum vegna vetrarþjónustu 301 mkr. Rekstur Ræktunarstöðvarinnar var 8 mkr yfir áætlun tímabilsins.


Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Talsverðar sveiflur voru í uppgjöri sviðsins milli einstakra liða. Þannig var t.d. vetrarþjónustan langt yfir fjárheimildum vegna erfiðrar veðráttu sl. vetur.

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Vakin er athygli á að vetrarþjónustan var 301 mkr umfram fjárheimildir og mikilvægt er að rýna þjónustustig það sem eftir lifir ársins m.t.t. þeirra fjárheimilda sviðsins.

4.1.5 Velferðarsvið



Rekstur VEL (mkr)	Raun 2015	Áætlun 2015	Frávik	%
Tekjur	2.714	2.542	173	6,8%
Laun og launat.gj.	8.771	8.651	121	1,4%
Annar rekstrark.	5.403	5.144	259	5,0%
Rekstrarniðurstaða	11.460	11.253	207	1,8%

bifreiðum í tengslum við ferðapjónustu fatlaðra. Tekjur vegna **hjúkrunarheimila** voru 75 mkr hærrí en áætlun gerði ráð fyrir, þar af var tekjufært húsnæðisgjald 27 mkr á móti kostnaði vegna viðhalds fasteigna og jafnlaunaátaks vegna fyrri árs að fjárhæð 18 mkr var tekjufært á tímabilinu. Tekjur vegna **þróunarverkefna** voru 44 mkr hærrí en áætlun, en launakostnaður færíst á móti. Tekjur vegna **félagsmiðstöðva** voru 10 mkr eða 9% undir áætlun.

Laun og launatengd gjöld voru 8.771 mkr sem var 121 mkr eða 1,4% umfram fjárheimildir. Frávik í launakostnaði má að stórum hluta jafna á móti umframtekjum eða um 75 mkr en auk þess á eftir að færa jafnlaunaátaks vegna heimahjúkrunar. **Veikindastundir** á tímabilinu hjá Velferðarsviði voru alls 157 þúsund, þar af voru afleysingavinnustundir um 49.000 og kostnaður vegna þeirra var metinn um 152 mkr. Úthlutuð fjárheimild í langtímaveikindapotti vegna búsetuúrræða var 67,5 mkr í lok 3ja ársfjórðungs og úthlutuð bæting vegna langtímaveikinda var 51,1 mkr. **Skrifstofur** voru 39 mkr umfram fjárheimildir eða 2%, aðallega vegna ráðgjafa- og þjónustu í velferðarmálum á þjónustumiðstöðvum en þjónustutekjur koma á móti. **Búsetuúrræði** voru 17 mkr umfram fjárheimildir eða nánast á pari. **Félagsmiðstöðvar** voru 25 mkr innan fjárheimilda eða 9% en launakostnaður allra félagsmiðstöðva utan tveggja voru innan heimilda. **Dagþjónusta** var 14,8 mkr umfram fjárheimildir eða 7%, þ.a. var dagdeild Þorragötu 10,3 mkr umfram fjárheimildir eða 45%. **Heimaþjónusta** var 11 mkr innan fjárheimilda og **heimahjúkrun** var 37 mkr umfram fjárheimildir en hún á að vera fjármögnuð að fullu af ríkinu. Ríkið hefur ekki greitt borgarsjóði vegna jafnlaunaátaks hjúkrunarfræðinga og kjarasamningshækkanna samkvæmt samningi við ríkið um heimahjúkrun, sem skýrir að fullu frávik. **Hjúkrunarheimilin** voru 37 mkr umfram fjárheimildir en tekjufærsla vegna jafnlaunaátaks kemur á móti. **Stuðningsþjónusta** var 21 mkr umfram fjárheimildir eða 9%. Hjá þjónustumiðstöð Laugardals- og Háaleitis var frávik vegna stuðningsþjónustu 16,5 mkr umfram fjárheimildir vegna umfram stöðugilda. **Þróunarverkefni** voru 15 mkr umfram fjárheimildir sem jafnast á móti umfram tekjum og verður á pari í lok árs).

Annar rekstrarkostnaður var 5.403 mkr sem var 259 mkr umfram fjárheimildir eða 5%. Stærsti hluti fráviksins eða 58% var vegna vistunarþjónustu við börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir en kostnaður var millifærður undir miðlægan kostnaðarstað sviðsins. Engar fjárheimildir vegna málaflöksins hafa verið færðar en viðræður standa yfir við ríkið um þátttöku í kostnaði. **Skrifstofur** voru 30 mkr umfram fjárheimildir eða 6%, þar af var rekstur þjónustumiðstöðva 33 mkr umfram fjárheimildir og barnavernd var 10 mkr umfram fjárheimildir. **Samningar, framlög og styrkir** voru 224 mkr eða 13% umfram fjárheimildir, þar af var kostnaður vegna vistunarþjónustu 148 mkr, eins og áður er greint frá og ferðapjónusta fatlaðs fólks var 71 mkr umfram fjárheimildir en aukin fjárheimild að fjárhæð 49 mkr var ófærð. Þá var niðurgreiðsla strætisvagnafargjalda fyrir aldraða og öryrkja 14 mkr eða 24% umfram fjárheimildir. **Búsetuúrræði** voru 57 mkr innan fjárheimilda sem skýrist af því að uppbygging búsetuúrræða var hægari en áætlun gerði ráð fyrir. **Heimaþjónusta** var 28 mkr umfram fjárheimildir og heimahjúkrun var 2 mkr innan fjárheimilda. **Þjónustuíbúðir** voru 16 mkr eða 8% innan fjárheimilda. **Stuðningsþjónusta** var samtals 262 mkr og á pari við fjárheimildir, nú þegar vistunargjöld vegna úrræða fyrir

Myndin hér til hliðar og taflan fyrir neðan sýnir niðurstöðu í rekstri Velferðarsviðs á fyrstu níu mánuðum ársins 2015 án bundinna liða þ.e. fjárhagsaðstoðar og húsaleigubóta í samanburði við fjárheimildir tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávikum frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða sviðsins í heild var 14.810 mkr sem var 141 mkr eða 1% undir fjárheimildum.

Reglubundinn rekstur sviðsins án bundinna liða var 11.460 mkr sem var 207 mkr eða 1,8% umfram fjárheimildir. Samþykkt viðbótarfjárheimild vegna ferðapjónustu fatlaðs fólks að fjárhæð 49 mkr var ófærð og bráðabirgðaútreikningar jafnlaunaátaks vegna heimahjúkrunar, sem á að greiðast af ríkinu var 40 mkr. Að teknu tilliti til ofangreinds var raunverulegt rekstrarfrávik 118 mkr eða 1% umfram heimildir.

Tekjur voru 2.714 mkr sem var 173 mkr hærrí en áætlun gerði ráð fyrir eða 6,8%. Tekjur vegna **skrifstofa** voru 11,3 mkr hærrí en áætlun aðallega vegna þjónustutekna á móti launakostnaði vegna ráðgjafar. Tekjur vegna **samninga og styrkja** voru 45 mkr hærrí en áætlun, þ.a. voru 14 mkr uppgjörstekjur frá fyrri ári vegna samninga við sveitafélögin um málefni fatlaðs fólks og 12 mkr tekjur vegna sölu á

börn með þroska- og geðraskanir hafa verið millifærð undir miðlægan kostnaðarstað á skrifstofu VEL. **Úrræði barnaverndar** voru 40 mkr eða 19% umfram fjárheimildir vegna hærri vistunargjalda. Aukin fjárheimild vegna vistunargjalda að fjárhæð 20 mkr fékkst fyrir árið 2015 og mun helmingur þeirrar fjárhæðar fara í hækkun TR á barnalífeyri og ljóst að eftirstöðvar fjárheimildir munu ekki standa undir raunverulegri þörf á árinu 2015. **Framleiðslueldhús** var 13,5 mkr umfram fjárheimildir, vegna aukins framleiðslukostnaðar en auknar tekjur koma á móti.

Málefni fatlaðs fólks

Málefni fatlaðs fólks (mkr)	Raun 2015	Áætlun 2015	Frávik	%
Tekjur	192	162	30	18,8%
Laun og launat. gj.	3.160	3.163	-3	-0,1%
Annar rekstrark.	1.713	1.637	76	4,6%
Rekstrarniðurstaða	4.681	4.639	42	0,9%

Rekstrarniðurstaða Velferðarsviðs í málefnum fatlaðs fólks var 4.681 mkr sem var 42 mkr umfram fjárheimildir eða 0,9%. Tekjur voru 30 mkr hærri en áætlun, þ.a. 14 mkr vegna uppgjörs frá fyrra ári vegna samninga við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Launakostnaður var 3.160 mkr sem var á pari við fjárheimildir. Annar rekstrarkostnaður var 1.713 mkr sem var 76 mkr eða 4,6% umfram fjárheimildir,

þar af 148 mkr vegna vistunarþjónustu við börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir. Á móti koma óráðstafaðar fjárheimildir vegna uppbyggingar búsetuúrræða að fjárhæð 59 mkr.

Þjónustupættir:

Skrifstofur, nefndir og ráð Rekstrarniðurstaða var 2.309 mkr sem var 60 mkr eða 3% umfram fjárheimildir. Undir þennan lið fellur öll sérfræðiþjónusta, rekstur þjónustumiðstöðva, barnaverndar Reykjavíkur og skrifstofu Velferðarsviðs. Launakostnaður var 1.797 mkr sem var 40 mkr eða 2% umfram fjárheimildir en þjónustutekjur komu að hluta til á móti. Tekjur voru 31 mkr og samanstóðu aðallega af þjónustutekjum vegna sérfræðiþjónustu og ráðgjafar vegna grunn- og leikskóla, sem áttu sér mótbókun í launakostnaði. Annar rekstrarkostnaður var 543 mkr sem var 31,5 mkr eða 6% umfram fjárheimildir þar af um 17 mkr vegna þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleiti, sem flutti skrifstofur sínar á tímabilinu og 10 mkr vegna barnaverndar.

Samningar, framlög og styrkir Rekstrarniðurstaða var 1.827 mkr sem var 182 mkr eða 11% umfram fjárheimildir. Tekjur námu 143 mkr og voru 42 mkr yfir áætlun, þ.a. voru 14 mkr uppgjörstekjur frá fyrra ári vegna samninga við sveitafélögin um málefni fatlaðs fólks og 12 mkr tekjur vegna sölu bifreiða í tengslum við ferðaþjónustu fatlaðra. Annar rekstrarkostnaður var 1.956 mkr sem var 224 mkr eða 13% umfram fjárheimildir, þ.a. þar af var kostnaður vegna vistunarþjónustu barna með alvarlegar þroska- og geðraskanir 148 mkr en viðræður um kostnaðarþátttöku ríkisins standa yfir. Ferðaþjónusta fatlaðs fólks var 71 mkr umfram fjárheimildir en aukin fjárheimild að fjárhæð 49 mkr var ófærð. Þá var niðurgreiðsla strætisvagnafargjalda fyrir aldraða og öryrkja 14 mkr eða 24% umfram fjárheimildir.

Búsetuúrræði Rekstrarniðurstaða var 3.645 mkr, sem var 34 mkr eða 1% innan heimilda sem skýrist aðallega af því að uppbygging nýrra búsetuúrræða var hægari en gert var ráð fyrir. Undir búsetuúrræði falla búsetukjarnar, sambýli, skammtíamavistanir fyrir fatlað fólk, heimili fyrir áður heimilisláusa einstaklinga og heimili fyrir heilabilaða. Tekjur voru um 57 mkr og var 6 mkr undir áætlun. Launakostnaður var 3.256 mkr sem var 17 mkr umfram fjárheimildir, eða nánast á pari. Annar rekstrarkostnaður var 446 mkr sem var 57 mkr eða 11% innan fjárheimilda.

Félagsmiðstöðvar Rekstrarniðurstaða var 509 mkr sem var 8 mkr innan fjárheimilda. Tekjur voru 102 mkr og voru 10 mkr lægri en áætlun gerði ráð fyrir. Launakostnaður var 254 mkr sem var 25 mkr eða 9% innan fjárheimilda, en af 17 félagsmiðstöðvum voru 13 reknar innan fjárheimilda. Annar rekstrarkostnaður var 357 mkr sem var 8 mkr eða 2% umfram fjárheimildir.

Dagþjónusta skiptist annars vegar í dagdeildir fyrir eldri borgara og hins vegar í dagþjónustu fyrir fatlaða. Rekstrarniðurstaða í heild var 227 mkr sem var 2 mkr eða 1% umfram heimildir. **Rekstrarniðurstaða dagdeilda fyrir aldraða** var 6,6 mkr umfram heimildir, en rekstrarniðurstaða fyrir **dagþjónustu fatlaðra** á løjubergi og Gylfaflöt var 4,6 mkr innan heimilda. Tekjur í heild voru 97 mkr eða 6,5 mkr hærri en áætlun. Launakostnaður var 224 mkr sem var 15 mkr eða 7% umfram fjárheimildir. Annar rekstrarkostnaður var 101 mkr sem var 6 mkr eða 6% innan fjárheimilda.

Heimaþjónusta Rekstrarniðurstaða var 1.214 mkr sem var 29 mkr eða 2% umfram heimildir. Rekstrartekjur voru 97 mkr og voru 12 mkr lægri en áætlun gerði ráð fyrir eða 11%. Launakostnaður heimaþjónustu var 1.046 mkr sem var 11 mkr eða 1% innan fjárheimilda. Annar rekstrarkostnaður var 265 mkr sem var 28 mkr eða 12% umfram fjárheimildir, að stærstum hluta vegna þjónustusamninga.

Heimahjúkrun Rekstrarkostnaður heimahjúkrunar var 951 mkr eða 35 mkr umfram fjárheimildir. Rekstrartekjur heimahjúkrunar voru 917 mkr eða 11 mkr umfram áætlun. Launakostnaður heimahjúkrunar var 780 mkr sem var 37 mkr umfram fjárheimildir eða 5% en ríkið hefur ekki greitt borgarsjóði vegna jafnlaunaátaks hjúkrunarfræðinga. Annar rekstrarkostnaður heimahjúkrunar var samtals 172 mkr sem var 2 mkr innan fjárheimilda.

Hjúkrunarheimili Rekstrarkostnaður Droplaugarstaða og hjúkrunardeildar Seljahlíðar var 924 mkr. Tekjur vegna daggjalda og smærri liða námu 773 mkr og var rekstrarniðurstaða 151 mkr sem var 34 mkr eða 19% innan fjárheimilda. Launakostnaður Droplaugarstaða var 478 mkr og 7,6 mkr umfram fjárheimildir, en launakostnaður Seljahlíðar var 165 mkr og 30 mkr umfram fjárheimildir. Annar rekstrarkostnaður var 282 mkr sem var 3 mkr umfram fjárheimildir. Annar rekstrarkostnaður Droplaugastaða var 18,5 mkr innan fjárheimilda en hjá Seljahlíð var annar rekstrarkostnaður 22 mkr umfram fjárheimildir.

Þjónustuíbúðir Rekstrarniðurstaða þjónustuíbúða var 338 mkr sem var 31 mkr eða 8% innan fjárheimilda. Rekstrarkostnaður þjónustuíbúða var 181 mkr sem var 16 mkr eða 8% innan fjárheimilda. Tekjur voru 111 mkr eða 2,5 mkr hærri en áætlun. Launakostnaður var 268 mkr eða 13 mkr innan fjárheimilda.

Stuðningsfjölskyldur, stuðningsþjónusta og frekari liðveisla Rekstrarniðurstaða stuðningsþjónustu var 514 mkr sem var 20 mkr eða 4% umfram fjárheimildir. Rekstrarkostnaður stuðningsþjónustu var 263 mkr eða á pari við fjárheimildir. Launakostnaður var 253 mkr sem var 21 mkr eða 9% umfram fjárheimildir.

Ýmis úrræði Rekstrarniðurstaða var 352 mkr sem var 29 mkr eða 9% umfram fjárheimildir. Á meðal ýmissa úrræða eru framleiðslueldhús, unglingasmiðjur, skólasel og barnavernd. Rekstrarkostnaður ýmissa úrræða í heild var 422 mkr sem var 49 mkr eða 13% umfram fjárheimildir. Rekstrarniðurstaða **framleiðslueldhúss** var 61 mkr sem var 2 mkr innan fjárheimilda. Tekjur framleiðslueldhúss voru 182 mkr og voru 7 mkr hærri en áætlað var eða 4%. Fjöldi framleiddra matarskammta á tímabilinu var 252.218 og hafði aukist um 4,4% milli ára. Rekstrarniðurstaða **unglingasmiðju** og stuðningsheimilis var 38 mkr sem var 6 mkr eða 14% innan fjárheimilda. Stærsta frávikið meðal ýmissa úrræða, má rekja til úrræða barnaverndar. Rekstrarniðurstaða **barnaverndar** var 253 mkr sem var 37 mkr eða 17% umfram heimildir vegna aukinnar þjónustuþyngdar. Aukin heimild vegna vistunargjalda að fjárhæð 20 mkr fékkst fyrir árið 2015 og mun helmingur þeirrar fjárhæðar fara í hækun TR á barnalífeyri og ljóst að eftirstöðvar fjárheimildar munu ekki standa undir raunverulegri þörf á árinu 2015.

Virkniverkefni Rekstrarniðurstaða virkniaætlunar var 116 mkr sem var 1,4 mkr eða 1% umfram fjárheimildir. Launakostnaður nam 74 mkr eða 5 mkr innan fjárheimilda og annar kostnaður var 43 mkr sem var 7 mkr umfram fjárheimildir.

Þróunarverkefni Undir þróunarverkefni falla borgarverðir, hælisleitendur, flóttamannaverkefni og NPA (notendastýrð persónuleg ráðgjöf. Rekstrarniðurstaða þróunarverkefna var 179 mkr sem var 22 mkr innan fjárheimilda, en ónýttir styrkir frá fyrra ári var fært yfir áramót til notkunar á þessu ári. Rekstrartekjur voru 169 mkr og voru 44 mkr eða 36% yfir áætlun, þar af 28 mkr vegna yfirfærðs fjármagns. Rekstrarniðurstaða **borgarvarða** var 18 mkr sem var 7 mkr eða 27% innan fjárheimilda. Kostnaður vegna **NPA** var 174 mkr sem var nánast á pari við fjárheimildir. Heildargjöld vegna hælisleitenda var 127 mkr en reksturinn er að fullu fjármagnaður af ríkinu. Heildargjöld **flóttamannaverkefnis** var 28 mkr en yfirfærðir styrkir frá fyrra ári voru fullnýttir á tímabilinu.

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Rekstrarniðurstaða Velferðarsviðs án bundinna liða var 207 mkr yfir fjárheimildum eða 1,8%. Mikilvægt er að sviðið haldi rekstrinum innan fjárheimilda ársins.
- Frávik í rekstri Velferðarsviðs voru einkum vegna vistunarþjónustu barna með alvarlegar þroska- og geðraskanir 148 mkr yfir fjárheimildum en viðræður um kostnaðarþátttöku ríkisins standa yfir og vegna ferðaþjónustu fatlaðra 71 mkr en þar á eftir að færa inn auka fjárheimild upp á 49 mkr.
- Þegar litið er til reksturs málefna fatlaðs fólks hjá Velferðarsviði er hann nú um 42 mkr yfir fjárheimildum einkum vegna vistunarþjónustu við börn með alvarlega þroska- og geðraskanir. Heildstæða greiningu á tekjum og útgjöldum Reykjavíkurborgar vegna málefna fatlaðs fólks er að finna undir kafla 3.5 en þar kemur fram að halli borgarsjóðs skv. bráðabirgðauppgjöri er 1.038 mkr.

4.1.5.1 Velferðarsvið – bundnir liðir


Bundnir liðir VEL (mkr)	Raun 2015	Áætlun 2015	Frávik	%
Tekjur	1.104	1.255	-151	-12,0%
Laun og launat. gj.	18	17	1	6,9%
Annar rekstrark.	4.436	4.936	-500	-10,1%
Rekstrarniðurstaða	3.351	3.698	-348	-9,4%

sem var 348 mkr eða 9,4% innan áætlunar.

Fjárhagsaðstoð VEL (mkr)	Raun 2015	Áætlun 2015	Frávik	%
Framfærslustyrkur	1.769	2.025	-256	-12,6%
Heimildargreiðslur fjárhagsaðstoð	358	356	2	0,7%
Heimildargreiðslur - Átaksverkefni	67	83	-16	-19,8%
Heimildargreiðslur 16.gr. a v/barna	31	32	0	-1,3%
Rekstrarniðurstaða	2.225	2.495	-270	-10,8%

fyrri. **Heimildargreiðslur** voru alls 456 mkr sem var 14 mkr innan áætlunar. Notendur heimildargreiðslna voru 1.733 sem var fjölgun um 24 eða 1,4% á milli ára. Notendur fjárhagsaðstoðar alls voru 3.435 sem var fækkun um 285 eða 7,7% frá sama tímabili í fyrra.

Húsaleigubætur: Kostnaður vegna húsaleigubóta var 2.229 mkr sem var 228 mkr eða 9% lægri en áætlun gerði ráð fyrir. Tekjur frá Jöfnunarsjóði voru 1.104 mkr sem voru 151 mkr lægri en áætlun eða 11%. Nettó frávik frá áætlun nam því 78 mkr.



Húsaleigubætur janúar - september 2015 (mkr)	Tekjur Raun	Tekjur Áætlun	Húsal.b. Raun	Húsal.b. Áætlun	Nettó Raun	Nettó Áætlun
Alm. húsaleigub.	818	956	1.492	1.684	674	728
Sérst. húsaleigub.	101	109	262	271	160	161
Sérst. húsaleigub. v/fél. íbúða	184	189	475	502	291	313
Rekstrarniðurstaða	1.104	1.255	2.229	2.457	1.125	1.203


Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Kostnaður við fjárhagsaðstoð var 270 mkr undir áætlun og þróun síðustu mánaða heldur áfram þar sem notendum þjónustunnar fækkar frá sama tímabili í árið áður. Heildarkostnaður við fjárhagsaðstoð var 2.225 mkr janúar - september 2015 en var 2.262 mkr á sama tímabili í fyrra eða 37 mkr lægri í ár. Notendum fækkaði um 285 milli ára.

Taflan hér til hliðar sýnir niðurstöðu á bundnum liðum Velferðarsviðs, þ.e. fjárhagsaðstoð og húsaleigubótum, frá janúar – september 2015 í samanburði við áætlun tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávikum frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða bundinna liða var 3.351 mkr

Fjárhagsaðstoð: Kostnaður vegna fjárhagsaðstoðar var 2.225 mkr sem var 270 mkr eða 11% innan áætlunar. Þar af var **framfærslustyrkur** 1.769 mkr sem var 256 mkr eða 12,6% innan áætlunar þar sem notendur voru færri en áætlað var. Notendur framfærslustyrks voru 2.658 sem var fækkun um 296 eða 10% miðað við sama tímabil í




Almennar húsaleigubætur voru 1.492 mkr og 192 mkr eða 11% lægri en áætlun. Notendur almennra húsaleigubóta voru 8.026 sem var fækkun um 308 eða 3,7% á milli ára. **Sérstakar húsaleigubætur** voru 262 mkr eða 9 mkr lægri en áætlun.

Notendur sérstakra húsaleigubóta voru 1.219 sem var fækkun um 16 eða 1,3% á milli ára. **Sérstakar húsaleigubætur í félagslegu húsnæði** voru 475 mkr eða 27 mkr lægri en áætlun. Notendur sérstakra húsaleigubóta í félagslegu húsnæði voru 2.212 sem var fjölgun um 35 eða 1,6% á milli ára.

- Húsaleigubætur (brúttó) voru 228 mkr lægri en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir, einkum almennar húsleigubætur sem voru 192 mkr undir áætlun (brúttó). Framlag Jöfnunarsjóðs vegna húsaleigubóta var jafnframt undir fjárhagsáætlun sem þýðir að nettó frávik var 78 mkr. Ástæður þess að húsaleigubætur voru undir áætlun gætu verið þær að tekjumörk og hámarksbætur vegna húsaleigubóta hafa verið óbreyttar frá árinu 2014 á sama tíma og meðaltekjur hafa hækkað.

4.1.6 Miðlæg stjórnsýsla



Rekstur RHS (mkr)	Raun 2015	Áætlun 2015	Frávik	%
Tekjur	1.126	1.047	79	7,5%
Laun og launat. gj.	1.752	1.777	-25	-1,4%
Annar rekstark.	1.345	1.346	-1	0,0%
Rekstrarniðurstaða	1.971	2.076	-105	-5,0%

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri hjá skrifstofum Ráðhúss janúar-september 2015 í samanburði við fjárheimildir tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávikum frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða var 1.971 mkr eða 105 mkr innan fjárheimilda.

Tekjur voru 1.126 mkr eða 79 mkr yfir áætlun. Tekjur voru 5 mkr yfir áætlun hjá Borgarlögmanni. Tekjur voru 8 mkr yfir áætlun hjá innri endurskoðun. Tekjur voru 8 mkr yfir áætlun hjá mannauðsdeild vegna kostnaðarþáttöku sambands íslenskra sveitafélaga í rekstri á starfsmati. Tekjur upplýsingatæknideildar voru 52 mkr hærrí en áætlað var vegna aukinnar þjónustu við fagsvið. Aðrar tekjur voru 6 mkr yfir áætlun.

Laun og launatengd gjöld voru 1.752 mkr eða 25 mkr undir fjárheimildum.

Annar rekstarkostnaður var 1.345 mkr, sem var 1 mkr undir fjárheimildum.

Borgarlögmaður Kostnaður var 84 mkr og var rekstur 2% yfir fjárheimildum.

Fjármálaskrifstofa Kostnaður var 643 mkr og var rekstur jafn fjárheimildum.

Mannréttindaskrifstofa Kostnaður var 74 mkr og var rekstur 32% innan fjárheimilda einkum vegna úrræða gegn heimilisofbeldi sem var 29 mkr undir fjárheimildum.

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara Kostnaður var 462 mkr og var rekstur 9% innan fjárheimilda.

Skrifstofa borgarstjórnar Kostnaður var 226 mkr og var rekstur 9% innan fjárheimilda.


Skrifstofa þjónustu og rekstrar Kostnaður var 423 mkr og var rekstur 1% yfir fjárheimildum.

Innri endurskoðun Kostnaður var 59 mkr og var rekstur 5% innan fjárheimilda.

Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Rekstur miðlægrar stjórnsýslu var 105 mkr eða 5% undir fjárheimildum. Helstu frávik var að finna hjá upplýsingatæknideild, þar sem tekjur voru 52 mkr yfir áætlun sem skýrist af aukinni þjónustu við fagsvið. Þá var mannréttindaskrifstofa 36 mkr undir fjárheimildum einkum vegna úrræða gegn heimilisofbeldis sem var 29 mkr undir fjárheimildum.

4.1.7 Sameiginlegur kostnaður



Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu á öðrum útgjöldum janúar-september 2015 í samanburði við fjárheimildir tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávik frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða var 11.456 mkr en áætlun gerði ráð fyrir 3.365 mkr sem var 8.091 mkr eða 241% yfir fjárheimildum janúar-september 2015.

Tekjur voru 31 mkr lægri en áætlun gerði ráð fyrir sem skýrist af inngreiðslum frá Vinnuálastofnun vegna þátttöku í atvinnuáttaksverkefni.

Laun voru 21 mkr yfir fjárheimildum vegna atvinnumála.

Annar kostnaður hjá sameiginlegum kostnaði var 236 mkr undir fjárheimildum sem skýrist m.a. af því kostnaðardreifing var ekki sú sama og áætlun gerði ráð fyrir.

Styrkir og ýmis framlög námu 295 mkr sem var 52 mkr undir fjárheimildum eða 15%.

Atvinnumál Útgjöld námu 216 og var 42 mkr undir fjárheimildum eða 16%.

Rekstur miðlægs tölvukerfa nam 89 mkr og var 7 mkr undir fjárheimildum eða 8%.


Innheimtukostnaður skattekna nam 259 mkr og var 7 mkr undir fjárheimildum eða 3%.

Starfsmannakostnaður nam 44 mkr og var 7 mkr yfir fjárheimildum, þar af voru **slysabætur** 7 mkr yfir fjárheimildum þar sem kröfur vegna slysabóta hafa aukist og bætur hafa hækkað.

Ýmis kostnaður nam 552 mkr og var 83 mkr undir fjárheimildum eða 13%. Niðurfærsla hlutabréfaeignar í Jörundi ehf. nam 232 mkr sem ekki var áætlað fyrir. Innri leiga húsnæðis, áhalda og tækja var 14 mkr undir áætlun, ófyrirséð var 252 mkr undir áætlun.

Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar nam 10 mkr og var 8,3 mkr yfir fjárheimildum. Gjaldfært var með hliðsjón af uppfærðri áætlun um gjaldfærslu ársins 2015 sem birt var í frumvarpi að fjárhagsáætlun borgarinnar fyrir árið 2016.

4.1.8 Framlög til B hluta fyrirtækja



Framlög (mkr)	Raun 2015	Áætlun 2015	Frávik	%
Strætó	1.369	1.361	8	0,6%
Slökkvilið hbsv.	605	605	0	0,0%
Rekstrarniðurstaða	1.974	1.967	8	0,4%

Myndin hér til hliðar sýnir framlögum til B hluta fyrirtækja fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2015 í samanburði við fjárheimildir tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávik frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Framlög til B hluta fyrirtækja námu 1.974 mkr og voru 8 mkr yfir fjárheimildum.


Strætó: Framlag til Strætó var 1.369 mkr eða 8 mkr yfir fjárheimildum. Þar af var framlag til nemaverkefnis 89 mkr eða 24,1 mkr yfir fjárheimildum vegna þess að kostnaðardreifing var önnur en áætlun gerði ráð fyrir.

Reglubundið framlag var 16,4 mkr undir fjárheimildum.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins: Framlag til Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins var 605 mkr eða á pari við fjárheimildir tímabilsins.

4.2 Eignasjóður

4.2.1 Skrifstofa eigna- og atvinnuþróunar (SEA)



SEA (mkr)	Raun 2015	Áætlun 2015	Frávik	%
Tekjur	13.458	14.158	-700	-4,9%
Laun og launat.gj.	104	100	4	3,6%
Annar rekstrark.	2.593	2.489	104	4,2%
Afskriftir	3.051	3.010	41	1,4%
Fjármagnslíðir	-4.707	-4.329	-378	8,7%
Rekstrarniðurstaða	3.004	4.231	-1.227	-29,0%

36 mkr vegna **fasteignagjalda** sem ekki hafði verið áætlað fyrir og 79 mkr vegna leigugjalda **framleigueigna** sem ekki var áætlað fyrir. Önnur frávik voru -10,58%.

Afskriftir voru 3.051 mkr eða 41 mkr umfram það sem áætlun tímabilsins gerði ráð fyrir.

Fjármagnslíðir Fjármagnsgjöld að frádregnum fjármunatekjum námu 4.707 mkr og voru 378 mkr umfram það sem áætlun gerði ráð fyrir, þar af voru 224 mkr vegna framleigusamninga sem ekki hafði verið áætlað fyrir.

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu hjá SEA fyrstu níu mánuði ársins 2015 í samanburði við fjárheimildir. Allar tölur eru í milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða SEA var jákvæð um 3.004 mkr en áætlun gerði ráð fyrir jákvæðri afkomu upp á 4.231 mkr. Rekstrarniðurstaðan var því 1.227 mkr lægri en áætlað var.

Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnslíði var jákvæð upp á 7.711 mkr eða um 849 mkr lakari en áætlun gerði ráð fyrir.


Frávikið fólst einkum í að tekjur voru 700 mkr undir áætlun, auk þess sem rekstrargjöld voru 149 mkr umfram fjárheimildir.

Tekjur voru 13.458 mkr eða 700 mkr undir áætlun sem jafngildir -4,9%. Þar af voru tekjur vegna **sölu byggingaréttar** 299 mkr undir áætlun og tekjur vegna **sölu fastafjármuna** 220 mkr undir áætlun. Auk þess voru **leigutekjur** 185 mkr undir áætlun, þar af voru 8 mkr tilkomnar af því að stofn gatnaleygu reyndist 505 mkr lægri en áætlun gerði ráð fyrir. Á móti koma tekjur af útleigu bílastæða upp á 48 mkr sem ekki hafði verið áætlað fyrir, önnur frávik helgast af lægri verðbólgu en áætlun gerði ráð fyrir.

Laun og launatengd gjöld námu tæpum 104 mkr og voru tæpum 4 mkr umfram fjárheimildir eða 3,6%.

Annar rekstrarkostnaður var 2.593 mkr eða liðlega 104 mkr yfir fjárheimildum sem jafngildir 4,2% frávik, þar af voru

4.2.2 Umhverfis- og skipulagssvið (ES)



USK (mkr)	Raun 2015	Áætlun 2015	Frávik	%
Tekjur	2.745	2.381	364	15,3%
Laun og launat. gj.	1.073	1.072	2	0,2%
Annar rekstrark.	2.417	1.963	454	23,1%
Rekstrarniðurstaða	-745	-653	-92	14,1%

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri Umhverfis- og skipulagssviðs í Eignasjóði á fyrstu níu mánuðum ársins 2015 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun) tímabilsins. Prósentuhlutföll lýsa frávikum raunniðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða Umhverfis og skipulagssviðs í Eignasjóði var neikvæð upp á 745 mkr en áætlun gerði ráð fyrir neikvæðri afkomu upp á 653 mkr. Rekstrarniðurstaðan var því 92 mkr lakari en áætlun gerði ráð fyrir eða um 14,1%.

Tekjur voru 2.745 mkr eða 364 mkr yfir áætlun sem jafngildir 15,3%. Tekjur vegna **reksturs gatna og opinna svæða** (sem færast sem útgjöld hjá Aðalsjóði) fóru um 317 mkr yfir áætlun, einkum vegna vetrarþjónustu. Þá voru tekjur vegna **viðhalds gatna og opinna svæða** (sem færast sem útgjöld hjá Aðalsjóði) 37 mkr lægri en áætlað var. Tekjur vegna **útseldrar þjónustu** voru 31 mkr umfram áætlun. Tekjur vegna verkefna sem unnin voru fyrir **Vegagerðina**, sem voru einkum vegna vetrarþjónustu og reksturs umferðarljósa og grassláttur, námu 55 mkr en ekki var gert ráð fyrir þessum tekjum í áætlun.

Laun og launatengd gjöld voru 1.073 mkr sem var 2 mkr umfram fjárheimildir eða um 0,2%, sem var einkum vegna aukinnar yfirvinnu starfsmanna þjónustumiðstöðvar og hverfastöðva við vetrarþjónustu.

Annar rekstrarkostnaður var 2.417 mkr og reyndist 454

mkr umfram fjárheimildir eða um 23,1%. **Rekstur gatna og opinna svæða** var um 331 mkr yfir fjárheimildum á tímabilinu, sem einkum má rekja til vetrarþjónustu eða sem nam 301 mkr. Þá var **viðhald gatna og opinna svæða** 33 mkr undir áætlun tímabilsins og kostnaður við verkefni unnin fyrir **Vegagerðina**, einkum vegna vetrarþjónustu og grassláttar, 55 mkr sem ekki var gert ráð fyrir í áætlun. Kostnaður vegna **útseldrar þjónustu** var 57 mkr umfram áætlun. Þá var **viðhald fasteigna** um 115 mkr yfir áætlun á tímabilinu þar sem framkvæmdir eru fyrr á ferðinni en áætlað var og kostnaður vegna **ferlimála fatlaðra** 44 mkr lægri en áætlað var. Kostnaður vegna **færanlegra kennslustofa** var 6 mkr lægri en áætlun tímabilsins.

Viðhald fasteigna Nettó viðhaldskostnaður fasteigna nam 698 mkr sem var 115 mkr yfir fjárheimildum eða um 20,0%. Viðhaldskostnaður vegna menningarmála nam 51 mkr (1% yfir), grunnskóla 263 mkr (16% yfir), íþróttamála 123 mkr (42% yfir), leikskóla 152 mkr (37% yfir), velferðamála 37 mkr (102% yfir) og aðrar fasteignir 72 mkr (21% undir).

Ferlimál fatlaðra Nettó kostnaður við ferlimál fatlaðra í fasteignum nam 7 mkr sem var 44 mkr undir fjárheimildum eða um 85,6%.

Útseld þjónusta Tekjur af útseldri þjónustu námu 122 mkr sem var 31 mkr yfir áætlun eða um 33%. Kostnaður við útselda þjónustu nam 149 mkr sem var 57 mkr yfir fjárheimildum eða 62%. Eftir er að tekjufæra og senda út reikninga vegna mismunar á milli útgjalda og tekna.

Rekstur gatna og opinna svæða Nettó kostnaður nam 1.679 mkr, þar með talinn kostnaður vegna verkefna sem unnin voru fyrir Vegagerðina upp á 55 mkr sem ekki var gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Kostnaðurinn var 347 mkr yfir fjárheimildum eða 27%. Kostnaður við vetrarþjónustu nam 501 mkr sem er 196% yfir fjárheimildum. Kostnaður við hreinsun borgarlandsins nam 391 mkr (á áætlun), grassláttur 188 mkr (6% undir), gatnalýsing 143 mkr (6% undir), náðhús 30 mkr (13% yfir), viðburðir 24 mkr (16% yfir), ýmislegt 47 mkr (179% yfir) og garðyrkja 331 mkr (á áætlun).

Viðhald gatna og opinna svæða Nettó kostnaður nam 613 mkr, sem var 37 mkr lægri en áætlun tímabilsins eða um 6%. Kostnaður við götur nam 165 mkr (13% yfir), gönguleiðir 63 mkr (6% undir) opin svæði 118 mkr (18% undir), yfirborðsmerkingar gatna 59 mkr (4% undir) umferðamerki og umferðaljós 86 mkr (15% undir), strætó biðskýli 21 mkr (5% yfir), gatnalýsing 84 mkr (10% undir) og umhverfi og útivist 16 mkr (10% yfir).

5. Nánar um B hluta

Í eftirfarandi greinargerð er fjallað um rekstrarniðurstöðu og árangur einstakra fyrirtækja í B hluta samstæðuuppgjors Reykjavíkurborgar.

Vert er að benda á að lykiltölur fyrirtækja eru ekki fullkomlega samanburðarhæfar vegna mismunandi rekstrarforma fyrirtækjanna.

5.1 Faxaflóahafnir

Rekstrarhagnaður fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2015 nam 490 mkr en til samanburðar var rekstrarhagnaður 467 mkr fyrir sama tíma árið 2014.

Rekstrartekjur námu 2.428 mkr en áætlun gerði ráð fyrir 2.170 mkr. Fyrir sama tímabil 2014 voru tekjur 2.294 mkr og hafa því hækkað um 5,8% á milli ára. Tekjur ársins 2015 stefna í að verða þó nokkuð hærri en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Vörugjöld, aflagjöld og hafnarþjónusta verða væntanlega hærri en reiknað var með í áætlun. Að svo stöddu er þó of snemmt að spá um þróun vöruflutninga til og frá landinu þannig að sjá verður til hvernig tekjur skila sér á seinni hluta ársins.

Rekstrargjöld námu 1.904 mkr en áætlun gerði ráð fyrir 2.036 mkr. Fyrir sama tímabil árið 2014 voru þau 1.798 mkr þannig að þau hækka um 5,9% á milli ára. Útgjöldin ráðast ekki eingöngu af verðlagi heldur einnig sérgreindum viðhaldsverkefnum sem falla undir rekstur og geta verið mismunandi á milli ára. Gert er ráð fyrir að vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur verði yfir áætlun í lok árs. Rekstrarafgangur fyrstu níu mánuðina var hærri en áætlun gerði ráð fyrir.

Heildareignir voru 13.925 mkr sem er hækkan frá áramótum um 709 mkr eða 5%, þar af námu fastafjármunir 11.791 mkr og veltufjármunir 2.135 mkr.

Heildarskuldir voru 1.458 mkr. Langtímaskuldir námu 1.075 mkr og lækkuðu um 36 mkr frá áramótum eða um 3,3%.

Eigið fé nam 12.467 mkr og hækkaði um 5,6% frá áramótum en þá nam eigið fé 11.804 mkr.

Handbært fé frá rekstri var 1.202 mkr. **Fjárfestingahreyfingar** námu 93 mkr fyrstu níu mánuði ársins og gert er ráð fyrir að fjárfestingaáætlun verði í meginráttum í takt við fjárhagsáætlun. Greiddur var út **arður** til eigenda sem nam 173 mkr. **Handbært fé í lok tímabilsins var 1.711 mkr.**

Útlit er fyrir að niðurstaða ársins 2015 verði hagstæðari en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun ársins. Helstu óvissuþættir þar að lútandi ráðast af þróun vöruflutninga og úthlutun lóða, en aðrir liðir ættu almennt að vera í samræmi við fjárhagsáætlun ársins. Komin er hreyfing á úthlutanir lóða í eigu hafnarinnar.

Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** Faxaflóahafna fyrir 9 mánaða uppgjör árin 2011-2015:

Faxaflóahafnir	2011	2012	2013	2014	2015
Eiginfjárlutfall	83,7%	84,0%	85,4%	87,7%	89,5%
Arðsemi eigin fjár	1,1%	1,8%	3,5%	4,1%	4,2%
Veltufjárlutfall	2,52	1,88	2,16	2,70	4,45
Langtímaskuldir/eigið fé	14,9%	13,7%	11,9%	9,0%	7,8%
Uppgreiðslutími	2	2	1	1	1

Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Rekstarniðurstaða, efnahagur og sjóðstreymi eru í jafnvægi miðað við áætlun ársins.
- Staða á handbæru fé er mjög góð og sýnir sterka stöðu fyrirtækisins. Veltufjárlutfall er mjög gott.
- Kennitölur félagsins lýsa miklum fjárhagslegum styrk. Með tilliti til þess hefur félagið alla burði til þess að greiða eigendum sínum arðgreiðslur í framtíðinni.

5.2 Félagsbústaðir

Níu mánaða árshlutauppgjör Félagsbústaða er gert samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastaðli IFRS í samræmi við 90. gr laga nr. 3/2006 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

Samkvæmt 39. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga mega félög, sem eru með starfsemi á sviði fjárfestinga í fjárfestingaeignum, meta eignir og skuldbindingar sem þeim tengjast innan þessarar starfsemi til gangvirkis. Með fjárfestingaeign er átt við eign sem ætluð er til öflunar tekna, svo sem til útleigu, en ekki til notkunar í rekstri félagsins.

Í 9 mánaða árshlutauppgjöri Félagsbústaða og Reykjavíkurborgar fyrir árið 2015 eru fjárfestingareignir metnar til gangvirðis.

Hagnaður nam 2.474 mkr á tímabilinu, en var 3.579 mkr fyrir sama tímabil árið 2014.

Rekstrarhagnaður fyrir vaxtagjöld, verðbætur lána og matsbreytingu fjárfestingaeigna minnkaði um 3,1% milli ára, var 1.105 mkr fyrstu 9 mánuði ársins 2015 en var 1.141 mkr fyrir sama tímabil árið 2014. Hrein vaxtagjöld námu 721 mkr og hækkuðu um 0,7% milli ára. Vaxtaþekja rekstrarhagnaðar var 1,53 miðað við 1,56 fyrir sama tímabil árið á undan.

Rekstrarafkoma fyrir verðlagsbreytingar lána og matsbreytingu eigna nam 384 mkr fyrstu 9 mánuði ársins 2015 miðað við 424 mkr fyrir sama tímabil árið á undan sem er 9,6% lækkun milli ára. Verðbreyting lána nam samtals 771 mkr. Við mat á eignum Félagsbústaða til útleigu var stuðst við mat fasteignaskrár Þjóðskrár Íslands sem tekur gildi í upphafi árs 2016 (verðmæti m.v. feb 2015) að teknu tilliti til 4,7% hækkunar á vísitölu íbúðaverðs í fjölbýli í Reykjavík frá febrúar 2015 til loka tímabilsins. Matsbreyting fjárfestingaeigna félagsins nam 2.856 mkr á fyrstu 9 mánuðum ársins 2015 en var 3.634 mkr fyrir sama tímabil árið 2014.

Rekstrartekjur Félagsbústaða hf. á fyrri hluta ársins 2015 námu 2.335 mkr, sem var 2,1% aukning tekna m.v. sama tímabil árið á undan, aðallega vegna verðlagshækkunar leigu og stækkunar eignasafnsins.

Rekstrargjöld námu samtals 1.230 mkr fyrstu 9 mánuði ársins 2015 og hækkuðu milli ára um 7,3%. Af einstökum rekstrarþáttum hækkaði rekstrarkostnaður fasteigna og gjaldfært viðhald fasteigna um 26,3%, en gjaldfært viðhald var á tímabilinu 22,4% af heildartekjum. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður á fyrri hluta árs lækkaði um 19,3% milli ára.

Heildareignir Félagsbústaða hf. um mitt ár 2015 námu tæplega 51 mkr og hafa aukist um ríflega 3,5 mkr frá áramótum (7,4%) aðallega vegna matsbreytinga fjárfestingaeigna félagsins. Eigið fé félagsins nam 19,9 mkr í lok tímabilsins og hefur aukist um tæpa 2,5 mkr milli frá áramótum, eða um 7,4%. Eiginfjárlutfall var í lok tímabilsins 39,2% en var 36,8% um áramót.

Heildarskuldir fyrirtækisins í lok tímabilsins voru 30,9 mkr en voru 29,9 mkr í árslok 2014.

Handbært fé frá rekstri var 291 mkr eftir fyrstu 9 mánuði ársins 2015 en var 382 mkr fyrir sama tímabil árið á undan. Fjárfestingar fyrstu 9 mánuði ársins 2015 námu 621 mkr miðað við 367 mkr fyrir sama tímabil árið áður. Fjármögnunarhreyfingar fyrri hluta árs 2015 nema 330 mkr, samanborið við 13 mkr árið áður.

Á tímabilinu keypti félagið 26 íbúðir og seldi 1 íbúð.

Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** Félagsbústaða skv. gangvirðisuppgjöri fyrir 9 mánaða uppgjör árin 2011-2015:

Félagsbústaðir - gangvirðisuppgjör	2011	2012	2013	2014	2015
Vaxtaþekja	1,30	1,09	1,59	1,56	1,53
Skuldaþekja	0,86	0,76	0,31	0,95	0,99
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjur	11,4%	14,1%	18,3%	18,9%	16,4%
Eiginfjárlutfall	23,0%	26,7%	28,9%	35,3%	39,2%
Veltufjárlutfall	0,18	0,16	0,17	0,13	0,11
Langtímaskuldir/eigið fé	322,3%	262,8%	239,3%	176,9%	146,6%
Uppgreiðslutími	91	71	54	51	58

Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Viðhaldskostnaður í rekstri er töluvert umfram áætlun og samdrátt rekstrarhagnaðar og veltufjár frá rekstri milli ára má að stóru leyti rekja til þess. Veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum lækkar úr 18,9% í 16,4% milli ára. Síðustu misseri hafa taxtar verktaka hækkað töluvert umfram verðlag sem hefur neikvæð áhrif á grunnrekstur félagsins þar sem tekjur fylgja verðlagi. Haldi þróunin áfram getur þurft að hækka leiguverð Félagsbústaða til að mæta auknum kostnaði við viðhald.
- Hækkun verktakataxta hefur einnig áhrif á kostnað við nýframkvæmdir. Þessi þróun gæti því leitt til enn frekari hækkunar leiguverðs samhliða fyrirhugaðri stækkun eignasafnsins, sbr. umfjöllun hér á eftir.
- Verðbætur langtímalána aukast milli ára þar sem vísitala neysliverðs til verðtryggingar hækkaði um 2,7% frá janúar til október 2015 samanborið við 1,5% á sama tímabili 2014. Matsbreytingar fjárfestingaeigna eru töluvert minni en á sama tímabili í fyrra. Báðir þættir leiða til minni hagnaðar félagsins en árið á undan. Til að meta stöðu grunnrekstar Félagsbústaða og sjálfbærni félagsins er þó eðlilegra að horfa til rekstrarhagnaðar og veltufjár frá rekstri.
- Skammtímaskuldir við lánastofnanir aukast töluvert frá fyrra ári þar sem íbúðakaup félagsins hafa undanfarið verið fjármögnuð með yfirdrætti í banka. Unnið er að langtímafjármögnun vegna kaupanna og eru valkostir nú í skoðun.
- Í lok árs 2014 samþykkti borgarstjórn tillögu um að fjölga félagslegum leiguíbúðum hjá Félagsbústöðum um 500 árin 2015-2019 og áætlanir gerðu ráð fyrir að fjölgunin yrði jöfn yfir tímabilið. Nú gerir félagið ráð fyrir um 50 íbúða fjölgun á árinu

2015 með kaupum íbúða á markaði. Skýring á tölum er m.a. framboðsskortur á markaði. Um þessar mundir ríkir jafnframt töluverð óvissa um stuðning ríkisins við byggingu og öflun félagslegs leiguhúsnæðis. Í áætlunum Félagsbústaða var gert ráð fyrir beinum stofnframlögum frá ríkinu í samræmi við tillögur verkefnisstjórnar um framtíðarskipan húsnæðismála. Með stofnframlögum yrði dregið verulega úr fjármögnunarbörf og fjármagnskostnaði uppbyggingarinnar miðað við núverandi fyrirkomulag, sem skilar sér í hagstæðara leiguverði til viðskiptavina félagsins. Von er á að frumvarp um framtíðarstuðning hins opinbera við uppbyggingu leiguhúsnæðis verði lagt fram á Alþingi á næstunni en ljóst er að töluverð óvissa er um fjármögnun á íbúðakaupum og framkvæmdum félagsins til framtíðar.

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Vaxtaþekja (1,53) og skuldaþekja (0,99) eru yfir lágmarkum (1,4 og 0,9), en þessi lágmark voru skilyrði borgarsjóðs fyrir veitingu veðheimildar vegna endurfjármögnunar á FEL97 skuldabréfaflokknum hjá Lánasjóði sveitarfélaga árið 2013.
- Mikil óvissa einkennir rekstrarumhverfi Félagsbústaða um þessar mundir hvað varðar kostnað við viðhald og framkvæmdir og fyrirkomulag og kjör fjármögnunar. Allir þættir geta haft mikil áhrif á útgjöld félagsins. Fylgjast þarf náið með þróun næstu mánaða og tryggja að tekjur félagsins séu ávallt nægar til að standa undir útgjöldum. Almenn tölur fjármálaskrifstofa mikilvægt að rekstur Félagsbústaða til lengri tíma verði rýndur frekar þegar línur fara að skýrast og að skilgreind séu í eigendastefnu fjárhagsleg markmið sem tryggja sjálfbærni grunnrekstrar til lengri tíma litið.
- Þegar er farið að gæta þenslu á byggingamarkaði. Að mati fjármálaskrifstofu er þess vegna mikilvægt að fylgjast náið með þróun efnahagsmála á næstunni og meta sífellt hvort þróunin gefi tilefni til endurskoðunar á áformum félagsins.

5.3 Orkuveita Reykjavíkur

Rekstrarhagnaður (EBIT) Orkuveitu Reykjavíkur varð 194,5 mkr lægri á tímabilinu 1. janúar til 30. september 2015 en á sama tímabili 2014 og lækkaði um 1,7% milli tímabila. Tekjur voru 1.883,7 mkr hærrí á tímabilinu en á sama tímabili 2014 og rekstrargjöld án afskrifta hækkuðu um 1.340,0 mkr milli tímabila. Þessi niðurstaða er í samræmi við áætlanir og nær allir þættir **aðgerðaráætlunar** fyrirtækisins og eigenda þess, sem samþykkt var á árinu 2011, hafa staðist og sumir gott betur.

Rekstrarniðurstaða samstæðunnar janúar til september 2015 var jákvæð um 3.093 mkr samanborið við hagnað á sama tíma árið áður að fjárhæð 7.879 mkr.

Hagnaður fyrir fjármagnsliði, skatta og afskriftir (EBITDA) var 18.234 mkr samanborið við 17.766 mkr á sama tímabili 2014. EBITDA er því 2,6% hærrí en á sama tíma 2014. Handbært fé frá rekstri er svipað milli tímabila og nemur nú 18.126 mkr.

Rekstrartekjur tímabilsins námu 28.768 mkr en voru 26.885 mkr á sama tíma 2014 sem nemur 7,0% hækkun. Hækkunina má helst skýra af hækkun tekna af sölu rafmagns til stóriðju, aukinni raforkusölu á almennan markað og sölu á heitu vatni í smásölu. Á samanburðartímabilinu 2014 voru tekjur lækkaðar vegna uppgjörs við Norðurál eftir úrlausn máls sem hafði verið í ágreiningi á milli fyrirtækjanna.

Tekjur skiptast á **þrjá starfsþætti**: Orku náttúrunnar, Veitur og önnur starfsemi. Framleiðsla raforku, sala hennar og gagnaveita eru í samkeppnisrekstri og nema tekjur af samkeppnisrekstrar 34,3% af heildartekjum samstæðu OR.

Rekstrargjöld á tímabilinu janúar til september 2015 námu 17.707 mkr að meðtöldum afskriftum en voru 15.705 mkr á sama tíma 2014 sem nemur 12,7% hækkun. Helstu ástæður hækkunar gjalda milli tímabila má rekja til **meiri orkukaupa** nú en á samanburðartímabilinu þar sem kaupa þurfti orku vegna skipulagðra viðhaldsframkvæmda á hverfilsamstæðum. Hækkun á þessum lið nemur um 1.001 mkr. Annar rekstrarkostnaður hækkar um 234 mkr milli tímabila en þá hækkun má einnig rekja að miklu leyti til viðhaldsframkvæmdarinnar. Afskriftir milli tímabila hækka um 662 mkr en sú hækkun er annars vegar vegna hækkunar á eignastofni vegna endurmats sem framkvæmt var á hluta eigna í lok árs 2014 sem og til yfirferðar á afskriftahlutföllum og líftíma eigna sem lauk seinni hluta árs 2014 og leiddi til hækkunar afskrifta á einstökum flokkum.

Rekstrarhagnaður nam 11.061 mkr en var 11.256 mkr á sama tíma 2014 og lækkaði um 1,7% milli tímabila.

Fjármagnsliðir voru neikvæðir um 7.972 mkr á tímabilinu en voru neikvæðir um 1.121 mkr á sama tímabili 2014. Áhrif annarra fjármagnsliða en vaxtatekna og -gjalda nema 4.275 mkr til lækkunar en lækkað álverð hefur mikil áhrif á þennan lið. Lækkun á innbyggðum afleiðum í raforkusölusamningum hefur ein og sér áhrif til lækkunar að fjárhæð 6.773 mkr á tímabilinu. Sveiflur eru einnig nokkrar vegna breytinga á gengi gjaldmiðla.

Heildareignir í lok tímabilsins voru 299.761 mkr en voru 299.330 mkr árslok 2014.

Eigið fé í lok tímabilsins var 102.637 mkr en var 99.410 mkr í árslok 2014.

Heildarskuldir fyrirtækisins í lok tímabilsins voru 197.123 mkr en voru 199.920 mkr í árslok 2014. Samningar náðust við bankann Dexia um endurröðun gjaldþaga sem hefur þau áhrif að næsta árs afborganir vaxtaberandi skulda lækka verulega og styrkir það lausafjárstöðu fyrirtækisins horft fram á við.

Handbært fé frá rekstri nam 18.126 mkr á tímabilinu janúar til september 2015 og hækkaði um 1,3% miðað við sama tímabil á fyrra ári.

Fjárfestingarhreyfingar á tímabilinu nettó voru útstreymi að fjárhæð 5.797 mkr en útstreymi á sama tímabili 2014 var 7.066 mkr. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum nam 7.252 mkr á tímabilinu. Orkuveitan hafði sett hluta af handbæru fé í bundna ávöxtun sem nú er að losna, í fjárfestingahreyfingum tímabilsins er það sýnt sem innstreymi að fjárhæð 1.500 mkr.

Fjármögnunarhreyfingar á tímabilinu nettó voru útstreymi að fjárhæð 11.977 mkr en var 8.213 mkr á sama tíma 2014. Afborganir vaxtaberandi skulda vega þar þyngst en þær námu 10.284 mkr.

Orkuveita Reykjavíkur hefur fylgt aðgerðaáætlun „Planinu“ sem unnið var í samstarfi við eigendur frá vormánuðum 2011. Í Planinu voru mjög metnaðarfull markmið um aðhald í rekstri og minnkun fjárfestinga auk samþykktu leiðréttinga á gjaldskrá, eignasölu og láns frá eigendum.

Árangur Plansins janúar til september 2015 var 1.478 mkr betri en gert var ráð fyrir sem rekja má fyrst og fremst til lækkunar á fjárfestingum í veitukerfum 510 mkr og lækkun fjárfestinga í fráveitu að fjárhæð 638 mkr umfram áætlun. Lækkun rekstrarkostnaðar hefur skilað 285 mkr meira en gert var ráð fyrir og leiðrétting gjaldskrár 200 mkr umfram áætlun. Á árunum 2011 til 2015 F3 er heildarárangur Plansins um 7.220 mkr umfram markmið þess tímabils.

Þrátt fyrir að markmið Plansins hafi hingað til gengið eftir eru skuldir Orkuveitunnar verulegar og áhrif vaxta, álverðs og gengis hafa mikil áhrif á rekstur og efnahag fyrirtækisins. Álverð er nú mjög lágt og hefur það neikvæð áhrif á tekjur en á móti hefur gengisstyrking dollars haft jákvæð áhrif á gengismun vegna Orku náttúrunnar. Orkuveitan mun áfram vinna að því að styrkja lausafjárstöðu sína og auka töku áhættuvarnarsamninga til þess að verja sjóðstreymið.

Matsfyrirtækið Reitun hefur hækkað mat sitt á innlendri **lánshæfiseinkunn** Orkuveitunnar og er hún nú í A1 með stöðugum horfum. Lánshæfisfyrirtækið Moody's metur horfur á lánshæfi Orkuveitunnar jákvæðar, en einkunnin er áfram B1. Lánshæfisfyrirtækið Fitch Rating metur lánshæfismat Orkuveitu Reykjavíkur BB- með stöðugum horfum. Grunneinkunn Orkuveitunnar, án tillits til ábyrgðar eigenda, er tveimur þrepum hærrí hjá Fitch en frá Moodys.

Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** Orkuveitu Reykjavíkur fyrri tímabilið janúar til september árin 2011-2015:

Orkuveita Reykjavíkur	2011	2012	2013	2014	2015
Eiginfjárlutfall	18,7%	21,9%	28,6%	31,1%	34,2%
Arðsemi eigin fjár	-12,4%	5,6%	11,9%	13,0%	4,2%
Veltufjárlutfall	0,44	0,32	0,59	0,89	0,67
Langtímaskuldir/eigið fé	392,7%	312,0%	217,2%	194,1%	167,6%
Skuldaþekja (EBIT/gr afb + Nettó gr. vextir)	0,59	0,65	0,53	0,67	0,76
Skuldaþekja (EBITDA/gr afb + Nettó gr. vextir)	0,97	1,06	0,79	1,06	1,25
Vaxtaþekja (EBIT/(n.greiddir vextir)	4,06	2,85	3,65	3,95	4,29
Vaxtaþekja (EBITDA/(n.greiddir vextir)	6,75	4,63	5,44	6,24	7,07
Uppgreiðslutími lána (skuldir/veltuf. frá rekstri)	13,70	13,10	10,10	11,90	10,00
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	53,0%	48,0%	52,0%	47,2%	51,2%
Framlegð	63,5%	65,4%	66,0%	66,1%	63,4%

Fyrirtækið er eins og áður viðkvæmt vegna ytri þátta; vaxta, gengis og álverðs, en verulega bættur rekstur og áhættuvarnir styrkja fjárhagsstöðu þess. Þannig hefur staða fyrirtækisins gagnvart fjármálastofnununum batnað umtalsvert á síðustu árum.

Eiginfjárlutfall er enn að hækka og er nú nærri settum markmiðum. Veltufjárlutfall er 0,67 og hefur hækkað úr 0,29 á fyrri hluta árs 2012 en stefnt er að því að ná veltufjárlutfallinu í kringum 1. Enn er unnið að því að bæta lausafjárstöðu fyrirtækisins og hefur náðst góður árangur við endurskipulagningu afborgana í samráði við lánveitendur.

Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Heildarárangur Plansins frá árinu 2011 til þriðja ársfjórðungs 2015 er 7,2 mkr yfir markmiðum tímabilsins. Heildarárangurinn er nú orðinn 53,2 mkr og þar með hefur 51,3 mkr heildarmarkmiði aðgerðaáætlunar fyrir árin 2011-2016

verið náð. Sem áður er eignasala eini þáttur Plansins sem ekki hefur þróast umfram markmið, en hún hefur til og með þriðja ársfjórðungi 2015 numið 9,0 mkr og er 1,0 mkr undir markmiði.

- Rekstrartekjur aukast um 1,8 mkr frá fyrra ári meðan rekstrarkostnaður eykst um u.þ.b. 1,3 mkr. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) eykst því um tæpan 0,5 mkr eða u.þ.b. 2,6% milli ára. Hlutfallslega aukast útgjöld hins vegar töluvert umfram tekjur, eða 14,6% á móti 6,7%, sem leiðir til þess að framlegð fyrirtækisins sem hlutfall af tekjum (EBITDA / rekstrartekjur) minnkar frá fyrra ári og er álíka og framlegð ársins 2011. Þessi þróun er þó nokkuð í takt við áætlun fyrirtækisins, en framlegð sem hlutfall af tekjum er um 1,3% lakari en gert var ráð fyrir.
- Í fjárhagsáætlun 2015 er gert ráð fyrir að framlegð sem hlutfall af tekjum lækki í 60% í árslok. Skv. nýframlagðri fimm ára áætlun fyrirtækisins fyrir árin 2016-2020 er síðan gert ráð fyrir að framlegð fyrirtækisins styrkist jafnt og þétt á tímabilinu 2016-2020 og verði rúm 63% sem hlutfall af tekjum í lok árs 2020. Skv. þessum áætlunum verður framlegð árána 2015-2020 þó lægri en árána 2012-2014.
- Á þriðja ársfjórðungi lækkaði álverð um 6,8%. Á fyrri helmingi ársins hafði álverð þegar lækkað um 9,2%, svo heildarlækkun frá áramótum til loka þriðja fjórðungs er 15,4%. Frá lokum uppgjörstímabils fram að miðjum nóvember hefur álverð lækkað um 6,3% og heildarlækkun frá áramótum fram að miðjum nóvember er því orðin rúm 20%.
- Þróun álverðs hefur því töluvert neikvæð áhrif á uppgjörið að þessu sinni. Hagnaður eftir fjármagnsliði lækkar um rúm 60% milli ára og arðsemi eigin fjár lækkar úr 13,0% í 4,2%. Minni hagnað má að miklu leyti rekja til tæplega 6,8 mkr gjaldfærslu vegna gangvirðisbreytinga innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum (reiknaður liður). Útlit er fyrir að þróunin verði enn óhagstæðari í ársuppgjöri fyrirtækisins vegna enn frekari lækkunar álverðs frá lokum uppgjörstímabilsins. Skv. ársreikningi fyrirtækisins fyrir árið 2014 var næmni innbyggðra afleiða gagnvart 10% lækkun álverðs tæpir 5,0 mkr í árslok 2014.
- Þróun álverðs hefur ekki aðeins áhrif á reiknaða liði heldur einnig tekjur Orkuveitunnar. Til að sporna við frekari lækkun tekna hefur OR varið sjóðstreymi næstu þriggja ára að hluta gegn sveiflum í álverði, mest til 12 mánaða í senn.
- Ef horft er framhjá áhrifum af bundnum innlánnum er sjóðstreymi OR talsvert lakara á tímabilinu janúar – september 2015 en árið á undan. Skýrist það aðallega af töluvert meiri fjárfestingum en árið á undan, sem þó eru í ágætu samræmi við áætlanir fyrirtækisins, og því að OR hefur ekki enn nýtt sér 10 mkr lántökuheimild ársins. Hér verður að hafa í huga að um árshlutauppgjör er að ræða og að gera má ráð fyrir að sjóðstreymið styrkist til loka árs þegar gæta fer áhrifa lántökuheimildar ársins.
- Handbært fé ásamt bundnum innlánnum er um 5,7 mkr lægra en á sama tíma fyrir ári. Veltufjárlutfall er 0,67 í uppgjörinu nú en í nýbirtri útkomuspá fyrir árið 2015 gerir fyrirtækið ráð fyrir að veltufjárlutfallið verði orðið 1 í lok árs.
- Stjórn OR samþykkti þann 6. nóvember sl. tillögu að arðgreiðsluskilyrðum sem vísað var til eigendafundar sem fyrirhugaður er þann 26. nóvember 2015. Rýnihópi eigenda hefur verið falið að rýna tillöguna og skila umsögn til eigendafundar.

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Nú þegar markmið Plansins hafa náðst er mikilvægt að fyrirtækið í samráði við eigendur setji sér fjárhagsleg markmið og arðgreiðslustefnu til lengri tíma. Rýnihópur eigenda OR hefur til umfjöllunar tillögu að arðgreiðsluskilyrðum sem liggur fyrir eigendafundi þann 26. nóvember 2015. Fjármálaskrifstofa leggur áherslu á að arðgreiðsluskilyrði verði sett þannig að tryggð sé geta fyrirtækisins til að fjármagna rekstur og fjárfestingar og að takast á við fjárhagsleg áföll t.d. hvað varðar rekstraráhættu og álverðs-, vaxta- og gengisþróun. Um leið þurfa fjárhagsleg markmið og arðgreiðsluskilyrði að leiða til viðunandi arðsemi af starfsemi fyrirtækisins í samræmi við eigendastefnu þess.

5.4 Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs

Níu mánaða uppgjör félagsins inniheldur samstæðu SHS (móðurfélag), SHS fasteignir ehf. og Almannavarnir höfuðborgarsvæðisins.

Rekstrarniðurstaða var jákvæð um 345 mkr en var jákvæð um 201 mkr árið 2014. Í áætlun ársins var gert ráð fyrir hagnaði upp á 63 mkr. Þrátt fyrir aukinn hagnað er gert ráð fyrir að niðurstaða ársins verði í samræmi við áætlanir þar sem síðustu mánuðir ársins eru þungir í rekstri og óvissa er með launakostnað vegna starfsmats og kjarasamninga. Mikil aukning á hagnaði frá því í fyrra skýrist einnig af því að á fyrri helmingi ársins 2014 var óvissa um endanlegar tekjur vegna sjúkraflutninga.

Rekstrartekjur námu 1.795 mkr sem var 18% hækkun frá sama tímabili 2014. Hækkun milli ára skýrist að hluta til af óvissu um endanlegar tekjur vegna sjúkraflutninga á fyrri helmingi ársins 2014. Framlag eigenda nam 1.041 mkr sem var hækkun um 43 mkr milli ára. Tekjur vegna sjúkraflutninga voru 648 mkr sem var hækkun um 242 mkr (sjá skýringu að ofan), aðrar sértekjur voru rúmar 38 mkr sem var lækkun um 3 mkr frá á sama tímabili í fyrra. Tekjur dótturfélagana voru um 68 mkr sem var svipað og á sama tímabili árið 2014.

Rekstrargjöld námu 1.370 mkr sem var tæp 13% hækkun milli ára. Launakostnaður hækkaði um 14% á milli ára og fór úr 996 mkr í 1.136 mkr. Hækkunin skýrist af nýjum kjarasamningum og fjölgun starfsmanna vegna nýrrar slökkvistöðvar. Gera má ráð fyrir að launakostnaður hækki töluvert á síðustu mánuðum ársins þar sem kjarasamningar flestra starfsmanna SHS runnu út 1. maí og líklegt er að launhækkningar sem samið verður um gildi frá þeim tíma. Vinnu við kerfisbundna endurskoðun og leiðréttingu á starfsmati lýkur ekki fyrr en í nóvember. Leiðrétting vegna kerfisbundinnar endurskoðunar gildir frá 1. maí 2014 og leiðrétting á starfsmati gildir frá 20. júní 2013. Áætlaður kostnaður sem á eftir að falla til á árinu vegna starfsmats er um 45-50 mkr og áætlaður kostnaður vegna kjarasamninga gæti numið allt að 100 mkr miðað við hvað aðrir kjarasamningar ríkis- og sveitarfélaga hafa gefið miklar hækkningar.

Heildareignir námu 2.460 mkr og þar af námu fastafjármunir 2.039 mkr. **Heildarskuldir** voru 812 mkr og lækkuðu um 281 mkr frá áramótum eða um 26%. Helsta ástæðan fyrir lækkun skulda er að greitt var inn á langtímalán samstæðunnar.

Eigið fé nam 1.648 mkr og hækkaði um 345 mkr frá áramótum eða 27%.

Fjárfestingahreyfingar námu 65 mkr en voru 353 mkr á sama tíma í fyrra. Mikil lækkun milli ára skýrist af því að byggingarframkvæmdir við nýja slökkvistöð voru langt komnar um síðustu áramót.

SHS fasteignir

Undir SHS heyrir dótturfélagið SHS fasteignir, sem á og rekur þau mannvirki sem hýsa starfseminu.

Rekstrarhagnaður SHS fasteigna fyrstu níu mánuði ársins var um 31 mkr en rekstrarhagnaður á sama tímabili í fyrra var 32 mkr.

Rekstrartekjur félagsins voru 124 mkr og rekstrargjöld voru 49 mkr. Fjármagnsliðurinn hjá SHS fasteignum var neikvæður um 19 mkr.

Heildareignir námu 1.020 mkr og lækkuðu um 5 mkr frá áramótum. **Heildarskuldir** voru 782 mkr og lækkuðu um 26 mkr frá áramótum.

Fjárfestingahreyfingar voru engar á tímabilinu en á sama tímabili í fyrra voru fjárfestingahreyfingar 313 mkr. Ástæðan fyrir miklum fjárfestingum í fyrra var bygging á nýrri slökkvistöð við Skarhólabraut sem síðan var seld til SHS.

Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** SHS samstæðunnar fyrir 9 mánaða uppgjör árin 2011-2015:

SHS - samstæða	2011	2012	2013	2014	2015
Eiginfjárlutfall	28,2%	37,6%	53,1%	54,1%	67,0%
Veltufjárlutfall	1,68	2,93	1,56	1,48	0,84
Langtímaskuldir/eigið fé	201,2%	135,9%	59,8%	50,0%	18,9%
Uppgreiðslutími	5	2	4	2	1

Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Héraðsdómur Reykjavíkur féllst í mars 2015 á kröfu SHS í dómsmáli á hendur Lánasjóði sveitarfélaga (LS) vegna uppgjors á gengistryggðu láni. Forsaga málsins var sú að SHS greiddi upp lán í lok árs 2012 hjá LS með fyrirvara um leiðréttingu á uppgjörinu ef niðurstaða dómstóla í gengislánamálum sýndi að um ofgreiðslu hafi verið að ræða. SHS sendi LS kröfu byggða á niðurstöðu í hliðstæðum málum og hljóðaði krafan upp á 370 mkr. LS synjaði kröfunni og var málinu stefnt á árinu 2013. Uppreiknuð og með áföllnum vöxtum stóð krafan í 485 mkr í mars 2015. Lánasjóður sveitarfélaga hefur áfrýjað úrskurði héraðsdóms til Hæstaréttar. Niðurstöðu er að vænta um næstu áramót.
- SHS gerði upp lán við Glitni á árinu 2008 með fyrirvara um leiðréttingu á uppgjori ef niðurstaða dómstóla í gengislánamálum sýndi að um ofgreiðslu hafi verið að ræða. Krafa SHS hljóðar upp á rúmar 213 mkr. Sættir hafa ekki náðst á milli aðila. Búið er að fara með málið fyrir dómstóla þar sem málið hefur verið dómtekið og hefur málflytningur verið ákveðinn í febrúar 2016.
- Nýbygging slökkvistöðvar SHS í Mosfellsbæ var tekin í notkun í mars sl. Byggingarkostnaður hennar nam 625 mkr í lok september en upphaflega var áætlaður byggingarkostnaður 580 mkr (á verðlagi ársins 2012). Unnið er að gerð viðbyggingar og bakhúss sem gert er ráð fyrir að ljúki í nóvember. Áætlaður kostnaður við þær framkvæmdir sem eru eftir er um 25 mkr.
- Hinn 10. nóvember 2014 samþykkt stjórn SSH eftirfarandi tillögu: „Stjórn SSH leggur til við eigendavettvang og stjórnir byggðasamlaganna SORPU bs., Strætó bs. og SHS að unnin verði ítarleg greining á rekstri byggðasamlaganna þriggja í því skyni að leita allra leiða til að lækka kostnað sveitarfélaganna við rekstur byggðasamlaganna og ná fram allri þeirri hagræðingu í rekstri sem frekast er unnt.“ Þessi greiningarvinna er enn í fullri vinnslu undir verkstjórn stýrihóps stjórnar SSH en óvíst er hvenær hún mun klárast.

- Það sem af er árs hafa langtímaskuldir verið greiddar niður um rúmlega 102 mkr. Skuldahlutföll eru mjög viðunandi. Eiginfjárlutfall hefur hækkað verulega undanfarin ár og er orðið mjög ásættanlegt.

5.5 SORPA bs

Rekstrarniðurstaða fyrstu níu mánuði ársins 2015 var jákvæð um rúmar 288 mkr en var jákvæð um tæpar 107 mkr á sama tíma árið 2014.

Rekstrartekjur voru 2.322 mkr og hækkuðu um 285 mkr milli ára eða um 14% sem skýrist af stórum hluta af auknum tekjum endurvinnslustöðva.

Rekstrargjöld voru 2.022 mkr og hækkuðu milli ára um 56 mkr. Hækkunina má að stærstum hluta rekja til þyngri reksturs endurvinnslustöðva, m.a. vegna óvæntra útgjalda á Dalvegi í Kópavogi og vegna uppgjors á starfsmati.

Heildareignir þann 30. sept 2015 námu 2.638 mkr og hækkuðu um 330 mkr frá áramótum eða um 14%, þar af námu fastafjármunir 1.494 mkr og veltufjármunir 1.144 mkr. Rétt er að hafa í huga breytta reiknisfærslu endurvinnslustöðva milli ára sem var útskýrð með eftirfarandi hætti í skýringum með ársreikningi félagsins: *“Reikningsskilaaðferð endurvinnslustöðva er breytt á árinu. Stofnfé endurvinnslustöðva er færð út, endurvinnslustöðvar eru afskrifaðar og færð er upp skuldbinding sem nemur bókfærðu verði endurvinnslustöðvanna. Á móti lánum sem tekin eru vegna endurvinnslustöðva er færð krafa á sveitarfélögin. Krafan er nettuð á móti skuldbindingunni til að þenja ekki út efnahagsreikninginn.”*

Heildarskuldir námu 991 mkr í lok tímabilsins og hækkuðu um 42 mkr frá áramótum eða um 4%. Langtímaskuldir voru 342 mkr og lækkuðu um tæpar 60 mkr frá áramótum, skammtímaskuldir voru 415 mkr og hækkuðu um 77 mkr frá áramótum.

Eigið fé nam 1.647 mkr og hækkaði um 21% frá áramótum en þá nam eigið fé 1.358 mkr.

Fjárfestingahreyfingar voru í heildina 190 mkr á tímabilinu en 134 mkr á sama tíma árið 2014. **Fjárfestingar** í varanlegum rekstrarfjármunum námu 186 mkr en gert var ráð fyrir 1.971 mkr í áætlun fyrir allt árið. Framkvæmdir við fyrirhugaða gas- og jarðgerðarstöð hafa tafist og því eru fjárfestingar minni en áætlað var. Fjárfestingar á endurvinnslustöðvum voru samtals 24,7 mkr á árinu, fjárfestingar í Gufunesi námu um 40,7 mkr á árinu en fjárfesting í Álfsnesi og svæðisáætlun var 119,6 mkr.

Fjármögnunarhreyfingar Greiddar afborganir langtímalána námu 65,9 mkr en ekki var stofnað til nýrra langtímalána á tímabilinu.

Handbært fé frá rekstri í lok uppgjörstímabils nam 448 mkr en var 262 mkr fyrir ári síðan. Megin skýringin á þessari hækkun er sú að rekstarhagnaður jókst milli ára. **Handbært fé** í lok tímabilsins nam 863 mkr en var 580 mkr á sama tímabili árið 2014 sem var hækkun um 283 mkr milli ára.

Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** SORPU fyrir 9 mánaða uppgjör árin 2011-2015:

Sorpa	2011	2012	2013	2014	2015*
Eiginfjárlutfall	66,7%	69,8%	68,3%	65,3%	62,4%
Arðsemi eigin fjár	0,3%	0,2%	6,4%	7,5%	21,2%
Veltufjárlutfall	1,46	1,45	1,60	2,35	2,75
Langtímaskuldir/eigið fé	20,8%	16,8%	17,7%	26,9%	20,8%
Uppgreiðslutími	2	2	1	2	1

*Á síðari hluta ársins 2014 var breytt um reikningsskilaaðferð við reikningsfærslu endurvinnslustöðva sem hefur áhrif á eiginfjárlutfall, arðsemi eiginfjár og hlutfallið langtímaskuldir/eigið fé. Kennitölum fyrri ára hefur ekki verið breytt til

Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Rekstrarniðurstaðan er ásættanleg og staða handbærs fjár sterk.
- Helstu áhættur í rekstri SORPU tengjast ytra efnahagsumhverfi og eftirspurn eftir þjónustu fyrirtækisins.
- Fyrirhugaðar eru miklar fjárfestingar vegna hertra reglna um meðferð og urðun úrgangs. Mikilvægt er að greina valkosti og hagkvæmni þeirra og áhrif á notendur þjónustunnar og eigendur SORPU.
- Hinn 10. nóvember 2014 samþykkt stjórn SSH eftirfarandi tillögu: „Stjórn SSH leggur til við eigendavettvang og stjórnir byggðasamlaganna SORPU bs., Strætó bs. og SHS að að unnin verði ítarleg greining á rekstri byggðasamlaganna þriggja í því skyni að leita allra leiða til að lækka kostnað sveitarfélaganna við rekstur byggðasamlaganna og ná fram allri þeirri hagræðingu í rekstri sem frekast er unnt.“ Þessi greiningarvinna er í fullri vinnslu undir verkstjórn stýrihóps stjórnar SSH og er niðurstöðu að vænta á næstu vikum.

5.6 Strætó bs

Rekstrarniðurstaða fyrir fyrstu níu mánuði 2015 var 155 mkr hagnaður en var um 292 mkr á sama tímabili árið á undan.

Rekstrartekjur Strætó voru um 5.092 mkr og hækkuðu um 1.172 mkr samanborið við sama tímabil árið á undan eða um 30%. Megin skýring á þessari hækkun á rekstrartekjum var **framlag vegna akstursþjónustu fyrir fatlaða** að fjárhæð 929 mkr á tímabilinu. **Fargjaldatekjur** voru 1.260 mkr og hækkuðu um 129 mkr frá árinu á undan eða um 11%. **Framlög frá eigendum** voru 2.161 mkr og hækkuðu um 69 mkr eða um 3%. **Framlag ríkissjóðs** var hins vegar tæplega 12 mkr lægra en fyrir sama tímabil 2014. **Aðrar tekjur** voru í lok tímabilsins um 138 mkr en voru um 81 mkr fyrir sama tímabil 2014. Hækkun á öðrum tekjum kom að stærstum hluta til vegna þóknunar fyrir sameiginlega ferðaþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu og vegna aukningar á tekjum vegna þjónustu við landsbyggðina.

Rekstrargjöld Strætó námu 4.808 mkr og hækkuðu um 1.271 mkr á milli ára eða um 36%. Kostnaður við **rekstur almenningsvagna** nam samtals 3.588 mkr og hækkaði um 286 mkr milli ára eða um tæp 9%. Megin skýring á þessari hækkun má rekja til breytinga á leiðakerfi og vaktakerfi vagnstjóra. Í byrjun árs tók Strætó yfir **sameiginlega ferðaþjónustu fatlaðs fólks** á höfuðborgarsvæðinu og var aðkeyptur akstur vegna hennar um 929 mkr fyrstu 9 mánuði ársins. **Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður** var um 287 mkr og hækkaði um 52 mkr eða 22%. Hækkun má að lang stærstum hluta rekja til aukinna umsvifa í tengslum við sameiginlega ferðaþjónustu fatlaðs fólks.

Heildareignir Strætó í lok september 2015 voru 2.744 mkr, þar af voru fastafjármunir 1.355 mkr og veltufjármunir 1.389 mkr. Heildarskuldir voru 905 mkr og hækkuðu um 54 mkr frá áramótum. Í lok tímabilsins voru langtímaskuldir 136 mkr og viðskipta- og aðrar skammtímaskuldir 769 mkr. Vaxtaberandi skuldir í lok september námu 238 mkr. Engin ný **langtímalán** voru tekin á tímabilinu og gert er ráð fyrir að langtímaskuldir Strætó verði greiddar upp á næstu 2-3 árum.

Eigið fé í lok tímabilsins var um 1.839 mkr en var um 1.684 mkr í ársbyrjun. Breytinguna má rekja til rekstrarhagnaðs tímabilins að fjárhæð 155 mkr. Eiginfjárlutfallið var um 67%. **Handbært fé** var um 702 mkr í lok tímabilsins og lækkaði um 486 mkr. miðað við sama tímabil árið áður.

Nú í júlí var gengið frá kaupum á 8 nýjum strætisvögnum fyrir 283 mkr þar af hefur þegar verið greitt 94 mkr. Gert er ráð fyrir að vagnarnir verði afhentir í upphafi næsta árs og þá verði þeir greiddir að fullu. Strætó áformar að fjármagna þessa fjárfestingu úr rekstri.

Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur STRÆTÓ** fyrir 9 mánaða uppgjör árin 2011-2015:

Strætó	2011	2012	2013	2014	2015
Eiginfjárlutfall	31,1%	44,0%	59,3%	60,9%	67,0%
Arðsemi eigin fjár	116,2%	35,8%	63,4%	22,2%	9,2%
Veltufjárlutfall	1,99	2,25	2,13	2,26	1,81
Langtímaskuldir/eigið fé	125,5%	65,0%	24,4%	14,0%	7,4%
Uppgreiðslutími	2	2	1	1	1

Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Félagið skilar 155 mkr hagnaði nú þrátt fyrir 17 mkr tap á fyrstu sex mánuðum ársins sem er töluverður viðsnúningur á einungis þremur mánuðum.
- Félagið áformar að greiða upp skuldir sínar á næstu 2-3 árum og endurnýja auk þess vagna sína.
- Handbært fé nam 702 mkr og hækkaði frá áramótum um 75 mkr.

Ábendingar Fjármálaskrifstofu :

- Í maí 2012 var undirritaður samstarfssamningur milli ríkissjóðs og eigenda Strætó bs. og voru markmið og tilgangur samningsins að efla almenningsmengingur á höfuðborgarsvæðinu. Til að ná fram markmiðum samningsins myndi árlegt framlag ríkisins til Strætó nema 924 mkr m.v. árið 2013 og hækka í samræmi við verðlag ár hvert. Eigendur Strætó skuldbundu sig einnig til þess að árlegt framlag þeirra til reksturs Strætó bs yrði ekki lægra á samningstímanum en sem nemur 2.347 mkr. Að auki má nefna að í samningum kemur fram að 85% endurgreiðsla á olúgjaldinu er afnumin í áföngum á árunum 2013 og 2014 og að fullu 1. janúar 2015 sem hækkar kostnað Strætó um 218 mkr á ári, þ.s. Strætó þarf að endurgreiða verktökum þann hluta af olúgjaldinu sem þeir hefðu annars fengið endurgreiddann. Í meðfylgjandi töflu er sýnd samningsbundin fjárhæð ríkisins og hvað ríkið greiddi árin 2012-2014 og enn fremur áætlaðar fjárhæðir skv. fjárlögum 2015 og áætlaðar greiðslur m.v. verðlagsþróun. Árið 2014 hefðu greiðslur skv. samning átt að nema 968 mkr en voru 145,5 mkr lægri.

Allar fjárhæðir í mkr	2012	2013	2014	2015
Framlag ríkisins skv. samningi, með hækkun vegna verðlagsbreytinga	350	902	926	927
Framlagið ríkisins skv. greiðslum og áætlun	350	903	823	806
Mismunur frá því sem fram kemur í samningi og raun framlagi	0	-1	103	121

Viðauki 1: Kennitölur

Ársreikningi er ætlað að veita upplýsingar um afkomu stofnana og fyrirtækja Reykjavíkurborgar og um fjárhagslega stöðu þeirra.

Með framsetningu á kennitölum má á samanþjappaðan og einfaldan hátt veita upplýsingar úr ársreikningi um arðsemi og fjárhagsstöðu. Kennitölur byggja á þeim reikningsskilaaðferðum sem notaðar eru af viðkomandi aðila. Þetta býður upp á marga túlkunarmöguleika. Varhugavert er að draga of miklar ályktanir af einni kennitölu fyrir eitt tiltekið ár. Þær verður yfirleitt að skoða í samhengi við aðrar mikilvægar kennitölur og þróun þeirra yfir tímabil, a.m.k. þrjú ár. Kennitölur ætti líka að bera saman við kennitölur annarra aðila í skyldri starfsemi til að sjá þær í eðlilegu samhengi. Þá er ástæða til að vara við því að sumar kennitölur geta verið viðkvæmar fyrir breytingum á lágum fjárhæðum.

Í þessar skýrslu Fjármálaskrifstofu er stuðst við eftirfarandi kennitölur:

Eiginfjárlutfall (Equity ratio)

Mælt sem hlutfall eigins fjár á móti heildarfjármagni. Hlutfallið sýnir fjárhagslegan styrk eða tapþol fyrirtækis. Það er ekki til faglega einhlítur mælikvarði á æskilegt eða nauðsynlegt eiginfjárlutfall, hvorki hjá sveitarfélögum eða fyrirtækjum. Almennt hefur 50% eiginfjárlutfall sveitarfélags talist ásættanlegt. Síðan má velta fyrir sér merkingu eiginfjárlutfalls hjá sveitarfélagi gagnvart lánadrottnum þar sem sveitarfélag getur almennt ekki selt eignir eins og skóla til að standa skil á skuldum. Öðru máli gegnir um fyrirtæki, enda fjármagna þau gjarnan stóran hluta af varanlegum rekstrarfjármunum með lánsfé. Eiginfjárlutfall þeirra skiptir máli gagnvart lánveitendum en mikill munur er á hvað telst ásættanlegt í þeim efnum og fer það m.a. eftir atvinnugreinum og því hvort um fjármagnsfreka starfsemi er að ræða. Þannig geta fjármagnsfrek iðnfyrirtæki og fjármálastofnanir verið með eiginfjárlutfall undir 20%. Líta má á OR sem fjármagnsfrekt orkuframleiðslufyrirtæki á uppbyggingarskeiði með mikla lánsfjárbörf sem hefur áhrif á hvernig túlka ber eiginfjárlutfall samstæðunnar.

Arðsemi eigin fjár (Return on equity ratio)

Mælt sem hlutfall rekstrarniðurstöðu eftir fjármagnsliði á móti eigin fé í upphafi árs. Sýnir getu fyrirtækis til að ávaxta fjármuni sem eru bundnir í því. Það er spurning hvort þetta hlutfall er nothæft sem kennitala fyrir sveitarfélag. Það ber a.m.k. að túlka það varlega í því samhengi, sérstaklega vegna þess að eignir í A hluta sveitarsjóðs eru metnar samkvæmt kostnaðarverðsreglu. Hér má hafa í huga að fjármagnsveltir á skuldabréfum í milliviðskiptum Aðalsjóðs og Eignasjóðs eru 4%. Arðsemiskrafa eigin fjár í einkageira er samsett úr áhættulausum vöxtum ásamt áhættuálagi markaðar. Arðsemi eiginfjár gefur vísbendingu um hvort jafnvægisregla skv. Sveitarstjórnarlögum sé uppfyllt.

Veltufjárlutfall (Current ratio)

Mælt sem hlutfall veltufjármuna á móti skammtímaskuldum. Sýnir hæfi fyrirtækis til að inna af hendi nauðsynlegar greiðslur á næstu tólf mánuðum. Hlutfall innan við einn gefur vísbendingu um að rekstrareiningin hafi ekki getu til að standa við skammtímaskuldbindingar sínar á næstu mánuðum. Þegar horft er til A hluta sveitarsjóðs sem er að stórum hluta fjármagnaður með lögbundnum skatttekjum, ætti að gera kröfu um hærra hlutfall en hjá fyrirtækjum, þ.e. að minnsta kosti 1,20 en sömu kröfu þarf ekki að gera til samstæðunnar.

Skuldsetningarhlutfall (Gearing ratio)

Mælt sem hlutfall langtímaskulda á móti eigin fé. Sýnir fjárhagslega áhættu skuldsettra fyrirtækja. A hluti sveitarsjóðs tekur ekki lán til að fjármagna rekstur eða áhættufjárfestingar heldur til að fjármagna nauðsynlega uppbyggingu í varanlegum rekstrarfjármunum, s.s. skólum. Sú fjárfesting er ekki gerð í hagnaðarskyni. Þess vegna er mikilvægt að A hluti hafi gott greiðsluhæfi og sterka eiginfjárstöðu vegna langtímalána. Langtímalán eru lyklatríði fyrir uppbyggingu varanlegra rekstrarfjármuna í fyrirtækjum og markmiðið er að þau hámarki arðsemi eigin fjár. Á uppbyggingarskeiði varanlegra rekstrarfjármuna í fjármagnsfrekum rekstri getur þessi kennitala orðið mjög há. Fyrirtæki með hátt skuldsetningarhlutfall eru viðkvæm fyrir hagsveiflum enda þurfa þau að greiða af skuldum sínum þótt tekjur lækki eða vextir hækki. Lág hlutfall eigin fjár í fyrirtæki og hátt hlutfall lánsfjár sýnir alltaf ákveðinn fjárhagslegan veikleika.

Skuldahlutfall samkvæmt sveitarstjórnarlögum (64. grein laga nr. 138/2011)

Mælt sem hlutfall heildarskulda og skuldbindinga á móti reglulegum rekstrartekjum. Með ákvæði 64. grein laga nr. 138/2011 er sveitarfélögum almennt skylt að takmarka skuldir og skuldbindingar samstæðu A og B hluta við 150% af reglulegum tekjum samstæðu A og B hluta. Þessu ákvæði tengjast svo fyrirmæli reglugerðar (rg. 502/2012) skv. 3. mgr. ákvæðisins. Samkvæmt bráðabirgðaákvæði III getur sveitarstjórn ákveðið hvort hún nýtir sér heimild í 64 gr. laganna að undanskilja veitufyrirtæki

þegar kemur til mats á fjárhagsstöðu sveitarfélagsins á aðlögunartíma sem er 10 ár frá gildistöku laganna. Borgarráð hefur samþykkt að nýta sér þessa heimild.

Framlegð (EBITDA) og veltufjárhlutföll

Eftirlitsnefnd sveitarfélaga leggur einnig áherslu á kennitölurnar framlegð og veltufé frá rekstri í hlutfalli af rekstrartekjum í samhengi við skuldahlutfallið. Ef miðað er við 150% skuldahlutfall í hlutfalli af tekjum þá þarf veltufé frá rekstri að vera a.m.k. 7,5% af heildartekjum til að standa undir samningsbundnum afborgunum langtímalána með 20 ára greiðslutíma. Þá er í viðmiðum Eftirlitsnefndarinnar gert ráð fyrir að fjárfestingar nemi 5% af heildarskuldum og þær séu fjármagnaðar með lántöku, þannig að skuldahlutfall verði áfram 150%.

Vaxtaþekja (Interest expence coverage ratio)

Vaxtaþekja mæld sem hlutfall rekstrarhagnaðar (EBIT) – m.ö.o. rekstrarniðurstöðu fyrir fjármagnsliði á móti nettó vaxtagreiðslum er oft notuð til að mæla hæfi fyrirtækis til greiðslu vaxta. Ef hlutfallið er innan við 1 dugir rekstrarniðurstaðan ekki fyrir vaxtagreiðslum. Almenn er litið svo á að þetta hlutfall þurfi að vera vel yfir 1 til að mæta ekki aðeins vaxtagreiðslum heldur einnig fjárfestingarþörf sem afskriftum er ætlað að gefa vísbendingu um. Í fjármagnsfrekum greinum er jafnvel talið að hlutfallið þurfi að vera um 2. Taka ber fram að hjá B hluta fyrirtækjum að OR undanskildu er ekki hægt að aðgreina vaxtagreiðslur frá gengis- og verðbótaliðum en það getur takmarkað skýringargetu kennitölunnar.

Vaxtaþekja mæld sem hlutfall rekstrarniðurstöðu fyrir fjármagnsliði, skatta, afborganir og afskriftir (EBITDA) á móti nettó vaxtagreiðslum er einnig oft notuð til að mæla hæfi fyrirtækis til greiðslu vaxta. Ef hlutfallið er innan við 1 dugir rekstrarniðurstaðan ekki fyrir vaxtagreiðslum. Almenn er litið svo á að þetta hlutfall þurfi að talsvert hærra en fyrrnefnd vaxtaþekja enda ekki tekið tillit til fjárfestingarþarfar. Varasamt er að nota þennan mælikvarða nema til skoðunar á skammtíma samhengi. Taka ber fram að hjá B hluta fyrirtækjum að OR undanskildu er ekki hægt að aðgreina vaxtagreiðslur frá gengis- og verðbótaliðum en það getur takmarkað skýringargetu kennitölunnar.

Skuldaþekja (Debt service coverage ratio)

Skuldaþekja mæld sem hlutfall rekstrarhagnaðar (EBIT) – m.ö.o. rekstrarniðurstöðu fyrir fjármagnsliði á móti afborgunum og nettó vaxtagreiðslum er oft notuð til að mæla greiðsluhæfi fyrirtækis. Ef hlutfallið er innan við 1 dugir rekstrarniðurstaðan ekki fyrir afborgunum og vaxtagreiðslum. Almenn er litið svo á að þetta hlutfall þurfi að vera vel yfir 1 til að mæta ekki aðeins afborgunum og vaxtagreiðslum heldur einnig fjárfestingarþörf sem afskriftum er ætlað að gefa vísbendingu um. Í fjármagnsfrekum greinum þarf hærra hlutfall en ella. Taka ber fram að hjá B hluta fyrirtækjum að OR undanskildu er ekki hægt að aðgreina vaxtagreiðslur frá gengis- og verðbótaliðum en það getur takmarkað skýringargetu kennitölunnar.

Skuldaþekja mæld sem hlutfall rekstrarniðurstöðu fyrir fjármagnsliði, skatta, afborganir og afskriftir (EBITDA) á móti afborgunum og nettó vaxtagreiðslum er einnig oft notuð til að mæla greiðsluhæfi fyrirtækis. Ef hlutfallið er innan við 1 dugir rekstrarniðurstaðan ekki fyrir afborgunum og vaxtagreiðslum. Almenn er litið svo á að þetta hlutfall þurfi að talsvert hærra en fyrrnefnd skuldaþekja enda ekki tekið tillit til fjárfestingarþarfar. Varasamt er að nota þennan mælikvarða nema til skoðunar á skammtíma samhengi. Taka ber fram að hjá B hluta fyrirtækjum að OR undanskildu er ekki hægt að aðgreina vaxtagreiðslur frá gengis- og verðbótaliðum en það getur takmarkað skýringargetu kennitölunnar.

Uppgreiðslutími langtímaskulda (Downpayment of debt)

Uppgreiðslutími langtímaskulda er reiknaður sem hlutfall af veltufé frá rekstri á móti langtímaskuldum og næsta árs afborgun langtímaskulda. Kennitalan sýnir hvað fyrirtækið er lengi að greiða upp skuldir sínar m.v. að öllum fjárfestingum væri hætt og rekstur væri óbreyttur og ætti að standa undir skuldaskilum.

	A hluti	Aflvaki	Faxafloahafnir	Félagsbustaðir	Malbitunarsjóðin Höfði	Þróta- og sýningahólin	Jörundur ehf	Orkuveita Reykjavíkur	Sliðkvílið höfuðsv.	Sorpa	Strætó	Samstæða A og B hluti
<i>Eignarhlutur Rvk</i>	-	95,70%	75,55%	100,00%	100,00%	50,00%	100%	99,539%	60,82%	66,70%	60,30%	-
Rekstrartekjur	66.722	0	2.428	2.335			57	28.768	1.795	2.322	5.092	105.132
Rekstrargjöld	74.421	0	1.904	1.230			30	17.707	1.433	2.022	4.941	99.173
Afskriftir	3.107	0	592	0			18	7.172	63	103	133	11.308
Fjármagnslöðir	-794	0	-34	-1.493			-67	-7.972	-9	-12	4	-10.628
EBIT	-7.699	0	524	1.105			26	11.061	362	300	151	5.959
EBITDA	-4.592	0	1.117	1.105			44	18.234	425	403	284	17.267
Hagnaður (t. tap)	-8.493	0	490	2.475			-40	3.093	345	288	155	-2.426
Fastafjármunir	135.485	2	11.791	50.630	552	2.477	1.276	282.924	2.039	1.494	1.355	472.736
Veltufjármunir	21.806	9	2.135	183	901	336	10	16.837	422	1.144	1.389	42.021
Heildareignir	157.291	11	13.925	50.813	1.453	2.812	1.287	299.761	2.460	2.638	2.744	514.757
Skammtímaskuldur	16.300	0	480	1.641	393	77	1.366	25.060	501	415	769	43.834
Langtímaskuldur	39.654	0	978	29.230	0	2.039	0	165.986	311	342	136	226.198
Skuldbindingar	22.186	0	0	0	38	118	0	6.078	0	234	0	28.654
Heildarskuldur	78.140	0	1.458	30.870	431	2.235	1.366	197.123	812	991	905	298.686
Eigið fé 01.01.2015	87.644	11	11.804	17.418	937	667	-39	99.410	1.302	1.358	1.684	217.252
Eigið fé 30.09.2015	79.151	11	12.467	19.943	1.022	578	-79	102.637	1.648	1.647	1.839	216.071
Skuldir og eigið fé	157.291	11	13.925	50.813	1.453	2.812	1.287	299.761	2.460	2.638	2.744	514.757
Handbært fé frá rekstri	4.006	0	1.202	291	-60	5	18	18.126	172	448	231	24.348
Fjárfestingahreyfingar	-4.872	0	-93	-640	-72	-6	0	-5.797	-65	-190	-68	-11.753
Ný langtímalán	2.803	0	0	199	0	0	0	0	0	0	0	3.002
Greiddar afborganir	-1.200	0	-68	-397	0	-23	0	-10.284	-113	-66	-89	-12.240
NYTT framlag eignaða	0	0	0	50	0	0	0	0	0	0	0	0
Greiddur arður	0	0	-173	0	-10	0	0	0	0	0	0	-42
Staða á handbæru fé 30.09.2015	8.754	0	1.711	4	1	294	10	9.363	282	863	702	21.983
Veltufé frá rekstri	4.921	0	1.094	384	153	10	8	14.735	422	391	291	22.269
Eiginfjárluþfall	50,3%		89,5%	39,2%	70,3%	20,5%		34,2%	67,0%	62,4%	67,0%	42,0%
Arðsemi eigin fjár	-9,7%		4,2%	14,2%	10,2%	-13,4%		4,2%	26,5%	21,2%	9,2%	-1,1%
Veltufjárluþfall	1,34		4,45	0,11	2,29	4,34		0,67	0,84	2,75	1,81	0,96
Skuldséttningarhlutfall	50,1%		7,8%	146,6%	0,0%	352,9%		167,6%	18,9%	20,8%	7,4%	104,7%
Vaxtabekja, EBIT/netto vextir								4,29				
Vaxtabekja, EBITDA/netto vextir								7,07				
Skuldabekja, EBIT/(gr. afb.-netto vextir)								0,76				
Skuldabekja, EBITDA/(gr. afb.-netto vextir)								1,25				
Uppgreiðslutími	6,46		0,74	58,16				10,00	0,57	0,82	0,61	8,21
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	0,07			16,4%				51,2%			21,2%	16,4%
Framlegð/rekstrartekjur	-0,07							63,4%				

Skýringar

Eiginfjárluþfall Eigið fé á móti heildarfjármagni. Sýnir fjárhagslegan styrk fyrirtækis (tappöl).

Arðsemi eigin fjár Hagnaður á móti eigið fé. Segir til um ávöxtun eigin fjár í fyrirtæki

Veltufjárluþfall Veltufjármunir á móti skammtímaskuldum. Sýnir hæf fyrirtækis að innna af hendi skuldagreiðslur á næstu mánuðum.

Skuldséttningarhlutfall Langtímaskuldur á móti eigin fé. Sýnir fjárhagslega áhættu af skuldséttningu fyrirtækis.

Vaxtabekja, EBIT/netto fjárm. Rekstra miðurstæða fyrir fjármagnisliði á móti vaxtagreiðslum

Vaxtabekja, EBITDA/netto fjárm. Rekstra miðurstæða fyrir fjármagnisliði, skatta, afborganir og afskriftir (EBITDA) á móti vaxtagreiðslum

Skuldabekja, EBIT/(gr. afb.-netto fjárm.) Rekstra miðurstæða fyrir fjármagnisliði, skatta, afborgunum og vaxtagreiðslum

Skuldabekja, EBITDA/(gr. afb.-netto fjárm.) Rekstra miðurstæða fyrir fjármagnisliði, skatta, afborganir og afskriftir (EBITDA) á móti afborgunum og vaxtagreiðslum

Uppgreiðslutími skulda (ár) Langtímaskuldur á móti veltufé frá rekstri.

Viðauki 2: Um B hluta fyrirtæki

Fyrirtæki í B hluta eru afar mismunandi hvað varðar þjónustuhlutverk, rekstrarform, rekstrarumfang og fjárhagslega stöðu og styrk. Í meðfylgjandi greinargerð um B hluta fyrirtækin er reynt í stuttu máli að varpa ljósi á rekstur, afkomu og fjárhagslega stöðu. Í þessu sambandi blasir við hvað B hluta fyrirtækin hafa flest fjarlægst hratt borgarráð og stjórnsýslu Reykjavíkurborgar og þekking og innsýn í rekstur þeirra og fjárhagsstöðu fer að sama skapi dvínandi. Samtímis er ljóst að Reykjavíkurborg ber ýmist beina eða óbeina ábyrgð á þessum fyrirtækjum og þjónustuhlutverkum þeirra og afkoma fyrirtækjanna getur haft afdrifarík áhrif á stöðu A hluta borgarsjóðs.

Byggðasamlögin, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, Sorpa og Strætó, eru samrekstrarfélög sveitarfélaga sem hvert um sig ber fulla og ótakmarkaða ábyrgð á rekstrinum. Í þessu ljósi er mikilvægt að ákvarðanir um fjárhagsskipan og fjárfestingar séu teknar með virkri aðkomu borgarráðs og hlutaðeigandi bæjarráða. Þá er einnig æskilegt að hlutaðeigandi sveitarfélög fjármagni sjálf aukin framlög eigenda vegna rekstrar eða fjárfestinga byggðasamlaða fremur en að fyrirtækin safni upp skuldum. Ennfremur ættu þau að gera upp lífeyrisskuldbindingar með samtímagreiðslum.

Félagsbústaðir er hlutafélag í 100% eigu Reykjavíkurborgar sem var stofnað 8. apríl 1997 um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis sem félagslegs úrræðis á ábyrgð eigandans. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Fyrirtækið gerir ársreikning sinn á grundvelli gangverðs eigna enda er fyrirtækið á skuldabréfamarkaði í kauphöll. Félagsbústaðir hf. eiga og reka yfir 2200 leiguíbúðir í Reykjavík.

Fyrirtækið **Faxaflóahafnir** er rekið sem sameignarfélag Reykjavíkurborgar, Akraneskaupstaðar, Hvalfjarðarsveitar, Skorradalshrepps og Borgarfjarðarsveitar og er eignarhlutur borgarsjóðs 75,551%. Í þessu rekstrarformi felst að eigendur bera sameiginlega ábyrgð á rekstrinum. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Fyrirtækið á og rekur fjórar hafnir, Reykjavíkurhöfn, Grundartangahöfn, Akraneshöfn og Borgarneshöfn.

Malbikunarstöðin Höfði hf. er 99% í eigu Borgarsjóðs Reykjavíkur og 1% í eigu Aflvaka hf. en við stofnun fyrirtækisins á árinu 1996 sameinuðust tvö borgarfyrirtæki, Malbikunarstöð Reykjavíkurborgar og Grjótnám Reykjavíkurborgar, í eitt hlutafélag. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Fyrirtækið gerir ársreikning sinn samkvæmt lögum um ársreikninga. Malbiksmarkaður er að mestu í höndum tveggja fyrirtækja, Höfða og Hlaðbæjar Colas sem er í erlendri eigu.

Orkuveita Reykjavíkur er sjálfstætt þjónustufyrirtæki. Við stofnun þess árið 1999 samanstóð fyrirtækið af Rafmagnsveitu Reykjavíkur, Hitaveitu Reykjavíkur, Vatnsveitu Reykjavíkur, Akranesveitu, Andakílsárvirkjun og Hitaveitu Borgarness. Starfssvæði Orkuveitu Reykjavíkur hefur stækkað umtalsvert og þjónustusvæðið nær nú til Suður- og Vesturlands auk höfuðborgarsvæðisins. Orkuveita Reykjavíkur sem er langstærsta fyrirtækið í B hluta borgarinnar og stórfyrirtæki á landsvísi, er rekið sem sameignarfyrirtæki samkvæmt sérstökum lögum. Eigendur auk borgarinnar sem á 93,539% hlut eru Akraneskaupstaður og Borgarbyggð. Reikningsskilaaðferðir samkvæmt alþjóðlegum stöðlum (IFRS) voru teknar upp við gerð ársreiknings 2007.

Þann 1. janúar 2014 kom til framkvæmda það ákvæði raforkulaga sem gerir fyrirtækjum á þeim markaði skyld að skilja á milli sérleyfis- og samkeppnishluta starfseminnar. Þá tók Orka náttúrunnar ohf., dótturfélag sem er alfarið í eigu Orkuveitu Reykjavíkur, til starfa á samkeppnismarkaði raforku en félagið var stofnað til að uppfylla þetta lagaákvæði. Veitubjónustan verður áfram rekin undir merkjum Orkuveitu Reykjavíkur, bæði þau lögbundnu skylduverkefni sveitarfélaga sem vatns- og fráveita eru og sérleyfisþjónusta rafmagns- og hitaveitu. Í móðurfélagi breyttrar samstæðu, Orkuveitu Reykjavíkur, verður sameignleg stoðþjónusta við dótturfélög s.s. fjármál, gæða, umhverfis- og öryggismál auk sameiginlegs þjónustusviðs.

Íprótta- og sýningarhöllin hf. er sjálfstætt fyrirtæki í 50% eigu borgarinnar og að jafnstórum hlut í eigu Samtaka iðnaðarins. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Fyrirtækið gerir upp ársreikning sinn samkvæmt lögum um ársreikninga.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs er byggðasamlag sem sinnir slökkvistarfi, sjúkraflutningum, forvörnum, almannavörnum og öðrum verkefnum sem stjórn SHS ákveður hverju sinni og varða velferð íbúa, enda falli þau að tilgangi SHS og séu ekki falin öðrum til úrlausnar í lögum. Stofnendur og eigendur SHS eru sex sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Hafnarfjarðarbær, Garðabær, Mosfellsbær og Seltjarnarneskaupstaður. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs er í 60,82% eigu borgarsjóðs. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn.

Sorpa bs er 66,7% í eigu Reykjavíkurborgar sem á það með nágrannasveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Sorpa annast urðun og meðferð sorps og rekur endurvinnslustöðvar.

Strætó bs er byggðasamlag í eigu Reykjavíkurborgar og nokkurra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Eignarhlutur borgarsjóðs er 60,3%. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn og annast almenningsgöngur á höfuðborgarsvæðinu.

Jörundur er einkahlutafélag í 100% eigu Reykjavíkurborgar. Fyrirtækið á og rekur fasteignina Austurstræti 22. Fasteignin var seld í byrjun október.

Aflvaki er hlutafélag í 95,7% eigu Reykjavíkurborgar og fyrirtækja í samstæðu hennar. Fyrirtækið var ekki í rekstri það sem af er árinu 2015.

Viðauki 3: Árshlutauppgjör Aðalsjóðs

Fjárhæðir í þús. kr.

Rekstrarreikningur janúar - september 2015

	Árshlutareikningur jan. - sept. 2015	Fjárhagsáætlun jan. - sept. 2015	Árshlutareikningur jan. - sept. 2014
REKSTRARTEKJUR			
Skatttekjur	52.647.108	52.122.823	49.546.956
Framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga	4.145.187	4.484.790	3.911.547
Aðrar tekjur	10.635.506	10.084.940	9.794.673
Rekstrartekjur samtals	67.427.800	66.692.553	63.253.176
REKSTRARGJÖLD			
Laun og launatengd gjöld	33.740.498	33.350.063	31.150.207
Hækkun lífeyris skuldbindinga	10.000.000	1.725.002	1.724.587
Annar rekstrarkostnaður	38.951.868	39.145.597	37.016.819
Rekstrargjöld samtals	82.692.366	74.220.662	69.891.613
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(15.264.566)	(7.528.109)	(6.638.437)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	3.912.815	3.779.245	3.382.156
Rekstrarniðurstaða	(11.351.751)	(3.748.865)	(3.256.281)

Efnahagsreikningur 30. september 2015

	Árshlutareikningur 30.09.2015	Ársreikningur 2014
EIGNIR		
FASTAFJÁRMUNIR		
Áhættufjármunir og langtímakröfur:		
Eignarhlutir í félögum	8.217.535	8.399.355
Langtímakröfur, víkjandi skuldabréf	12.912.510	12.574.986
Langtímakröfur	36.008.732	35.618.870
Fastafjármunir samtals	57.138.777	56.593.211
VELTUFJÁRMUNIR		
Skammtímakröfur:		
Óinnheimtar tekjur	5.977.025	6.418.106
Næsta árs afborganir langtímakrafna	4.709.984	2.776.207
Viðskiptakröfur á eigin fyrirtæki	148.214	158.683
Aðrar skammtímakröfur	2.467.614	1.685.750
Handbært fé	8.353.438	7.993.077
Veltufjármunir samtals	21.656.275	19.031.823
EIGNIR SAMTALS	78.795.052	75.625.034

Efnahagsreikningur 30. september 2015

	Árshlutareikningur 30.09.2015	Ársreikningur 2014
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ		
EIGIÐ FÉ		
Eiginfjárreikningur	40.382.785	51.734.535
Eigið fé samtals	40.382.785	51.734.535
 SKULDBINDINGAR		
Lífeyris skuldbinding	21.969.557	13.230.500
Skuldbindingar samtals	21.969.557	13.230.500
 SKAMMTÍMASKULDIR		
Viðskiptaskuldir	1.262.179	1.898.982
Næsta árs afborganir lífeyris skuldbindingar	1.621.000	1.621.000
Skuldir við eigin fyrirtæki	6.214.534	1.254.478
Aðrar skammtímaskuldir	7.344.997	5.885.538
Skammtímaskuldir samtals	16.442.710	10.659.999
Skuldir og skuldbindingar samtals	38.412.267	23.890.499
 SKULDIR OG EIGIÐ FÉ SAMTALS	78.795.052	75.625.034

Yfirlit yfir sjóðstreymi janúar - september 2015

	Árshlutareikningur jan. - sept. 2015	Fjárhagsáætlun jan. - sept. 2015	Árshlutareikningur jan.- sept. 2014
REKSTRARHREYFINGAR			
Niðurstaða samkvæmt rekstrarreikningi	(11.351.751)	(3.748.865)	(3.256.281)
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Verðbætur og gengismunur langtímakrafna	(1.385.928)	(1.332.836)	(811.928)
Breyting lífeyrisskuldbindinga	10.000.000	1.725.000	1.724.587
Niðurfærsla langtímakrafna	231.820	0	0
Veltufé frá rekstri	(2.505.858)	(3.356.701)	(2.343.623)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Óinnheimtar tekjur (hækkun), lækkun	441.080	0	1.855.810
Aðrar skammtímakröfur, (hækkun), lækkun	(781.864)	0	(570.331)
Skammtímaskuldir, (lækkun), hækkun	822.655	0	1.440.243
Greiðslur vegna lífeyrisskuldbindingar	(1.260.943)	(1.312.500)	(1.091.020)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	(779.071)	(1.312.500)	1.634.702
Handbært fé frá rekstri	(3.284.929)	(4.669.201)	(708.921)
FJÁRFESTINGARHREYFINGAR			
Eignarhlutar í félögum, breyting	(50.000)	(217.583)	(190.334)
Verðbréf, breyting	(1.275.236)	2.466.983	2.708.888
Fjárfestingarhreyfingar	(1.325.236)	2.249.401	2.518.555
FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR			
Eigin fyrirtæki, breyting	4.970.525	(210.866)	(864.252)
Fjármögnunarhreyfingar	4.970.525	(210.866)	(864.252)
HÆKKUN (LÆKKUN) Á HANDBÆRU FÉ	360.360	(2.630.666)	945.382
HANDBÆRT FÉ Í ÁRSBYRJUN	7.993.077	6.833.319	9.561.204
HANDBÆRT FÉ Í LOK TÍMABILS	8.353.438	4.202.653	10.506.586

Viðauki 4: Árshlutauppgjör Eignasjóðs

Fjárhæðir í þús. kr.

Rekstrarreikningur janúar til september 2015

	Árshlutareikningur jan.-sept. 2015	Fjárhagsáætlun jan.-sept. 2015	Árshlutareikningur jan.-sept. 2014
REKSTRARTEKJUR			
Leigutekjur	12.716.338	12.900.911	11.814.653
Aðrar tekjur	3.487.528	3.638.528	2.492.631
Rekstrartekjur samtals	16.203.866	16.539.439	14.307.284
REKSTRARGJÖLD			
Laun og launatengd gjöld	1.177.143	1.171.695	1.100.318
Annar rekstrarkostnaður	5.010.007	4.451.660	4.238.058
Afskriftir	3.051.102	3.009.616	2.815.240
Rekstrargjöld samtals	9.238.252	8.632.972	8.153.615
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	6.965.614	7.906.468	6.153.668
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(4.706.580)	(4.328.667)	(3.487.699)
Rekstrarniðurstaða	2.259.034	3.577.801	2.665.969

Efnahagsreikningur 30. september 2015

	Árshlutareikningur 30.9.2015	Árseikningur 2014
EIGNIR		
FASTAFJÁRMUNIR		
Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Fasteignir og lóðir	89.333.425	87.461.269
Götur	12.514.730	12.448.152
Áhöld og tæki	3.606.518	3.258.484
Leigugeignir	7.810.707	7.647.709
	113.265.380	110.815.614
Áhættufjármunir og langtímakröfur:		
Langtímakröfur	729.385	743.575
	729.385	743.575
Fastafjármunir samtals	113.994.764	111.559.189
VELTUFJÁRMUNIR		
Skammttímakröfur:		
Viðskiptakröfur	707.841	441.590
Næsta árs afborganir langtímakrafna	210.217	185.049
Inneign hjá Aðalsjóði	5.470.884	726.445
Aðrar skammttímakröfur	1.219.429	499.123
Handbært fé	398.762	11.076
Veltufjármunir samtals	8.007.132	1.863.283
EIGNIR SAMTALS	122.001.897	113.422.472

Efnahagsreikningur 30. september 2015

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ	Árshlutareikningur 30.9.2015	Ársreikningur 2014
EIGIÐ FÉ		
Eiginfjárreikningar	37.396.758	35.137.724
	37.396.758	35.137.724
LANGTÍMASKULDIR		
Langtímaskuldir	64.174.037	59.967.881
Leiguskuldir	12.324.342	11.755.749
Langtímaskuldir samtals	76.498.379	71.723.630
SKAMMTÍMASKULDIR		
Viðskiptaskuldir	951.327	1.393.569
Viðskiptaskuldir	951.327	1.393.569
Næsta árs afborganir langtímaskulda	4.090.755	3.908.513
Næsta árs afborganir leiguskulda	722.457	637.787
Aðrar skammtímaskuldir	2.342.221	621.250
Skammtímaskuldir samtals	8.106.760	6.561.119
Skuldir samtals	84.605.139	78.284.748
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ SAMTALS	122.001.897	113.422.472

Yfirlit yfir sjóðstreymi janúar - september 2015

	Árshlutareikningur jan.-sept. 2015	Fjárhagsáætlun jan.-sept. 2015	Árshlutareikningur jan.-sept. 2014
REKSTRARHREYFINGAR			
Niðurstaða samkvæmt rekstrarreikningi	2.259.034	3.577.801	2.665.969
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	3.051.102	3.009.616	2.815.240
Sölutap (-hagnaður) eigna	(731.222)	(1.455.000)	29.181
Verðbætur og gengismunur krafna/skulda	2.182.037	3.009.617	1.128.287
Veltufé frá rekstri	6.760.950	8.142.033	6.638.677
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Aðrar skammtímakröfur, (hækkun) lækkun	(986.557)	0	(330.468)
Skammtímaskuldur, hækkun (lækkun)	1.278.730	0	1.102.921
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	292.173	0	772.453
Handbært fé frá rekstri	7.053.123	8.142.033	7.411.130
FJÁRFESTINGAHREYFINGAR			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjámunum	(6.824.224)	(7.048.260)	(5.409.890)
Innborguð gatnagerðargjöld	1.313.529	1.425.000	1.039.088
Sala byggingaréttar	731.400	1.030.000	332.803
Söluverð fasteigna	9.651	165.000	356.250
Langtímakröfur, breyting	(7.129)	189.112	(241.889)
Fjárfestingahreyfingar	(4.776.774)	(4.239.148)	(3.923.637)
FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR			
Tekin ný lán	4.056.202	1.640.183	2.234.037
Afborganir langtímalána	(1.200.426)	(1.461.527)	(6.403.361)
Krafa á Aðalsjóð, breyting	(4.744.439)	(2.450.908)	674.850
Fjármögnunarhreyfingar	(1.888.663)	(2.272.252)	(3.494.474)
HÆKKUN (LÆKKUN) Á HANDBÆRU FÉ	387.686	1.630.633	(6.982)
HANDBÆRT FÉ Í ÁRSBYRJUN	11.076	199.259	210.717
HANDBÆRT FÉ Í LOK TÍMABILS	398.762	1.829.892	203.735

Viðauki 5: Árshlutauppgjör Bílastæðasjóðs

Fjárhæðir í þús. kr.

Rekstrarreikningur janúar - september 2015

	Árshlutareikningur jan. - sept. 2015	Fjárhagsáætlun jan. - sept. 2015	Árshlutareikningur jan. - sept. 2014
REKTRARTEKJUR			
Þjónustugjöld og álagningar	687.582	638.442	575.759
Aðrar tekjur	71.674	0	67.560
Rekstrartekjur samtals	759.256	638.442	643.319
REKSTRARGJÖLD			
Laun og launatengd gjöld	146.282	162.584	137.404
Breyting lífeyris skuldbindingar	9.752	8.250	8.938
Annar rekstrarkostnaður	334.204	322.412	277.986
Afskriftir	56.372	65.250	56.093
Rekstrargjöld samtals	546.609	558.496	480.420
Rekstrarniðurstæða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	212.647	79.946	162.899
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	62	0	43
Rekstrarniðurstæða	212.708	79.946	162.942

Efnahagsreikningur 30. september 2015

	Árshlutareikningur 30.09.2015	Ársreikningur 2014
EIGNIR		
FASTAFJÁRMUNIR		
Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Fastafjármunir	<u>1.489.210</u>	<u>1.522.853</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:		
Eignarhlutur í félögum	<u>919</u>	<u>771</u>
	<u>919</u>	<u>771</u>
Fastafjármunir samtals	<u>1.490.129</u>	<u>1.523.624</u>
VELTUFJÁRMUNIR		
Skammtímakröfur:		
Viðskiptakröfur	68.146	52.066
Aðrar kröfur	1.317	1.559
Aðalsjóður	727.671	514.086
Handbært fé	<u>1.431</u>	<u>517</u>
Veltufjármunir samtals	<u>798.566</u>	<u>568.228</u>
EIGNIR SAMTALS	<u>2.288.694</u>	<u>2.091.852</u>

Efnahagsreikningur 30. september 2015

	Árshlutareikningur 30.09.2015	Ársreikningur 2014
SKULDIR OG EIGÐ FÉ		
EIGÐ FÉ		
Eiginfjárreikningur	<u>2.020.348</u>	<u>1.807.640</u>
SKULDBINDINGAR		
Lífeyris skuldbindingar	<u>216.396</u>	<u>216.396</u>
SKAMMTÍMASKULDIR		
Viðs kiptas kuldir	14.978	30.909
Skammtímahluti lífeyris skuldbindingar	13.200	13.200
Ýmsar skammtímaskuldir	<u>23.772</u>	<u>23.706</u>
Skammtímaskuldir samtals	<u>51.950</u>	<u>67.815</u>
Skuldir og skuldbindingar samtals	<u>268.346</u>	<u>284.211</u>
SKULDIR OG EIGÐ FÉ SAMTALS	<u><u>2.288.694</u></u>	<u><u>2.091.852</u></u>
<i>Skuldbindingar og ábyrgðir utan efnahags</i>	<u>844.231</u>	<u>798.237</u>

Yfirlit yfir sjóðstreymi janúar - september 2015

	Árshlutareikningur jan. - sept. 2015	Fjárhagsáætlun jan. - sept. 2015	Árshlutareikningur jan. - sept. 2014
REKSTRARHREYFINGAR			
Niðurstaða samkvæmt rekstrarreikningi	212.708	79.946	162.942
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	56.372	65.250	56.093
Breyting á lífeyrisskuldbindingu	9.752	8.250	8.938
Veltufé frá rekstri	278.832	153.446	227.972
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Aðrar skammtímakröfur, lækkun	(15.839)	0	(52.791)
Skammtímaskuldir, hækkun	(15.865)	0	(3.001)
Greiðslur vegna lífeyrisskuldbindingar	(9.752)	0	(8.938)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	(41.456)	0	(64.730)
Handbært fé frá rekstri	237.376	153.446	163.242
FJÁRFESTINGAHREYFINGAR			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum ..	(22.728)	(525.000)	(40.599)
Fjárfesting í bílastæðum	0	0	(93.323)
Eignarhlutar í félögum, breyting	(148)	0	0
Fjárfestingahreyfingar	(22.876)	(525.000)	(133.922)
FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR			
Breyting inneignar/skuldar við Aðalsjóð	(213.586)	222.900	(28.713)
Fjármögnunarhreyfingar	(213.586)	222.900	(28.713)
HÆKKUN Á HANDBÆRU FÉ	914	(149)	607
HANDBÆRT FÉ Í ÁRSBYRJUN	517	517	402
HANDBÆRT FÉ Í LOK TÍMABILS	1.431	369	1.009

Viðauki 6: Innheimtuárangur

Fjárhæðir í þús.kr.

Innheimta

	30.09.2015		30.09.2014	
	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð
Kröfur í milliinnh.	15.598	571.204	15.018	505.005
Mál í löginheimtu	1.608	206.801	2.262	245.013
Samtals	17.206	778.005	17.280	750.018

Innheimtuhlutfall fasteignagjalda 2003-2015

Taflan hér fyrir neðan sýnir hversu hátt hlutfall fasteignagjalda innheimtist á álagningarári þeirra, innheimtuhlutföll fyrri ára miðast við heilt ár.

Álagning 2015 innheimt 2015	94,89%
Álagning 2014 innheimt 2014	97,99%
Álagning 2013 innheimt 2013	97,90%
Álagning 2012 innheimt 2012	97,03%
Álagning 2011 innheimt 2011	96,14%
Álagning 2010 innheimt 2010	93,60%
Álagning 2009 innheimt 2009	91,62%
Álagning 2008 innheimt 2008	96,64%
Álagning 2007 innheimt 2007	98,16%
Álagning 2006 innheimt 2006	98,15%
Álagning 2005 innheimt 2005	97,62%
Álagning 2004 innheimt 2004	96,84%
Álagning 2003 innheimt 2003	95,57%

Taflan hér fyrir neðan sýnir hversu hátt hlutfall fasteignagjalda hvers árs hefur innheimst 30. september 2015:

	30.09.2015
Álagning 2015 innheimt 2015	94,89%
Álagning 2014 innheimt 2015	99,46%
Álagning 2013 innheimt 2015	99,93%
Álagning 2012 innheimt 2015	99,98%
Álagning 2011 innheimt 2015	99,99%
Álagning 2010 innheimt 2015	99,95%
Álagning 2009 innheimt 2015	99,98%
Álagning 2008 innheimt 2015	99,99%
Álagning 2007 innheimt 2015	100,00%
Álagning 2006 innheimt 2015	100,00%
Álagning 2005 innheimt 2015	100,00%
Álagning 2004 innheimt 2015	100,00%
Álagning 2003 innheimt 2015	100,00%

Heildarinnheimtuhlutfall allra krafna borgarinnar 30. september 2015:

2015	94,90%
2014	99,22%
2013	99,62%
2012	99,76%
2011	99,90%
2010	99,96%
2009	99,98%